


skoðun 22

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Rúm






Vintage-föt á hverju strái
*Verslunum sem selja notaðan gamlan tískufatnað hefur snarfjölgað síðustu árin.*
allt 6


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
7. október 2010
235. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000


**Geðheilbrigði eflt**
*Tónleikar til styrktar sjóðnum Þú getur! verða haldnir í kvöld.*
tímamót 28



**Á hraðri uppleið**
*Fimmta plata Kings of Leon gæti skotið sveitinni í hæstu hæðir vinsældapoppsins.*
tónlist 40

**Guðjón á Vestfirði**
*Guðjón Þórðarson er nýr þjálfari 1. deildarliðs BÍ/ Bolungarvíkur.*
sport 48




**veðrið í dag**




**LÉTTIR TIL** norðan- og austanlands en sunnan- og vestantil má búast við skúrum. Vindur verður fremur hægur og hiti á bilinu 4 til 12 stig.
VEÐUR 4

# 200 milljarða tilboði hafnað

**Stofnandi matvörukeðjunnar Iceland lagði fram tvö hundruð milljarða króna tilboð í fyrirtækið fyrir fjórum mánuðum. Landsbankinn tók því ekki. Verðmæti allra eigna gamla Landsbankans er áætlað 1.177 milljarðar.**

**VIÐSKIPTI** Malcolm Walker, stofnandi og forstjóri bresku lágvöruverðskeðjunnar Iceland Foods, gerði tilboð í fyrirtækið fyrir fjórum mánuðum upp á einn milljarð breskra punda, jafnvirði um tvö hundruð milljarða íslenskra króna. Skilanefnd Landsbankans, sem fer með tæplega sjötíu prósenta hlut í Iceland Foods, leit ekki við því, samkvæmt staðfestum heimildum Fréttablaðsins.

Walker og stjórnendur Iceland Foods eiga 21 prósent í fyrirtækinu en skilanefnd Glitnis tíu prósent. Ekki liggur fyrir hvort um formlegt eða óformlegt tilboð var að ræða.

Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans, kannast ekki við að tilboð hafi borist frá Walker. „Þetta er sterkt og gott félag og eðlilegt að menn sýni því áhuga," segir hann. Skilanefndin stefni á að selja fyrirtækið þegar forsendur eru til þess og viðunandi tilboð berist.

Malcolm Walker stofnaði Iceland Foods árið 1970. Fyrirtækið var fært undir móðurfélagið Big Food Group um síðustu aldamót og var Walker látinn taka pokann sinn. Baugur Group og Fons keyptu félagið árið 2005 ásamt öðrum fjárfestum og gömlu bönkunum. Samstæðunni var skipt upp og Walker ráðinn til Iceland á ný.

Viðsnúningur Walkers á rekstri verslunarinnar þykir með eindæmum enda hefur hún malað gull í efnahagsþrengingunum í Bretlandi. Rekstrarhagnaður nam 135,4 milljónum punda, jafnvirði 25,6 milljarða króna, í fyrra og hefur aldrei verið meiri. Þá námu arðgreiðslur til fyrri eigenda 39 milljörðum króna fyrir þremur árum og var það stærsta arðgreiðsla Íslandssögunnar. Arður var ekki greiddur í fyrra. Þess í stað voru áhvílandi skuldir greiddar upp. Walker sagði, í samtali við breska fjölmiðla fyrr á árinu, verslunina líklega verðmætustu eign Íslendinga.

Viðmælendur Fréttablaðsins eru tvíbentir í afstöðu sinni til tilboðsins. Erfitt sé að verðmeta bresk fyrirtæki nú um stundir og því óvíst hvort einn milljarður punda sé viðunandi fyrir gullnámu á borð við Iceland Foods. Þá kunni eignaverð í Bretlandi að hækka í kringum Ólympíuleikana sem haldnir verða í Lundúnum eftir tvö ár. Á móti geti verið hagstætt fyrir skilanefndina að losa sem fyrst um stórar eignir á borð við Iceland Foods, styrkja lausafjárstöðuna og greiða upp í kröfur, svo sem Icesave-skuldina.

jonab@frettabladid.is

## Eignir gamla Landsbankans lágt metnar

Í lok júní var áætlað verðmæti allra eigna gamla Landsbankans 1.177 milljarðar króna. Þar af var virði dótturfélaga bankans, sem Iceland Foods fellur undir, metið á 83 milljarða króna. Þetta þykir afar varfærið mat, ekki síst með tilliti til tilboðs Malcolms Walker. Skilanefndin kynnir nýtt verðmat í byrjun desember. Eftir því sem næst verður komist gæti eignastaðan batnað verulega, ekki síst þar sem við bætist krafa skilanefndar á hendur þrotabúi Landsbankans í Lúxemborg. Verðmiði fékkst á kröfuna í kjölfar samkomulags við evrópska seðlabankann í Lúxemborg í júlí. Skilanefndin hefur fram til þessa gert ráð fyrir að geta greitt 89 prósent af forgangskröfum. Ekki er þó útilokað að bankinn geti greitt þær svo til að fullu.



**RÓIÐ Í RJÓMABLÍÐU** Halla Hreggviðsdóttir og Össur Imsland, félagar í Kajakklúbbnum, nutu veðurblíðu gærdagsins á sjókajak við Geldinganes. „Kajakklúbburinn er mjög virkur klúbbur, við róum alltaf saman á laugardögum klukkan tíu en þegar veður leyfir eins og í rjómablíðunni í gær er kjörið að bæta við ferð," segir Össur. „Ég reyni að fara að lágmarki einu sinni í viku en helst tvisvar til þrisvar." FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björk gagnrýnir Magma-málið:

## Vill ekki einkavæða auðlindir

**NÁTTÚRUVERND „Maður heyrir að fólki finnist að sérstaklega núna í kreppunni höfum við ekki efni á að hlífa náttúrunni," segir Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.**

**„En ef við seljum aðgang að auðlindunum og afsölum okkur ábyrgð á náttúrunni erum við um leið að horfa framhjá þeirri leið sem langflestir ráðgjafar hafa ráðlagt okkur að fara: að halda auðlindunum okkar sjálf, að vernda náttúruauðlindir okkar og vera ábyrg í nýtingu þeirra."**

**Í greininni hvetur Björk fólk til að fjölmenna á málþing í Háskóla Íslands í dag þar sem Magma-málið verður til meðferðar.**

**- pg / sjá bls. 26**

Framsókn og Hreyfingin ætla að sækja samráðsfund með ríkisstjórninni í dag:

## Sjálfstæðismenn hunsa fundinn

**ALÞINGI** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki taka þátt í samstarfi við ríkisstjórn á meðan hún stefni í ranga átt í efnahagsmálum.

Ríkisstjórnin hefur boðað fulltrúa stjórnarandstöðuflokka aftur til fundar í dag til að ræða skuldastöðu heimilanna, en sjálfstæðismenn munu ekki mæta þar.

Í tilkynningu frá Bjarna segir hann að þau mál séu komin í óefni sökum mistaka ríkisstjórnarinnar, sem nú vilji að stjórnarandstaðan hlaupi undir bagga.

Sjálfstæðisflokkurinn muni ekki taka þátt í þess háttar samstarfi, heldur vinna að hagsmunagæslu fyrir heimilin á vettvangi þingsins.

Hann bætir því við að þjóðin þurfi nýja ríkisstjórn, „sem starfar á grundvelli endurreisnarstefnu".

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði í samtali við Fréttablaðið að framsóknarmenn myndu senda fulltrúa á fundinn, en sagðist hóflega bjartsýnn á framhald samstarfsins. „Við erum enn tilbúnir að styðja öll góð mál frá stjórninni."

Þór Saari sagði Hreyfinguna myndu senda fulltrúa. „En sporin hræða, því að ríkisstjórnin segist vera búin að ræða þessi mál í eitt og hálft ár og það hefur ekkert komið út úr því enn. En við förum á þennan fund og gefum þessu einn séns enn." - þj


FJÓRAR NÝJAR HERRAMANNABÆKUR!



www.forlagid.is

NÚ LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST!
BÍLAOUTLET
Dæmi um ÓTRÚLEGA GOTT VERÐ á okkar bílum



Range Rover SPORT
Ek. 56 þús. Nýskr. 07/06. Ssk.
Verð áður: 6.490 þús. kr.
OUTLETVERÐ
5.390 þús. kr.
VIÐ ERUM Á KLETTHÁLSI 11
BÍLAOUTLET

## SPURNING DAGSINS



*Bjarni, getur Evrópusambandið ekki alltaf á sig blómum bætt?*

„Jú, heilu blómahafi.“

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, sagði í Fréttablaðinu í gær að miðað við reynslu á öðrum Norðurlöndum myndi aðild Íslands að Evrópusambandinu valda samdrætti í innlendri blómaframleiðslu.

Ríkissaksóknari ákærir par sem tók myndir af nöktum stúlkum í leyfisleysi:

# Mynduðu tíu stúlkur í sturtu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært par fyrir að að taka 64 myndir af tíu ungum stúlkum, sumum yngri en átján ára, þar sem þær voru í sturtu, og að varðveita myndirnar. Málið er höfðað fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Myndatökurnar hófust 1. apríl á þessu ári og stóðu yfir þar til stúlkurnar tóku eftir að verið var að mynda þær ítrekað í sturtunni og gerðu athugasemdir. Málið var kært til lögreglu í kjölfarið.

Stúlkurnar tíu sem um ræðir eru leikmenn knattspyrnudeildar Völsungs á Húsavík. Stúlkan sem tók myndirnar með símanum sínum var einnig í liðinu og hafði því aðstöðu til að taka sturtumyndirnar. Hún er ákærð, ásamt manninum, sem er rúmlega tvítugur, fyrir að hafa skipulagt myndatökurnar. Þá er stúlkan ákærð fyrir að hafa tekið myndirnar og afhent manninum þær. Hann er ákærður fyrir að hafa gefið stúlkunni fyrirmæli um myndatökurnar, tekið við myndunum og geymt hluta þeirra á fartölvu heima hjá sér.

Parið er ákært brot á fyrir 209. grein almennra hegningarlaga sem varðar blygðunarsemisbrot og lostugt athæfi. - jss



**GEYMDAR Í TÖLVU** Hluti myndanna var geymdur í fartölvu á heimili mannnsins. Einnig fundust þær í síma stúlkunnar.

Borgarafundir og mótmæli:

# Boða til mótmæla í Eyjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Hópur fólks hefur ákveðið að efna til mótmæla á Stakkagerðistúni í Vestmannaeyjum klukkan 16.30 í dag. Mótmælin beinast að niðurskurði í heilbrigðismálum og hyggst fólkið mynda hring utan um Sjúkrahúsið í Eyjum.

Svipaða sögu er að segja víðsvegar af landsbyggðinni. Borgarafundur hefur til að mynda verið boðaður í íþróttahöllinni á Húsavík klukkan 17 og í íþróttahúsinu á Ísafirði klukkan 21. - þj

Dæmt í vændiskaupamáli:

# Skal greiða sekt vegna vændis

**DÓMSMÁL Maður var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær til að greiða átatíu þúsund krónur í sekt vegna vændiskaupa. Annar maður, sem einnig var ákærður fyrir vændiskaup, var sýknaður.**

**Sá sem dæmdur var hafði verið ákærður fyrir að kaupa vændi í tvígang og greiða fyrir það fjörutíu þúsund krónur samtals. Hann var sakfelldur fyrir annað tilvikið.**

**Mennirnir kváðust hafa verið að greiða fyrir nudd. Stúlka sem í hlut átti sagðist hins vegar hafa í eitt skipti átt samfarir við þann sem dæmdur var, en mundi ekki við hverja sá sýknaði hafði átt samskipti.** - jss

Vill svör frá þingforseta:

# Spyr um níumenningana

**ALÞINGI** Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, krefst svara frá forseta Alþingis um málefni svokallaðra níumenninga, sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi.



**MÖRÐUR ÁRNASON**

Mörður hefur lagt fram fyrirspurn í þinginu, þar sem hann óskar eftir svörum við því með hvaða hætti forseti Alþingis ræðir um 100. grein hegningarlaga í rannsóknarbeiðni sem hann sendi til lögreglu.

Þá spyr hann forsetann, samflokkskonu sína Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, hvort hún telji að sú grein hegningarlaganna, sem kveður á um árás á Alþingi svo því eða sjálfræði þess sé hætta búin, eigi við um atvikin sem vísað er til í ákærunni. - sh

# Þingið svipti flesta brotaþola bótunum

**Fæst fórnarlömb afbrota fá nokkru sinni bætur sem þeim eru dæmdar eftir lagabreytingu frá því í fyrra. Ríkið aðstoðar ekki nema bæturnar séu yfir 400 þúsund krónum. Breytingin á að spara ríkissjóði um sextíu milljónir á ári.**

**DÓMSMÁL** Lagabreyting frá síðasta ári gerir það að verkum að sárafá fórnarlömb afbrota fá nokkru sinni bætur sem þeim eru dæmdar fyrir tjónið. Breytingin á að spara ríkinu um 60 milljónir á ári.

Fram til 1. júlí í fyrra ábyrgðist ríkissjóður greiðslu bóta til fórnarlamba afbrota ef bæturnar námu 100 þúsund krónum eða meira. Það var síðan ríkissjóðs að innheimta bæturnar af gerandanum.

Þessu var hins vegar breytt í fyrrasumar með svokölluðum bandormi um ráðstafanir í ríkisfjármálum, á þann veg að lágmarksupphæðin var hækkuð í 400 þúsund krónur. Samkvæmt upplýsingum frá Helga I. Jónssyni, dómstóra Héraðsdóms Reykjavíkur, er ekki til tölfræði um skiptingu bótafjárhæða, en hins vegar liggi bróðurpartur bóta á þessu bili, frá 100 til 400 þúsund króna.

Séu bæturnar lægri þarf þolandinn sjálfur að reyna að innheimta þær frá gerandanum. Lögmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að það sé hins vegar þrautin þyngri í flestum tilvikum og svari sjaldnast kostnaði við lögmannsog innheimtuþjónustu. Fæstir fái því nokkuð greitt.

Í greinargerð með bandorminum segir að breytingunni sé ætlað að lækka kostnað ríkissjóðs og taka tillit til verðlagsþróunar, enda hafði lágmarksupphæðin staðið í hundrað þúsund krónum í fjórtán ár. Breytingin geti sparað ríkissjóði um 60 milljónir á ári.

Þá kemur fram að árið 2008 hafi um 200 fórnarlömb fengið dæmdar bætur umfram 100 þúsund krónur og því fengið greiðsluna úr ríkissjóði. Af þeim hafi 130 fengið bætur undir 400 þúsundum. Í dag fengju þeir einstaklingar ekkert úr ríkissjóði.

Lítil umræða fór fram um málið á þingi. Birgir Ármannsson, Sjálfstæðisflokki, spurði um afleiðingar breytingarinnar og fékk svar frá Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra, sem sagði meðal annars að það væri ekki sársaukalaust að leggja fram tillögu um að fækka greiðslunum en valið hefði staðið á milli þess að fella lögin hreinilega úr gildi eða hækka lágmarkið.

stigur@frettabladid.is

## Frá glæp að innheimtu

Hér er dæmi um hefðbundna atburðarás sem endar með því að brotaþoli fær ekkert greitt:



- Karl er sleginn kjaftshöggi í miðbænum svo tennur hans bæði brotna og losna.
- Hann þarf að leita sér tannlæknaþjónustu sem í heildina kostar 150 þúsund krónur og er frá vinnu í nokkra daga.
- Karl kærir og ári síðar er árásarmaðurinn dæmdur í skilorðsbundið fangelsi. Karl fær jafnframt dæmdar rúmar 200 þúsund krónur í bætur frá árásarmanninum fyrir lækniskostnaði, vinnutapi og miska. Árásarmaðurinn þarf sömuleiðis að borga málskostnað Karls, en þann kostnað fær Karl rakleiðis úr ríkissjóði.
- Bæturnar eru undir 400 þúsund króna lágmarkinu og því þarf Karl að reyna að sækja bæturnar sjálfur til árásarmannsins. Hann fær lögfræðing sinn í málið.
- Lögfræðingurinn setur bæturnar í innheimtu með litlum árangri, enda brotamaðurinn eignalítill eða eignalaus og getur ekki greitt sektina.
- Eftir langt, árangurslaust innheimtuferli fer lögmaðurinn til sýslumanns og fer fram á árangurslaust fjárnám hjá árásarmanninum, sem endar með því að árásarmaðurinn er knúinn í gjaldþrot. Lögmaðurinn gerir kröfu í þrotabúið fyrir Karl en þar er litlar eignir að finna. Kröfunni er haldið lifandi í von um að árásarmaðurinn geti síðar meir greitt bæturnar.
- Lögmannskostnaður Karls vegna þessa innheimtuferlis er orðinn slíkur að það borgar sig ekki, jafnvel þótt allar bæturnar myndu innheimtast að lokum.

Rannsaka vinslit á Facebook:

# Vilja ekki léttvægar færslur

**TÆKNI** Algengast er að vinskap á Facebook-samskiptavefnum sé slitið vegna þess að annar aðilinn setur inn ítrekaðar færslur sem hinum þykja ómerkilegar, færslur um stjórnmál eða um trúmál. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar á vinslitum á þessum vinsæla samskiptavef.

Báðir aðilar geta slitið vinskap á Facebook einhliða. Um 57 prósent þeirra sem slitið höfðu rafrænum vinskap með þessum hætti sögðu ástæðuna eitthvað sem hinn aðilinn gerði á netinu. Tæplega 27 prósent báru því við að vinurinn fyrrverandi hefði gert eitthvað í mannheimum sem hefði verið orsök vinslita á veraldarvefnum. - bj

Stóra skattsvikamálið:

# Einn laus úr gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLA Karl á fertugsaldri, sem var handtekinn í síðasta mánuði í tengslum við rannsókn á fjársvikamáli, hefur verið látinn laus úr gæsluvarðhaldi.**

**Í tilkynningu frá lögreglu segir að fimm sitji enn í gæsluvarðhaldi, en þau eru grunuð um aðild að því að svíkja út um 270 milljónir króna.**

**Hálf milljón króna fannst í peningum auk ellefu kílóa af hassi í húsleit lögreglunnar þegar fólkið var handtekið.**

**Meintur höfuðpaur í málinu er enn í haldi lögreglu í Venesúela, en dómsmálaráðuneytið hefur óskað eftir framsali.** - bj

## TÖLVUR OG TÆKNI

**Færri nota Internet Explorer**

Tæplega helmingur netnotenda, eða 49,87 prósent, notaði netvafrann Internet Explorer í lok september, samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins. Statcounter. Til samanburðar notuðu 67 prósent netverja vafrann fyrir tveimur árum.






Til mikils að vinna í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins:

# Sigurmyndin fer á forsíðuna

**MENNING** Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins hefst á morgun, en þar eiga þátttakendur möguleika á að vinna glæsileg verðlaun og fá myndina sína birta á forsíðu Fréttablaðsins næstkomandi laugardag.

Þema myndarinnar skal vera „Fólk um haust“ og stendur samkeppnin frá morgni 7. október til klukkan tólf á hádegi daginn eftir.

Hver ljósmyndari má aðeins senda eina mynd inn og gildir fyrsta mynd frá hverjum. Myndirnar skulu hafa verið teknar nú í haust og þeim skal fylgja nafn höfundar og upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer.

Glæsileg verðlaun eru í boði, þar sem sigurlaunin eru gjafabréf fyrir tvo frá Iceland Express til einhvers af áfangastöðum flugfélagsins í Evrópu auk þess sem sigurvegarinn fær myndina sína birta á forsíðu helgarblaðs Fréttablaðsins. Verðlaunin fyrir annað og þriðja sæti í keppninni eru gjafakort fyrir tvo á almenna sýningu í Þjóðleikhúsinu.

Áhugasamir sendi myndir sínar, í prenthæfri upplausn, á netfangið ljosmyndakeppni@frettabladid.is, en tilkynnt verður um sigurvegara um miðjan dag á föstudag. Nánari upplýsingar má finna á Vísi.is - þj




**FORSÍÐAN** Fer þín mynd á forsíðu Fréttablaðsins?

# EITT VERÐ Í ALLA EÐA 0 KR. NOVA Í NOVA. ÞITT ER VALIÐ!

Nú getur þú valið á milli tveggja leiða hjá Nova: **0 kr. Nova í Nova** sem öll þjóðin ætti að þekkja eða **Eitt verð í alla** – ný leið hjá Nova fyrir þá sem hringja mikið út og suður. Komdu í næstu Nova verslun eða á nova.is og veldu leiðina sem hentar þér og þínu fólki best.

## EITT VERÐ Í ALLA!

NÝTT HJÁ NOVA

Þú borgar **Eitt verð í alla** sem þú þekkir á Íslandi þegar þú hringir eða sendir SMS/MMS – óháð því hjá hvaða símafyrirtæki þeir eru. Gildir í áskrift og frelsi.

| STARTGJALD<br>Í alla farsíma og heimasíma á Íslandi | MÍNÚTUVERÐ<br>Í alla farsíma og heimasíma á Íslandi | SMS/MMS<br>Í alla farsíma á Íslandi |
|---|---|---|
| 5,90 kr. | 9,90 kr. | 9,90 kr. |

## 0 KR. NOVA Í NOVA!

Viðskiptavinir Nova eru nú yfir **80.000** talsins. Þú getur hringt í þá alla fyrir **0 kr.** – hvort sem þú þekkir þá eða ekki. Gildir í áskrift og frelsi.

| NOVA Í NOVA<br>Símtöl, SMS og MMS | STARTGJALD<br>Í alla aðra en Nova | MÍNÚTUVERÐ<br>Í alla aðra en Nova | SMS/MMS<br>Í alla aðra en Nova |
|---|---|---|---|
| 0,00 kr. | 5,90 kr. | 18,90 kr. | 9,90 kr. |

Þú velur áskrift eða frelsi. Í frelsi er ekkert mánaðargjald en í áskrift er mánðargjaldið 490 kr. og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði. 0 kr. Nova í Nova: 1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 06.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,14 | 111,68 |
| Sterlingspund | 176,61 | 177,47 |
| Evra | 153,82 | 154,68 |
| Dönsk króna | 20,632 | 20,752 |
| Norsk króna | 19,136 | 19,248 |
| Sænsk króna | 16,582 | 16,680 |
| Japanskt jen | 1,3375 | 1,3453 |
| SDR | 173,80 | 174,84 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,3375

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Norðmenn verja 1,2 milljörðum norskra króna til verkefna á norðurslóðum:

# Leggja áherslu á norðurslóðir

**NOREGUR** Norska stjórnin hefur ákveðið að veita 1,2 milljörðum norskra króna, eða ríflega 23 milljörðum íslenskra króna, til ýmissa verkefna tengdra norðurslóðum næstu þrjú árin.

Í fréttatilkynningu frá norska utanríkisráðuneytinu segir að Norðmenn líti svo á að í utanríkisstefnu sinni sé um þessar mundir mikilvægara en allt annað að leggja áherslu á norðurslóðir.

Meðal annars hyggst stjórnin auka fjárframlög til kortlagningar auðlinda í jörðu á norðurslóðum. Einnig fær ný rannsóknarmiðstöð í Tromsø, sem stundar norðurslóðarannsóknir, verulega aukningu fjárframlaga.

Þá hyggjast Norðmenn stofna nýja norðurskautsrannsóknarstöð, og fé verður lagt í að stofna eftirlitsstöð með Barentshafi. Einnig verður verulegu fé varið í samstarf við Rússa á þessum vettvangi.

„Markmið okkar er að Noregur haldi áfram að vera í fararbroddi þekkingar á norðurslóðum og norðurskautinu,“ segir Gahr Støre. - gb



**JONAS GAHR STØRE** Utanríkisráðherra Noregs vill auka umsvif á norðurslóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vegagerð á Reykjanesi:

# Tilboð langt undir áætlun

**SAMGÖNGUR** Verktakafyrirtækið Háfell átti lægsta tilboð, eða tæplega 179 milljónir króna, í seinni áfanga Suðurstrandavegar sem er um 41% af áætluðum kostnaði, 433 milljónum króna.

Tilboð voru opnuð í fyrradag og sóttust flest helstu verktakafyrirtæki landsins eftir að leggja þennan fimmtán kílómetra langa kafla sem liggur frá Ísólfsskála að Krýsuvíkurvegi.

Suðurstrandarvegur tengir saman Suðurland og Reykjanes.. Verklok eru áætluð haustið 2012. - þj



**ARFUR** Talið er að andvirði þeirra eigna sem Bobby Fischer lét eftir sig sé um 250 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Deilt um arf Bobby Fischer:

# Fallið frá kröfu meintrar dóttur

**DÓMSMÁL** Krafa Marilyn Felonia Young sem hún gerði í dánarbú skákmeistarans Bobby Fischer fyrir hönd dóttur sinnar hefur verið felld niður eftir að í ljós kom með DNA-rannsókn að Fischer var ekki faðir stúlkunnar.

Þetta kom fram við meðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Enn er deilt um hver skuli erfa Fischer. Miyoko Watai, sem segist hafa gifst Fischer árið 2004, krefst auðæfa hans í dómsmáli sem hún hefur höfðað á hendur systursonum Fischers.

Geti Watai ekki sýnt fram á að hjónabandið hafi verið löglegt teljast systursynirnir nánustu ættingjar og erfa því Fischer. - bj

## LEIÐRÉTTING

Rangar upplýsingar birtust um nauðungaruppboð hjá Sýslumanninum í Keflavík í Fréttablaðinu í gær. Hið rétta er að 224 eignir hafa verið seldar á uppboði það sem af er ári, sem eru ríflega tíu uppboð á hverja 1.000 íbúa. Það er þrefalt hærra hlutfall en í Reykjavík.

# Sakborningar í Exeter-máli vísa ábyrgð hver á annan

**Æðstu stjórnendur Byrs vissu ekki hver átti félag sem þeir lánuðu meira en milljarð. Héldu að það væri dótturfélag MP banka. Sakborningarnir funduðu um viðskiptafléttuna daginn sem neyðarlögin voru sett.**

**DÓMSMÁL** Sakborningarnir þrír í svokölluðu Exeter-máli sérstaks saksóknara vísa hver á annan um ábyrgð á veigamiklum atriðum í málinu. Enginn þeirra telur þó að nokkur lög hafi verið brotin.

Þetta kemur fram í greinargerðum verjendanna í málinu, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Málið snýst um rúmlega milljarðs lán sem Byr veitti til félagsins Exeter Holding í árslok 2008 til kaupa á stofnfjárbréfum í Byr af MP banka og stjórnarmönnum sparisjóðsins. Ákærðir eru Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, og Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka.

Fram kemur í greinargerðunum að þremenningarnir hafi fundað um viðskiptafléttuna í húsakynnum MP banka daginn sem neyðarlögin voru sett, 6. október 2008. Lánið sem rann til Exeter Holdings, félags í eigu Ágústs Sindra Karlssonar, átti upphaflega að vera til dótturfélags MP banka, Fleðu ehf. Því fyrirkomulagi var síðar breytt að frumkvæði MP banka.

Jón Þorsteinn og Ragnar segjast hins vegar báðir hafa talið að þegar Exeter Holdings var kynnt til sögunnar af MP banka hefði það verið annað dótturfélag bankans og af þeim sökum hefði lánveitingin verið svo gott sem áhættulaus. Dótturfélag MP banka hefði enda aldrei orðið gjaldþrota. Kveðst Ragnar hafa heimilað að skipta um félag á grundvelli orða Jóns Þorsteins.

> „Engum getur dottið í hug – nema ef til vill sérstökum saksóknara – að það hafi verið hlutverk skjólstæðings míns að sjá um að starfsmenn og stjórnendur Byrs færu eftir þeim reglum sem um störf þeirra giltu.
>
> RAGNAR H. HALL VERJANDI STYRMIS ÞÓRS BRAGASONAR

Í greinargerð verjanda Jóns Þorsteins vísar hann allri ábyrgð á lánveitingum bankans yfir á Ragnar. Jón Þorsteinn hafi, sem stjórnarformaður, ekki haft nokkra heimild né aðstöðu til að lána fé Byrs – sparisjóðsstjórar tækju ákvarðanir um slíkt.

Í greinargerð Ragnars er hins vegar sérstaklega vikið að öðru lánanna sem málið snýst um. Þar er fullyrt að Ragnar hafi hafnað beiðninni um lánið, ríflega 200 milljónir, en Jón Þorsteinn tekið fram fyrir hendurnar á honum og látið samþykkja hana í stjórn Byrs. Þetta segir verjandi Jóns Þorsteins ósannað.

Styrmir Þór er ákærður fyrir hlutdeild í brotum hinna, og peningaþvætti með því að taka að endingu við fé frá þeim sem seldu stofnfjárbréfin til Exeter. Þeir höfðu á sínum tíma fengið lánað fyrir kaupunum frá MP banka og gátu greitt þau lán eftir söluna til Exeter..

Verjandi hans hafnar ásökunum alfarið. „Engum getur dottið í hug – nema ef til vill sérstökum saksóknara – að það hafi verið hlutverk skjólstæðings míns að sjá um að starfsmenn og stjórnendur Byrs færu eftir þeim reglum sem um störf þeirra giltu,“ segir Ragnar H. Hall, verjandi Styrmis. Hafi lánin verið ólögleg, sem sé ósannað, hafi Styrmir ekkert vitað um það heldur einungis tekið við greiðslu eins og eðlilegt hafi verið.

stigur@frettabladid.is

## Margeir sagði bara hálfa söguna



**Margeir Pétursson**, þáverandi stjórnarformaður MP banka, gaf út yfirlýsingu þegar rannsókn málsins komst í hámæli. Þar mótmælti hann því að reynt væri að draga bankann inn í deilumálið. Félagið Exeter Holdings, áður Tæknisetrið Arkea, væri MP banka „með öllu óviðkomandi“.

Í skýrslutökum hjá lögreglu hefur hins vegar komið fram að það var MP banki sem ákvað að hætta við að láta dótturfélag sitt, Fleðu ehf., kaupa stofnfjárbréfin. Enn fremur hafi það verið Margeir sjálfur sem hringdi í Ágúst Sindra Karlsson, forsvarsmann Exeter Holdings, og fékk hann til að taka þátt í viðskiptunum. Ágúst og Margeir eru gamlir vinir og stofnuðu saman MP banka um sínum tíma. Ágúst var um langt skeið aðalfógræðingur MP banka. Þessi atburðarás var ekki rakin í yfirlýsingu Margeirs.



**RAGNAR, JÓN ÞORSTEINN OG STYRMIR** Telja að lög hafi ekki verið brotin með viðskiptunum en eru þó ósammála um hver ber ábyrgð á þeim.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKIN EÐA SKÚRIR**
Það má búast við skúraleiðingum sunnan- og vestantil í dag og á morgun en norðaustanlands léttir til í dag. Um helgina lítur svo út fyrir bjart veður víða um land með hægum vindi og allt að 16 stiga hita í innsveitum á sunnudag.





**Á MORGUN** Fremur hægur vindur víða um land.

**LAUGARDAGUR** Strekkingur allra syðst, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 17° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 20° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 15° |
| París | 22° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# LÆGRA VERÐ

## Í ÖLLUM HELSTU VÖRUFLOKKUM

**LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ**

# Húsasmiðjan lækkar verð

á völdum vörum og lætur ávinning af nýjum og betri samningum við framleiðendur renna beint til neytenda. Við leggjum okkur fram um að bjóða lægra verð til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.

**Það köllum við lægsta lága verðið!**

**Örbylgjuofn**
Hvítur 20 ltr. 800 w.
1840909

800W

**9.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ



**Ryksuga**
Power Plus ryksuga sem ryksugar bæði ryk og vatn
1200W 20L
5247007

**7.995,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ

ómissandi í bílskúrinn

sýgur bæði ryk og vatn



**Perur Osram**
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.

10 STK.

**695,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ



**Kastari Design**
Einfaldur,
matt króm.
6001124

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ

**1.290,-**



**Höggborvél**
Power plus höggborvél 580W
13mm patróna
5245308

**2.549,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ



**Juðari**
Power plus juðari
135 W
5245212

**1.690,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ






## Húsasmiðjublaðið er komið út!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Telurðu að hlífa eigi fæðingarorlofssjóði frá niðurskurði hins opinbera?*

| | |
|---|---|
| Já | 56% |
| Nei | 44% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að mótmæli við Austurvöll muni leiða til pólitískra breytinga á næstunni?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Hagsmunasamtök heimilanna bjartsýn á framhaldið eftir fund með ráðherrum:

# Vilja samninga en ekki lögboð

**STJÓRNMÁL** Við kynntum ráðherrunum okkar hugmyndir og útfærslu á þeim. Ég lít björtum augum á framhaldið og vona að útkoman verði góð,“ sagði Marinó G. Njálsson, stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna, eftir fund með fimm ráðherra starfshópi um skuldamál í gærmorgun.

Marinó segir að svo leið samtakanna sé fær þurfi fleiri að koma að borðinu; lánastofnanir og lífeyrissjóðir. Lykilatriði sé að lausn verði fengin með samningum en ekki lögboði.

Næstu skref eru að bera saman tölur og er nýr fundur boðaður eftir helgi.



**Á LEIÐ Á FUND** Forysta Hagsmunasamtaka heimilanna var mætt í Stjórnarráðið klukkan tíu í gær. RÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að Jóhanna Sigurðardóttir hefði boðað forystu stjórnarandstöðuna á fund klukkan níu í gærmorgun. Ólöf Nordal Sjálfstæðisflokki og Þór Saari Hreyfingunni könnuðust hvorugt við slíkt fundarboð og mættu því ekki.

Þór Saari segir í tilkynningu að á fundi með forsætisráðherra á þriðjudag hafi hann lagt fram sjö liða tillögur að úrlausn skuldavandamála. Þá hafi hann lagt til að að þeim framkvæmdum yrðu kosningar tímasettar. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafi ekki séð ástæðu til að nálgast málin út frá því sjónarhorni. **- bþs**

Samvinna um orkumál:

# Vinna að framgangi jarðhita

**ORKUMÁL** Ísland og Bandaríkin skrifuðu í gær undir samning sem miðar að aukinni þekkingu og frekari nýtingu jarðhitatækni um heim allan.

Þetta er samvinnuverkefni orkumálaráðuneytis Bandaríkjanna og iðnaðarráðuneytisins og er því ætlað að skapa grundvöll fyrir „vísindamannaskipti, sameiginleg verkefni, og nýsköpun á sviði menntunar, með það í huga að flýta tækniþróun.“ Þá er miðað að því að greina hindranir í vegi fyrir aukinni nýtingu jarðhita. **-þj**


**Tilboð á nýjum bastsófasettum!**



„Estelle” 2 +1+1+sófaborð
Til í kubu grey og natural lit.
Listaverð kr. 299.900,-
Tilboðsverð m/40% afsl. kr. 179.940,-
Einnig nýkomin úti/inni sófasett í nokkrum litum og gerðum á frábæru verði.

Signature húsgögn

**Opið:**
**Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16**
**Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is**



**Auglýsing um Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar auglýsir hér með tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 ásamt umhverfisskýrslu skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Tillagan sem nær til alls sveitarfélagsins er sett fram í aðalskipulagsgreinargerð með umhverfisskýrslu, þéttbýlisuppdrætti fyrir Þórshöfn í mælikvarða 1:10.000, þéttbýlisuppdrætti fyrir Bakkafjörð í mælikvarða 1:5.000 og sveitarfélagsuppdrætti í mælikvarða 1:50.000.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofum Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn og í Skólagötu 5 á Bakkafirði frá kl. 8.00 til 16.00 alla virka daga frá 7. október 2010 til 18. nóvember 2010. Jafnframt er tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist sveitarstjóra Langanesbyggðar eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 18. nóvember 2010.

Hægt verður að nálgast texta greinargerðarinnar, umhverfisskýrslu og uppdrætti aðalskipulagsins á heimasíðu Langanesbyggðar – www.langanesbyggd.is – frá og með 7. október 2010.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins fresta, teljast samþykkir tillögunni.

**Sveitarstjóri Langanesbyggðar**



**Auglýsingasími**

**512 50 50**




**Allt sem þú þarft...**


# Flöt afskrift er vond hugmynd segir AGS

**Að mati AGS er ástæðulaust að afskrifa skuldir eignafólks. Sjóðurinn hefur frá upphafi verið á móti hugmyndum sem viðraðar hafa verið um flata skuldaafskrift. Efnahagsáætlun stjórnarinnar byggir á því að hjálpa þar sem þörf er á.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á móti flatri skuldaafskrift?

Allmikil umræða varð snemma árs 2009 um kosti þess að mæta skuldavanda þjóðarinnar með flatri 20 prósenta niðurfellingu húsnæðisskulda heimila og heildarskulda fyrirtækja. Hugmyndin, sem komin var frá Framsóknarflokki og naut hljómgrunns í Sjálfstæðisflokki, hefur nokkrum sinnum skotið upp kollinum síðan.

Í nýendurskoðaðri viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um efnahagsáætlun landsins í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) eru hins vegar tekin af öll tvímæli um að leiðin sé á dagskrá. Áherslan sé á að hjálpa þeim verst stöddu.

Eftir að nokkra umræðu í fyrra kom í ljós að hún hugnaðist ekki AGS. Í viðtali við Fréttablaðið 14. mars 2009 sagði Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar sjóðsins að slík aðgerð yrði ríkisstjórninni mjög dýr og skilaði litlum árangri.

Mat sendinefndarinnar var að flöt skuldaniðurfelling væri ekki möguleg. Þeir sem ekki þyrftu á því að halda myndu hagnast verulega á skuldaniðurfellingunni, en þeir sem þyrftu á aðstoð að halda fengju hana ekki.

Þessa skoðun áréttaði Flanagan svo í apríllok á þessu ári, að lokinni annarri endurskoðun áætlunarinnar. Á símafundi með fjölmiðlum harmaði hann að sá árangur sem stjórnvöld hefðu náð í að takast á við skuldavanda heimila skyldi hafa komið fram í skrefum sem virtust hafa ýtt undir væntingar um fjársjóð við enda regnbogans.

**Ólík sjónarmið varðandi flata niðurfellingu skulda**

| | Fylgjandi | Á móti |
|---|---|---|
| ALMENNT | Flöt skuldaleiðrétting er fljótvirk og almenn aðgerð sem nýtist öllum. | Fjöldi fólks sem ræður vel við afborganir lána sinna og stendur vel fengi felldar niður skuldir. Greiðslubyrði verðtryggðra lána til 25 og 40 ára myndi ekki léttast svo við fimmtungsafskrift að úrslitum skipti hvað varðar fjárhagslega heilsu heimilanna. |
| LÁNASÖFNIN | Nýju bankarnir hafa keypt lánasafn gömlu bankanna á 50 prósenta afslætti og því rúm til að lækka skuldir. | Ólíklegt að kröfuhafar samþykki afskriftir á lánum sem annars myndu innheimtast. Kostnaður félli líklega á ríkissjóð. |
| EFNAHAGSLÍF | Um er að ræða tapað fé sem ætti að afskrifa og hefur þegar verið gert við yfirtöku kröfuhafa á bönkunum. „Þetta snýst um að lækka kröfur sem ekki er innistæða fyrir,“ sagði formaður Framsóknarflokksins í Fréttablaðinu 20. maí síðastliðinn. Lánasöfn yrðu heilbrigðari og velta myndi aukast í hagkerfinu. | Milljarðakostnaður fellur á ríkissjóð sem leggja þyrfti Íbúðalanasjóði til fé til að mæta höfuðstólslækkuninni, þannig að hann standist kröfur um eiginfjárhlutfall. Eignir lífeyrissjóða myndu skerðast og væntanlega lífeyrisréttindi almennings um leið. Starfshópur Seðlabankans sagði í mars 2009 að flatar afskrftir yrðu bornar af ríkissjóði, eða erlendum kröfuhöfum að fengnu samþykki þeirra. Aðgerðirnar yrði að fjármagna með skattahækkunum eða niðurskurði ríkisútgjalda. |

„Þar er engan fjársjóð að finna,“ sagði hann og kvað kröfur um flata afskrift óraunhæfar. „Peningar til slíkra aðgerða eru ekki til. Ef einhver hugmynd er vond, þá er það þessi,“ sagði hann og ítrekaði að afksriftum ætti ekki að beita nema þörf krefði. „Ástæðulaust er að afskrifa háar skuldir hjá einhverjum sem einnig á miklar eignir.“

Flestir hagfræðingar hafa tekið undir að hugmyndin um flata skuldaafskrift sé slæm og þá hafa lífeyrissjóðirnir verið á móti henni, enda liggur hluti húsnæðisskulda í lánum frá þeim. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, sagði í mars í fyrra að leiðin væri ávísun á skerðingu lífeyrisréttinda. Við 20 prósenta afskrift myndu eignir sjóðanna skerðast um 33 milljarða, en á þeim tíma voru sáralítil vanskil á lánum sjóðanna.

Þá kom fram í svari viðskiptaráðherra á Alþingi í maí á þessu ári að kostnaður ríkisins við að lækka höfuðstól verðtryggðra lána um 20 prósent yrði 229 milljarðar króna. Greiðslubyrði meðalláns hjá íbúðalánasjóði myndi að jafnaði ekki lækka um nema fimm til níu þúsund krónur á mánuði.

**olikr@frettabladid.is**

Lögfræðingur Myndstefs segir Ólaf Elíasson hafa átt að fá heimild ljósmyndara:

# Siðferðilega rétt að biðja um leyfi

**MENNINGARMÁL** „Við skulum að minnsta kosti orða það þannig að það hefði verið siðferðilega rétt að fá klárt leyfi til þess að nota þessar myndir,“ segir Knútur Bruun, lögfræðingur Myndstefs, um notkun Ólafs Elíassonar á ljósmyndum annarra af bílum í íslenskum vatnsföllum.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær eiga að minnsta kosti tveir myndasmiðir ljósmyndir í verki Ólafs, Cars in Rivers, án þess að þeir hafi verið beðnir um leyfi fyrir notkun myndanna. Um er að ræða myndir úr albúmi sem skálaverðir Ferðafélags Íslands hafa safnað í Þórsmörk og skrifstofa félagsins lét Ólaf hafa án þess að fá heimild myndasmiðanna.

„Ólafur er í sjálfu sér að búa til nýtt höfundarverk með því að raða þessum myndum öllum saman í syrpu. Sumir segja að Erró geri þetta stundum, hann tekur kannski verk eftir einhverja fimm eða tíu myndhöfunda og stillir þeim upp og skýtur svo inn á milli orrustuþotum og Kínverjum í samförum og býr þá til nýtt höfundarverk,“ útskýrir Knútur, sem kveður Ólaf hins vegar hafa búið til seríu úr myndum án þess að blanda þeim saman eða eiga við á annan hátt.



**ÓLAFUR ELÍASSON** Listamaðurinn við verkið Cars in Rivers sem hann gaf Listasafni Íslands og er þar nú til sýnis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Hann er nú farinn að nálgast það ansi mikið að taka höfundarverk annarra; þessara ljósmyndara. Það er alveg á mörkunum að það sé hægt að gera án þess að fá leyfi,“ segir Knútur. **- gar**

# VERÐLÆKKUN

## Á ÍSLENSKUM LOPA



Nýtt prjónablað **LOPI 30** kemur út í dag!






**Álafosslopi**
- 100 g dokkur
- prjónastærð 6 – 6,5
- 100% ull
- margir litir

**359.-**



**Léttlopi**
- 50 g dokkur
- prjónastærð 4,5 – 5
- 100% ull
- margir litir

**199.-**



**Loðband/Einband**
- 50 g dokkur
- 100% ull
- margir litir

**249.-**



**Hosuband**
- 100 g dokkur
- prjónastærð 4 – 4,5
- 80% ull, 20% nylon
- margir litir

**359.-**



**Kambgarn**
- 50 g dokkur
- prjónastærð 2,5 – 3,5
- 100% ull
- margir litir

**329.-**



**Plötulopi**
- 100 g plötur
- 100% ull, óspunninn þráður
- margir litir

**329.-**

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*




Sameiginleg rannsókn Bandaríkjamanna og Pakistana á nýlegri loftárás:

# Bandaríkin biðjast afsökunar

**PAKISTAN, AP** Bandaríkjamenn báðust í gær afsökunar á loftárás 30. september í Pakistan skammt frá landamærum Afganistans. Tveir pakistanskir hermenn létu lífið í árásinni, sem gerð var úr þyrlum sem flogið var yfir landamærin frá Afganistan.

Fljótlega eftir árásina lokuðu Pakistanar landamærahliðinu í Torkham, sem hersveitir NATO hafa notað til að flytja mikilvægar birgðir yfir til Afganistans.

Það var sendiherra Bandaríkjanna í Pakistan sem baðst afsökunar fyrir hönd bandarískra stjórnvalda. David Petraeus, yfirmaður herliðs Bandaríkjanna og NATO í Afganistan, sendi einnig frá sér samúðarkveðju.

Bandaríkjaher segist hafa talið pakistönsku hermennina vera uppreisnarmenn, sem Bandaríkjamenn töldu sig vera að elta uppi.

Upphaflega var talið að þrír pakistanskir hermenn hefðu farist í árásinni, en einn þeirra reyndist vera lífshættulega særður og lifði af. Þrír aðrir pakistanskir hermenn særðust.

- gb



**LOKUÐ LANDAMÆRI** Pakistanar hafa undanfarna daga lokað mikilvægri birgðaflutningaleið við landamæri Afganistans og Pakistans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Aftengd vatnslögn til borgarlögmanns

**Fjölskyldan sem Orkuveitan aftengdi neysluvatnið hjá leitaði ásjár borgarstjóra, sem vísaði málinu til borgarlögmanns. Orkuveitan kom með drykkjarvatn á brúsum og vatn í kari handa skólabörnum sem heimsóttu staðinn á föstudag.**

**FÓLK** Borgarlögmaður skoðar nú mál fjölskyldunnar sem Orkuveitan aftengdi kalda vatnið hjá í síðustu viku.

„Við leituðum til skrifstofu borgarstjóra í þeirri von að Jón Gnarr gæti leyst úr þessu máli. Aðstoðarkona hans sagði að málið væri komið til skoðunar hjá borgarlögmanni, sem myndi gefa umsögn um það innan tíðar," segir Ingibjörg R. Þengilsdóttir, sem býr nú við það ásamt eiginmanni sínum, Jóni Jóhanni Jóhannssyni, og tólf ára syni að hafa ekkert rennandi vatni í íveruhúsi sínu í Perluhvammi á Álfsnesi. Hjónin ætla að byggja einbýlishús á landinu og búa nú til bráðabirgða í vinnuskúr sem þau tengdu við gamla kaldavatnslögn sem tilheyrir lóðinni.

Undanfarin ár hafa nemendur Waldorf-skólans komið á land hjónanna til að stunda þar nám í lífsleikni undir leiðsögn kennara sinna. „Það gat nú ekki hafa farið framhjá starfsmönnum Orkuveitunnar að hingað kom á hverjum degi í síðustu viku langferðabíll með um fimmtíu manna hóp. Samt aftengdu þeir vatnið," segir Ingibjörg, sem kveður skólastjóra Waldorf-skólans hafa hringt í lögmann Orkuveitunnar.

„Skólastjórinn útskýrði að þessi lokun bitnaði á börnunum. Úr varð að Orkuveitan sendi hópnum um sextíu hálfs lítra brúsa af drykkjarvatni og um tonn af öðru vatni. Það kom að vísu of seint fyrir hópinn því við vorum búinn að bjarga þessu í millitíðinni. En syni mínum finnst þetta vatn æðislegt," segir Ingibjörg.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segir fyrirtækinu hafa borist spurnir í síðustu viku af skólahópi sem var á ferð í Perluhvammi. Hópurinn hafi reiknað með að komast í kalt vatn og ekki vitað af vandkvæðum á því. „Því var bjargað," segir Eiríkur

Varðandi deiluna sjálfa segir Eiríkur það vera grundvallarsjónarmið að viðskiptavinir eigi að njóta jafnræðis. „Skyldur og réttindi eru býsna glögt skilgreind í lögum og reglugerð að mati OR, sem telur sig vera að vinna eftir þeim," segir hann og vísar í bréf sem OR sendi lögmanni hjónanna um miðjan september. Þar segir að hús sem tengt hafi verið kaldavatnsheimæð á lóðinni hafi verið fjarlægt og heimæðin síðan aftengd.

„Síðar er komið með vinnuskúr inn á lóðina og kaldavatnsæðin endurtengd og vatnstaka hafin. Sú aðgerð, það er að tengja sig inn á kaldavatnslögn og hefja vatnstöku án umsóknar til Orkuveitunnar, er óheimil og breytir þar engu hvort heimæð er í eigu lóðarhafa eða Orkuveitunnar," segir í bréfi fyrirtækisins.

gar@frettabladid.is



**HJÓNIN Í PERLUHVAMMI** Neita að senda umsókn til Orkuveitunnar vegna tengingar við kaldavatnslögn og borga tilheyrandi tengingargjald og annan kostnað. Þau bera vatn í fötum úr Leirvogsá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM












ÍSLENSKA SIA.IS ICE 51858 10/10




+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.



ALLT FARIÐ Kyle Whitmer frá Pedro í Ohio í rústum heimilis síns sem varð eldi að bráð aðfaranótt mánudags. Fimm létust í brunanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samband íslenskra sveitarfélaga birtir tölur um fjölda starfa hjá sveitarfélögum:

# Stöðugildum fækkar um 190

**SVEITARFÉLAGSMÁL** Fjöldi stöðugilda sveitarfélaga fækkaði um 190 eða úr 19.430 í 19.240 milli áranna 2009 og 2010. Þetta þýðir um 1% samdrátt í vinnuafli sveitarfélaganna frá fyrra ári.

Greint er frá þessu á vefsíðu Samtaka íslenskra sveitarfélaga. Þar segir að þegar fjallað sé um stöðugildi sé átt við fjölda starfa miðað við 100 prósenta starfshlutfall. Fjöldi starfsmanna hjá sveitarfélögum séu töluvert fleiri en fjöldi stöðugilda gefi til kynna þar sem margir séu í hlutastarfi. Mælingin er gerð í apríl ár hvert og nær til bæði A-hluta og B-hluta sveitarfélaga.

Helsta ástæða fyrir fækkun stöðugilda er án efa nauðsynleg hagræðing hjá sveitarfélögum til að bregðast við versnandi fjárhagsumhverfi þeirra. Almennt hafa sveitarfélög reynt að halda óbreyttu þjónustu- og starfsmannastigi þrátt fyrir erfiðar kringumstæður í efnahagsmálum og skýrist fækkun stöðugilda frekar af því að ekki er endurráðið í stöður frekar en að um uppsagnir sé að ræða.

Fjöldi stöðugilda hjá ríkinu hefur einnig fækkað á sama tíma. Þannig hefur fjöldi stöðugilda hjá hinu opinbera fækkað um 800 milli 2009 og 2010.



BORGARSTARFSMENN Alls eru 19.240 stöðugildi hjá sveitarfélögunum.

Úrskurður vegna árásar:

# Gekkst undir lífsýnatöku

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem grunaður er um að hafa ráðist á konu í Hveragerði í lok síðasta mánaðar og slasað hana alvarlega hefur undirgengist lífsýnatöku eftir úrskurð Héraðsdómur Suðurlands þar að lútandi.

Þá hafa fjarskiptafyrirtæki verið skylduð til þess að afhenda lögreglunni upplýsingar um símhringingar og SMS-skilaboð úr þremur farsímum sem maðurinn hafði undir höndum. Hann hafði áður neitað lífsýnatöku og aðgangi að upplýsingum. - jss

Slitameðferð Straums lokið:

# Uppgjörið tók eitt og hálft ár

**VIÐSKIPTI** Slitameðferð ALMC, sem áður hét fjárfestingarbankinn Straumur, lauk í fyrradag.



ÓTTAR PÁLSSON

Ný stjórn tók þá til starfa og tekur hún við af skilanefnd sem stýrt hefur bankanum frá því FME greip inn í reksturinn. Óttar Pálsson, forstjóri félagsins, á sæti í nýju stjórninni. Kröfuhafar Straums eignuðust bankann fyrir mánuði. Fréttablaðið greindi frá því í kjölfar yfirtökunnar að kröfuhafar hefðu verið ánægðir með slitameðferðina. Litu þeir til þess að svipuðu skapalóni yrði beitt við uppgjör á Glitni og Kaupþingi. - jab

## REYKJANES

### Opinn borgarafundur

Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi standa fyrir opnum borgarafundi í Stapa í Reykjanesbæ klukkan 16.30 í dag. Er tilgangur fundarins að hvetja til samstöðu og að þrýsta á um úrbætur í atvinnumálum.

## SKIPULAGSMÁL

### Málþing um skipulagsþróun

Skipulagsfræðinga Íslands efnir til málþings um stöðu og þróun skipulagsmála á Íslandi í dag klukkan 10 í sal Þjóðarbókhlöðunnar, 2. hæð. Málþingið er opið.

## FERÐAMÁL

### Umhverfisverðlaunin 2010

Ferðamálastofa auglýsir eftir tilnefningum til Umhverfisverðlauna fyrir árið 2010. Tilgangur þeirra er að beina athyglinni að þeim ferðamannastöðum eða fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem sinna umhverfismálum í starfi sínu og framtíðarskipulagi.



ÚR ÞJÓÐMENNINGARHÚSI Í gegnum sameiginlegu þingnefndina eiga þingmenn Íslands og Evrópuþingsins að geta rætt beint við stofnanir ESB og við ríkisstjórn Íslands um hvaðeina sem viðkemur aðildarferli Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ísland og ESB munu helst deila um fisk

**Mikið var rætt um sjávarútvegsmál og hvalveiðar á fundi sameiginlegrar nefndar Alþingis og Evrópuþingsins. Utanríkisráðherra mótmælir því að hvalveiðar séu flokkaðar sem umhverfismál og kallar eftir sérlausnum.**

**EVRÓPUMÁL** Mikið var rætt um sjávarútvegsmál á fundi sameiginlegrar þingnefndar Alþingis og Evrópuþingsins í Þjóðmenningarhúsinu á þriðjudag. Fulltrúar Íslands og ESB telja að einna erfiðast verði að ná samkomulagi um sjávarútvegsmál í aðildarviðræðum.

Timo Summa, sendiherra og fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB á Íslandi, sagði að umhverfis- og sjávarútvegsmál yrðu erfið í aðildarviðræðum Íslands.

„Reynsla Íslands gæti haft góð áhrif á umræður um sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB,“ sagði hann hins vegar og tók fram að ESB gerði sér grein fyrir andstöðu marga Íslendinga við aðild.

Cristian Dan Preda Evrópuþingmaður minnti á ályktun Evrópuþingsins þar sem segir að Íslendingar ættu að hætta hvalveiðum.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði að sjávarútvegsmál yrðu það sem annað hvort gerði samninga mögulega, eða gerði út af við þá. Hann væri ósammála því að flokka hvalveiðar til umhverfismála, eins og fulltrúar ESB gerðu.

„Á Íslandi við flokkað hvalveiðar undir sjálfbæra nýtingu sjávar,“ sagði Össur; Ísland væri þekkt fyrir að stýra þessum auðlindum sínum án þess að ganga um of á þær. Íslendingar myndu ekki styðja að því að hvalir yrðu útdauðir frekar en annað.

Össur minnti á að í umsóknarferli annarra ríkja hefði ESB oft lagað sig að sértækum þörfum umsóknarríkja og minntist á sérlausn fósturjarðar sendiherrans, Finnlands, í landbúnaði. Þar hefði fólk gert sér grein fyrir því að sameiginleg landbúnaðarstefnan hefði ekki verið gerð með finnskan landbúnað í huga og búið til nýtt hugtak: heimskautalandbúnað.

„Og ég held að við munum þurfa álíka lausnir í sjávarútvegi,“ sagði Össur: tal Íslendinga um fullveldi snerist gjarnan í reynd um stjórn yfir fiskimiðunum.

Þá sagði Evrópuþingmaðurinn Pat Gallagher, annar formanna sameiginlegu þingnefndarinnar, vera þeirrar skoðunar að það ætti að vera sérstakur kafli um lítil eyríki í sameiginlegri fiskveiðistefnu ESB og að stuðla þyrfti að því að skip lönduðu í heimaríkinu, til að skapa þar atvinnu.

klemens@frettabladid.is

Hópuppsagnir eru færri það sem af er ári en voru á sama tíma í fyrra:

# Óvíst um lok uppsagnahrinu

**EFNAHAGSMÁL** Hópuppsagnir í septembermánuði í ár eru töluvert færri en á sama tíma í fyrra, að því er fram kemur í morgunkorni Greiningar Íslandsbanka í gær. Þá var 87 manns sagt upp störfum í slíkum uppsögnum, en í ár var 21 sagt upp í einni hópuppsögn.

Greiningardeildin segir hafa verið heldur minna um hópuppsagnir framan af þessu ári en í fyrra. Í ár hefur 515 verið sagt upp í 22 hópuppsögnum, á móti 1.454 í 43 uppsögnum í fyrra. Ekki mun þó hægt að slá því föstu að uppsagnahrinan sé að baki.

„Má hér nefna að sú hætta er fyrir hendi að seinkunin sem hefur orðið á endurskipulagningu skulda margra fyrirtækja, og hefur þá jafnvel tímabundið komið í veg fyrir að mörg þeirra hafi farið í þrot án þess að staða þeirra hafi í raun breyst til hins betra,“ segir í umfjöllun Greiningar. Þá hafi einnig tímabundið verið komið í veg fyrir að mörg þeirra hafi ráðist í frekari uppsagnir. - óká



Í LAUGARDALNUM Greining Íslandsbanka segir að seinkun á endurskipulagningu skulda fyrirtækja auki á óvissu á vinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Bolvíkingar mótmæla:

## Aðför að heilbrigðisþjónustu

**VESTFIRÐIR** Bæjarráð Bolungarvíkur mótmælir harðlega þeirri aðför að heilbrigðisþjónustu á svæðinu sem birtist í fjárlagafrumvarpinu.

„Ef sá niðurskurður sem þar er lagður til verður að veruleika gæti það m.a. þýtt að starfsemi hjúkrunardeildar á sjúkraskýlinu í Bolungarvík leggist af, skurðstofu á Ísafirði verði lokað og fæðingaþjónustu á norðanverðum Vestfjörðum verði hætt. Niðurskurðurinn vegur að öryggi íbúa á svæðinu,“ segir í fundarbókun ráðsins. -kh

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson um áhrif skattahækkana á íslenskt hagkerfi:

# Brugg eykst vegna skattheimtu á áfengi

**ALÞINGI** Svört starfsemi og undanskot frá skatti hafa færst í aukana að undanförnu vegna skattahækkana ríkisstjórnarinnar. Þetta sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær.

Sigmundur var málshefjandi í umræðum um skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Sigmundur Davíð sagði að bruggstarfsemi hefði náð nýjum hæðum að undanförnu því að of langt hafi verið gengið í að skattleggja áfengi.

Neyslan hefði ekki minnkað heldur hefðu tekjur ríkisins af áfengissölu minnkað vegna stærra neðanjarðarhagkerfis.

Sigmundur sagði að ef það væri óráð að lækka skatta í þenslu, eins og Steingrímur J. Sigfússon hefði haldið fram, hlyti að vera óráð að hækka skatta í kreppu. Hann spurði hver stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum væri.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var til andsvara. Hann sagði að ríkisstjórnin hefði haft það að markmiði að fara blandaða leið tekjuöflunar og sparnaðar í glímunni við ríkisfjármálin. Unnið hefði verið markvisst að því við skipulag í skattakerfinu að hlífa þeim tekjulægri. - jhh



**FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir að vegna skattlagningar á áfengi hafi bruggstarfsemi náð nýjum hæðum hér á landi.



**SÖFNUN** Söfnunarféð mun nýtast vel í barna- og ungmennastarfi Rauða krossins í Malaví og Síerra Leóne. MYND/RKÍ

Söfnun RKÍ gekk vel:

## Söfnuðu ríflega 21 milljón

**SAMFÉLAGSMÁL** **Ríflega 21 milljón króna safnaðist í landssöfnun Rauða kross Íslands sem haldin var síðastliðinn laugardag. Þetta er hærri upphæð en safnaðist síðast þegar gengið var til góðs, í hrunvikunni í október 2008, þegar um 18 milljónir söfnuðust.**

**Um 2.500 sjálfboðaliðar gengu í hús á laugardaginn og söfnuðu framlögum. Í tilkynningu frá Rauða krossinum kemur fram að tekist hafi að heimsækja átta af hverjum tíu heimilum á landinu.**

**Allt söfnunarféð mun renna óskert til verkefna Rauða krossins í Afríku.** - bj

**ALÞINGI**

### Spyr um kynningarstarf

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram fyrirspurn til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á Alþingi þar sem spurt er um kynningarstarf vegna hvalveiða frá árinu 1998. Meðal annars er spurt um kostnað, að hverjum starfið hefur beinst, og hverjir hafa séð um það.









**GEGNUM GYLLTAR DYR** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti býr sig undir að ganga gegnum gylltar dyr í glæsilegum húsakynnum bak við Kremlarmúra í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sjúkraliðafélag Íslands gagnrýna niðurskurð:

# Vara við alvarlegum afleiðingum niðurskurðar

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga mótmælir harðlega niðurskurði á heilbrigðisstofnunum sem boðaður er í frumvarpi til fjárlaga 2011. Stjórnin varar við þeim alvarlegu afleiðingum sem svo miklar og bráðar breytingar á heilbrigðisþjónustunni munu hafa fyrir alla landsmenn eins og segir í ályktun frá félaginu.

Þar segir að forstöðumenn heilbrigðisstofnananna hafi ekki verið hafðir með í ráðum við undirbúning þessarar kerfisbreytingar hvað þá heldur Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem þó sé lang fjölmennasta fag- og stéttarfélag heilbrigðisstétta.

Að mati stjórnarinnar er alls óljóst hvort Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri geti tekið við þeim auknu verkefnum sem þangað er beint. Þá telur stjórnin að sparnaðurinn af því að flytja verkefni frá landsbyggðarsjúkrahúsum til hátæknisjúkrahúsanna sé með öllu óviss.

Stjórn Sjúkraliðafélags Íslands tekur í svipaðan streng. Í ályktun félagsins segir að áformaður niðurskurður, án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna, komi harðast niður á heilbrigðisstofnunum og þá sérstaklega á landsbyggðinni. Fjárlögin séu afturhvarf um tugi ára í velferð, þjónustu og þróun byggðar í landinu. Stjórn félagsins krefst þess að ríkisstjórn sem kennir sig við norræna velferðarstjórn leiti annarra leiða en að skerða þjónustu við íbúa á landsbyggðinni, aldraða, öryrkja og vinnufæra launþega.



**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar eru ósáttir við niðurskurð í heilbrigðismálum.





Teppalagt tækifæri fyrir stigaganga.

NÝTIÐ YKKUR VIRÐISAUKASKATTINN!

Verð frá 5.980 kr. per m² ákomið.

Vönduð og slitsterk, þéttofin teppi sem auðvelt er að þrífa.

Bjóðum heildarlausnir, þegar endurnýja á gólfteppi í stigagöngum í fjölbýlis- og sambýlishúsum. Við mætum og gerum tilboð í efni og vinnu. Aðeins eitt símtal og málið er komið í gang.

Stepp

PARKET & GÓLF Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · www.stepp.is


## Eiturleðjan í Ungverjalandi




Versta umhverfisslys í sögu Ungverjalands varð á mánudag þegar þunnfljótandi rauð báxítleðja lak úr súrálsverksmiðju

Heimild: NDGDM © Graphic News

# Mengað til langframa

**Um fjörutíu ferkílómetra landbúnaðarsvæði í Ungverjalandi er varla nothæft lengur vegna mengunar frá súrálverksmiðunni, sem rauða leðjan barst frá.**

**UNGVERJALAND, AP** Óttast er að eiturleðjan sem lak úr súrálsverksmiðju í Ungverjalandi geti valdið alvarlegri mengun í Dóná og víðar í nágrenninu.

Lögreglurannsókn er hafin á því hvort lekann megi rekja til glæpsamlegra brota á starfsskyldum stjórnenda verksmiðjunnar eða embættismanna.

Að minnsta kosti fjórir létu lífið en þriggja var enn saknað síðdegis í gær, tveimur dögum eftir að stífluveggur gaf sig með þeim afleiðingum að rauð þunnfljótandi báxítleðja rann í stríðum straumum frá verksmiðjunni.

Um milljón rúmmetrar streymdu yfir nærliggjandi svæði, ruddu bifreiðum af vegum, skemmdu brýr og flæddu yfir götur nokkurra þorpa.

Í gær var ekki enn vitað hvers vegna stífluveggurinn gaf sig. Viktor Orban forsætisráðherra sagði óhappið hafa komið öllum á óvart, því aðeins tvær vikur eru liðnar frá því farið var yfir öryggisatriði í verksmiðjunni og báxítleðjulóninu. Þá var ekki að sjá að neinu væri ábótavant.

Báxítmengaða leðjan er úrgangur úr súrálsframleiðslu, en súrál er unnið úr báxíti, sem er álrík steintegund.

Enginn leki var lengur úr lóninu í gær, en unnið var að því að styrkja stífluveggina. Verðir eru á vettvangi til að láta vita ef lekur á ný.

Joe Hennon, talsmaður Evrópusambandsins, sagði hættu á því að eiturmengunin breiddist til fleiri landa. Hann sagði Evrópusambandið reiðubúið að veita Ungverjum aðstoð ef á þyrfti að halda.

Mesta hættan er á að ætandi efnin berist út í Dóná, sem rennur til suðurs yfir landamærin til Króatíu, Serbíu, Rúmeníu, Búlgaríu, Úkraínu og Moldóvu áður en hún berst út í Svartahaf.

„Þetta er eitt þriggja verstu umhverfisslysa Evrópu síðustu tuttugu eða þrjátíu árin,“ segir Herwit Schuster, talsmaður umhverfisverndarsamtakanna Greenpeace.

„Það er greinilegt að 40 ferkílómetra svæði sem að mestu hefur verið notað til landbúnaðar er mengað og ónýtt til lengri tíma,“ sagði hann.

Í þýska dagblaðinu Die Welt er haft eftir Ungverja, sem ekki er nafngreindur, að þegar svæðið hefur þornað þurfi ekki annað en að mála á það hvítar línur og þá sé þar kominn stærsti tennisvöllur veraldar.

gudsteinn@frettabladid.is



**LEÐJAN RAUÐA** Flaut yfir heilu þorpin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


landsbankinn.is/fjarhagur
Blogg og hljóðpistlar um fjármál.

Námskeið um réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin. Á næstu fjármálakvöldum verður námskeið um réttindi lífeyrisþega.

**Næstu námskeið**

**7. október kl. 20**
Félagsmiðstöðin Hlymsdalir
Miðvangi 6, Egilsstöðum

**14. október kl. 20**
Útibúið á Laugavegi 77

**21. október kl. 20**
Útibúið á Akranesi, Þjóðbraut 1

**Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Allir velkomnir.**



FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM43525

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

Upplýsingamiðstöð heimsótt:

# Aldrei fleiri í september

**EFNAHAGSMÁL** Aldrei hafa fleiri ferðamenn sótt Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík í septembermánuði en í nýliðnum mánuði. Í tilkynningu kemur fram að alls heimsóttu 29.170 ferðamenn upplýsingamiðstöðina.

Heimsóknum hafði fyrir það fækkað um 8,6 prósent fyrstu átta mánuði ársins. Heildarfjöldi heimsókna stefnir í að verða meiri en 300 þúsund. Takist það verður árið það annað besta hjá upplýsingamiðstöðinni frá því mælingar hófust árið 2002. - bj

Utanríkisráðherra svarar fulltrúum ESB á fundi sameiginlegrar þingnefndar:

# Afstaða ESB til Icesave dró úr áhuganum

**EVRÓPUMÁL** Utanríkisráðherra ræddi afstöðu Evrópusambandsins í Icesave-deilunni og hvernig hún hefði dregið úr áhuga Íslendinga á ESB-aðild á fundi sameiginlegrar þingnefndar Alþingis og Evrópuþingsins á þriðjudag. Þetta var eftir að sendiherra ESB á Íslandi hafði vakið athygli á að Icesave-málið væri óleyst.

Sendiherrann, Timo Summa, reifaði að lausn deilunnar myndi hafa jákvæð áhrif á ferli aðildarviðræðna.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra svaraði því til að það væri vissulega gott að leysa Icesave, en ekki einungis vegna aðildarferlisins. Mátti skilja á ráðherranum að það væri ekki einungis skortur á lausn Icesave-deilunnar sem hefði spillt fyrir aðildarferlinu. Stuðningur Íslendinga við aðild að ESB, mældur í skoðanakönnunum, hefði aukist nokkuð jafnt og þétt uns ESB tók afstöðu með aðildarríkjum sínum, Bretlandi og Hollandi, í Icesave-deilunni.

„Hvort sem mér eða ykkur líkar að heyra það eða ekki var það akkúrat þá sem stuðningur við aðild datt niður,“ sagði utanríkisráðherra.

Cristian Dan Preda, rúmenskur Evrópuþingmaður, minntist einnig á Icesave á fundinum, en Evrópuþingið hefur ályktað að lausn deilunnar myndi auka stuðning þingsins við aðild Íslands að ESB. - kóþ



**Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSI** Á fundi sameiginlegrar þingnefndar Evrópuþingsins og Alþingis voru á fjórða tug manna frá Íslandi og meginlandi Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÞRÖSTUR HARALDSSON** Sagði upp vegna samstarfsörðugleika við útgefandann.

Ritstjóri Bændablaðsins:

# Hættir vegna ágreinings við útgefendur

**BLAÐAÚTGÁFA Þröstur Haraldsson, ritstjóri Bændablaðsins, hefur sagt upp störfum vegna ágreinings við Bændasamtökin, sem gefa út blaðið.**

**„Ég sagði upp eftir nokkuð langvarandi samstarfsörðugleika við útgefandann,“ sagði Þröstur. „Þeir hafa aðrar skoðanir á því hvernig eigi að reka blöð en ég.“ Ágreiningurinn snerist um sjálfstæði ritstjórna og verkaskiptingu milli útgefanda og ritstjóra. Þröstur vildi ekki fara nánar út í þá sálma. Þótt hann hafi strax hætt ritstjórn mun hann starfa við blaðið út uppsagnarfrestinn, sem rennur út um áramót. Tjörvi Bjarnason hefur tekið við ritstjórn og ábyrgð á útgáfu Bændablaðsins til bráðabirgða. - pg**

Matarlitsmaður dæmdur:

# Skal dvelja á hæli í eitt ár

**DÓMSMÁL** Karlmaður um fimmtugt sem valdið hefur margsinnis óspektum og ónæði á Selfossi hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi. Dómurinn er skilyrtur og skal manninum gert að dvelja á hæli í allt að eitt ár til að venja hann af neyslu áfengis eða deyfilyfja.

Maðurinn var ítrekað með læti í matvöruverslunum á staðnum, áreitti starfsfólk, henti vörum að starfsfólki og viðskiptavinum og sparkaði í lögreglumenn. Þá lá hann á dyrabjöllum í fjölbýlishúsi á Selfossi. Þrettán flöskum af matarlit stal hann úr Samkaupum og hafði drukkið hluta af matarlitnum þegar hann var handtekinn. - jss

**AKRANES**

### Hoppkastalar til sölu

Rekstrarstjóri íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar vill að bærinn selji hoppkastala sem voru hugsaðir til afnota í Akraneshöllinni en hafa verið afar lítið notaðir. Framkvæmdaráð Akranes frestaði því á síðasta fundi sínum að taka afstöðu til málsins.




# ALLTAF LÆGRA




7.890
Fullt verð: 9.990

Vnr. 74807512
**Ryksuga**
EINHELL ryksuga.




2.590
Fullt verð: 3.390

ÓDÝRT

KHG
Vnr. 65103010
**Brauðrist**
KHG brauðrist, hvít, 750W.



990 kr./m²
Fullt verð: 1.490

ÓDÝRT

Vnr. 0113520
**Plastparket**
Smelluplastparket, eik, 6x194x1290 mm.



3.890 kr./m²
Fullt verð: 4.927

Vnr. 0113719
**Parket**
NORDIC WOOD, eik, 15x189x2200 mm.



1.890 kr./m²
Fullt verð: 2.390

Vnr. 17850060/5
**Flísar**
Frostþolnar flísar, granít, milligráar eða dökkgráar, 30x30 cm.

## Gerðu verðsamanburð! Gerðu verðsamanburð!




590
Fullt verð: 890

Vnr. 51353180-1
**Perur**
Glóperur, mattar, E27, 40W eða 60W, 10 stk. í pakka.




2.590
Fullt verð: 3.990

Vnr. 74800500
**Höggborvél**
BAVARIA höggborvél BID 500E er lítil og handhæg sem gott er að hafa til taks á heimilinu. Er með auka handfangi, sjálfherðandi patrónu og dýptarstilli.



35% afsláttur
af sýprus og haustlaukum!



14.990
Fullt verð: 19.990

ÓDÝRT

Vnr. 41119047
**Pottasett**
LUCIA pottasett, 4 stk., fyrir spanhelluborð.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. EXPO · www.expo.is

# A VERÐ Í BYKO!



**9.990**
Fullt verð: 19.900

Vnr. 52230684
**Loftvifta**
Loftvifta, 4 blaða, antík og messing.



**19.990**
Fullt verð: 21.490

MEÐ HÆGLOKANDI SETU

Vnr. 17851000
**Salerni**
IMEX salerni með innbyggðum S-stút, með hæglokandi setu.



**3.900**
Fullt verð: 4.890

Vnr. 15400045
**Handlaugartæki**
ARMATUTRA FERRYT handlaugartæki.

ÓDÝRT



**4.890**
Fullt verð: 5.990

Vnr. 17851010
**Handlaug**
IMAX handlaug í borð, 57,5x48 cm.

Gerðu verðsamanburð! Gerðu verðsamanburð! Ger
Gerðu verðsamanburð! Gerðu verðsamanburð! Gerðu verðsamanburð! Gerðu ver




**2.990**
Fullt verð: 3.990

4 l

Sadolin

Vnr. 89071140-1240
**Innimálning**
SADOLIN innimálning, gljástig 10, hvítir litir, 4 l.




**1.990**
Fullt verð: 2.490

1 l

Sadolin

Vnr. 89030110-100910
**Lakkmálning**
SADOLIN olíulakk eða akrýllakk, allir litir, 1 l.



**990**
Fullt verð: 1.190

Vnr. 84100160
**Rúlla og málningarbakki**
FIA rúlla og málningarbakki, 25 cm.



**2.790**
Fullt verð: 3.995

Vnr. 52235662
**Kastari**
SALVADOR kastari GU10, 50W, stál.



**2.990**
Fullt verð: 4.292

ÓDÝRT

Vnr. 52235651
**Kastari**
MONTE CARLO kastari GU10, 50W, stál.

BYKO



GYÐJAN DURGA Verkamenn í Hyderabad á Indlandi leggja lokahönd á styttu af gyðjunni Durga, sem verður í hávegum höfð á níu nótta hátíð hindúa sem hefst á morgun. NORDICPHOTOS/AFP

Tveir rússneskir eðlisfræðingar fá Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði og efnafræði:

# Þróa örþunn efni til að smíða flugvélar

**SVÍÞJÓÐ, AP** Tveir rússneskir eðlisfræðingar, Andre Geim og Konstantin Novoselov, fá Nóbelsverðlaunin í fræðigrein sinni í ár.

Þeir starfa við Háskólann í Manchester í Englandi og hafa kannað í þaula sterkustu og þynnstu efni sem vitað er um. Efnin verður væntanlega hægt að nota til þess að smíða léttari flugvélar og gervihnetti, auk þess sem þau geta nýst til að búa til fljótvirkari tölvur en áður hafa þekkst.

Geim segir þetta geta orðið jafn byltingarkennt og plastið á sínum tíma.

Einn Bandaríkjamaður, Richard Heck að nafni, og tveir Japanir, þeir Ei-ichi Negishi og Akira Suzuki, fá hins vegar Nóbelsverðlaunin í efnafræði. Þeir fundu þróuðu fyrir nokkrum áratugum byltingarkennda aðferð til að binda saman kolefnisfrumeindir, en sú aðferð er mikið notuð í framleiðslu lyfja og víðar.

Heck segist hafa byrjað að gera sér vonir um Nóbelsverðlaun fyrir hálfri öld, þegar hann stóð á tvítugu.

Nóbelsverðlaunin verða að venju afhent í Svíþjóð í desember. **- gb**



RÚSSARNIR TVEIR Eðlisfræðingarnir Andre Geim og Konstantin Novoselov á háskólalóðinni í Manchester. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæður fugl á Akranesi:

# Óður hrafn réðst á barn

**DÝRALÍF** Árásargjarn hrafn réðst á barn og hund á Akranesi í fyrradag. Fuglinn var aflífaður í viðurvist lögreglumanna eftir árásina. Þetta kemur fram á Skessuhorni.is.

Hrafninn hafði komið sér fyrir á sólpalli við hús eitt á Akranesi. Í garðinum voru telpa og þriggja mánaða gamall hvolpur að leik. Þegar stúlkan beygði sig eftir spýtu til að leika við hundinn réðst hrafninn á hana og reyndi að grípa í hana.

Móðir stúlkunnar segir í samtali við Skessuhorn að barnið hafi orðið skelfingu lostið og hafi hlaupið inn með hundinn á eftir sér. Hrafninn hafi elt þau en sest síðan á pallinn gargandi. Haft var samband við Náttúrufræðistofnun, sem gaf leyfi fyrir því að hrafninn yrði drepinn.

Boðið í raf- og vélbúnað Búðarhálsvirkjunar:

# Þýskt fyrirtæki var með lægsta tilboðið

**VIÐSKIPTI** Fjögur fyrirtæki frá Þýskalandi, Argentínu og Króatíu buðu í uppsetningu raf- og vélbúnaðar Búðarhálsvirkjunar. Tilboðin voru opnuð í fyrradag á skrifstofu Landsvirkjunar í Reykjavík.

Hæsta boð, 10,2 milljarðar króna, var frá argentínska fyrirtækinu IMPSA, nokkuð yfir kostnaðaráætlun ráðgjafa Landsvirkjunar. Áætlunin nemur tæpum 7,4 milljörðum króna. Lægst bauð þýska fyrirtækið Voith Hydro GmbH, tæpa 6,3 milljarða króna, sem eru tæp 85 prósent af kostnaðaráætlun. Einnig buðu í verkið Koncar-Litostroj Power, frá Króatíu og Andritz Hydro GmbH, frá Þýskalandi. **- óká**

**Tilboð opnuð í fyrradag***

| Bjóðandi | Milljónir kr. | Kostn.áætl. |
|---|---|---|
| 1. Voith Hydro | 6.270 | 85,1% |
| 2. Koncar-Litostroj Power (frávik) | 6.436 | 87,4% |
| 3. Koncar-Litostroj Power | 6.616 | 89,8% |
| 4. Andritz Hydro (frávik) | 6.761 | 91,8% |
| 5. Andritz Hydro | 7.128 | 96,8% |
| 6. IMPSA | 10.203 | 138,5% |
| **Kostnaðaráætlun** | **7.366** | **100%** |

*Heimild: Landsvirkjun / Tilboð í raf- og vélbúnað Búðarhálsvirkjunar

## Björgunarhylki fyrir námumennina í Chile

Sjóherinn í Chile hefur hannað sérstakt hylki til þess að flytja námumennina 33, sem hafa verið lokaðir niðri í námugöngum í tvo mánuði, upp á yfirborð jarðar. Mennirnir eru á 700 metra dýpi og ferðin upp getur tekið allt að klukkustund fyrir hvern og einn.




© Graphic News Heimild: Asmar

FRÉTTABLAÐIÐ

EFTIRLÝSTIR AF INTERPOL
- BROTAMENN Á FLÓTTA UNDAN ÍSLENSKRI RÉTTVÍSI.

FRAMSÓKN 3 G
- VILL GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON VERÐA ÞRIÐJI FRAMSÓKNARLEIÐTOGINN Í BEINAN KARLLEGG?

RAGNA SIGURÐARDÓTTIR RÝNIR Í MYNDLIST JÓNS LAXDALS.




Allt sem þú þarft...

Ekki missa af Fréttablaðinu á morgun

# Styttist óðum í björgunina

**Námumennirnir í Chile hafa fengið von um að komast upp á yfirborð jarðar strax í lok næstu viku. Síðustu tvær vikur hafa þeir búið sig undir björgun.**

**CHILE, AP** Námumennirnir þrjátíu og þrír, sem hírast á 700 metra dýpi niðri í lokuðum námugöngum, fengu ástæðu til að fagna í vikunni þegar yfirvöld í Chile sögðust vongóð um að þeim verði bjargað úr prísundinni strax í lok næstu viku.

Mennirnir hafa verið í tvo mánuði niðri í göngunum og áttu ekki von á að komast upp á yfirborð jarðar fyrr en í næsta mánuði.

Undanfarnar tvær vikur hafa mennirnir verið að búa sig undir brottförina. Þeir hafa sent upp á yfirborðið bréf frá ættingjum og aðra persónulega muni, sem þeir vilja ekki skilja eftir.

Þetta hefur verið flutt upp á yfirborðið í hylkjum, sem hafa verið notuð til að flytja matvæli, hrein föt, lyf og aðrar nauðsynjar niður til mannanna í gegnum þröng göng, sem tókst að bora til þeirra nokkrum vikum eftir að þeir lokuðust inni.

Þrír borar eru notaðir til að bora breiðari göng niður til mannanna, svo hægt verði að flytja þá sjálfa upp á yfirborðið með þar til gerðum hylkjum, sem sérstaklega hafa verið smíðuð í þessu skyni.

Mennirnir hafa unnið að því að flytja burt grjótmylsnu, sem hrunið hefur niður í dvalarstað þeirra í göngunum meðan borað hefur verið niður til þeirra.

Mennirnir lokuðust niðri í göngunum þann 5. ágúst þegar 700 þúsund tonn af grjóti hrundu og lokuðu af neðri hluta ganganna. Í fyrstu var talið að mennirnir hefðu farist, en eftir að samband náðist við þá hafa ættingjar og vinir dvalist við yfirborðið og beðið eftir frelsun ástvina sinna.



LETRUÐ Í STEIN Nöfn námumannanna og hjálmur ofan á. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikill fögnuður braust út þar í vikunni þegar Cristian Barra iðnaðarráðherra sagði að byrjað yrði að æfa björgunaraðgerðir á morgun, föstudag, með þyrlum og flutningabifreiðum.

Hann vildi þó ekki fullyrða að björgunin sjálf væri á næsta leiti: „Þetta þýðir bara að við viljum vera vel undirbúin svo engin mistök verði gerð þegar björgunin hefst.“

Sebastian Pinera forseti sagði þó, nú í byrjun vikunnar, að vonir stæðu til þess að mennirnir yrðu komnir út undir bert loft áður en hann færi af landi brott í Evrópureisu, en þeirri ferð hefur verið frestað til 17. október. gudsteinn@frettabladid.is



VILDARÞJÓNUSTUTILBOÐ Í HREYFINGU
VILDARÞJÓNUSTA BYRS
Kynntu þér kostina á byr.is
Gefðu þér tíma fyrir það sem skiptir máli
Heilsan skiptir öllu máli. Þess vegna fá viðskiptavinir Vildarþjónustu Byrs frítt vikukort hjá Hreyfingu og 20% afslátt af Betri aðild með margs konar fríðindum. Komdu í Hreyfingu – glæsilega líkamsræktarstöð með einstakri Blue Lagoon slökunaraðstöðu.
BYR
BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is
Vertu í Vildarþjónustu Byrs og fáðu aukin fríðindi, persónulega þjónustu og sjálfvirkar lausnir sem veita þér betri yfirsýn yfir fjármálin. Þannig færðu tíma fyrir það sem skiptir máli. Að auki færðu ýmis sértilboð hjá samstarfsaðilum.
DYNAMO REYKJAVIK

## Útgjöldin

> Kílóverð á haframjöli í ágúst




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Hlynur Hallsson myndlistarmaður

# *Tölvan virkar eftir tuttugu ára notkun*



„Gamla Macintosh-tölvan sem ég keypti 1989 myndi ég segja að væru bestu kaupin sem ég hef gert,“ segir Hlynur Hallsson myndlistarmaður.

Að sögn Hlyns hafði hann vissa fordóma gagnvart Macintosh en fór að ráðum myndlistarmannsins Godds og skellti sér á tölvuna. „Ég sé ekki eftir því. Þetta var frábær tölva. Hún virkar meira að segja enn þann dag í dag þótt það sé nú eiginlega fyrst og fremst sem ritvél,“ segir hann.

Verstu kaup sín segir Hlynur meðal annars hafa verið í ýmis konar fatnaði. „Maður keypti eitthvað af því að maður hélt að það myndi virka og átti það síðan lengi inn í skáp þar til maður var loks búinn að sætta sig við að flíkurnar voru misheppnaðar. Þá gat maður gefið þær með góðri samvisku til Rauða krossins,“ útskýrir Hlynur hefðbundna ferlið með glataða fatnaðinn sem hann eignaðist.

„Ég held ég verði líka að nefna báða bílana sem ég hef keypt. Það er alltaf eitthvað vesen með bíla; þeir eru dýrir í rekstri og það þarf stöðugt að vera að fara með þá í viðgerð. Og þá held ég að ég verði að segja að hjólin sem ég hef átt komast í flokk með Macintosh-tölvunni sem bestu kaupin,“ segir Hlynur Hallsson.

## Neytendastofnanir skoða auglýsingar á Facebook

Norrænar neytendastofur hafa tekið höndum saman um að taka auglýsingar á Facebook og skyldum vefsíðum til skoðunar, leggja mat á markaðssetninguna og setja meginreglur sem fylgja skal við hana. Þetta var ákveðið á sameiginlegum fundi norrænna neytendastofnana sem fram fór í Osló í lok september, að því er segir á vef Neytendastofu. Algengt sé að auglýsingar á netinu séu sérsniðnar að notendunum sem veki spurningar um hvort notkun persónuupplýsinga sé innan ramma laganna. Þá vilja neytendastofnanirnar auk þess skoða sérstaklega þau vandamál sem snerta börn á Facebook eða í öðrum netsamfélögum.

## Vörumerkin ekki nógu lík

Vörumerkin Hornið og Veiðihornið eru nægilega ólík til að Neytendastofa muni ekki aðhafast vegna þess, að því er segir á vef stofnunarinnar. Bráð ehf. kvartaði þangað yfir keppinautinum Veiðihorninu. Bráð hafði lengi notast við vörumerkið Veiðihornið. Ríkisskattstjóri felldi út gildi skráningu firmaheitisins Veiðihornsins vegna þess, en Bráð ehf. hélt til streitu kvörtuninni um vörumerkið. Í ákvörðun Neytendastofu segir að „merkin í heild séu mjög ólík, annars vegar sé um að ræða merki með orðinu VEIÐIHORNIÐ og mynd af fugli og fiski og hins vegar sé um að ræða merki með orðinu HORNIÐ og mynd af golfkylfu og veiðistöng, sem mynda nokkurs konar V fyrir framan orðið, og línu úr veiðistönginni sem myndar fisk fyrir miðju orði. Fyrir neðan orðið HORNIÐ stendur „útivist og veiði“.“ Þetta sé ekki nógu líkt til að banna notkun á því síðarnefnda.

## Heimsmarkaðsverð á dísilolíu hækkar

Nú er dísilolía dýrari en bensín hér á landi og er ástæðan árstíðabundin hækkun á heimsmarkaðsverði. Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir þetta engar nýjar fréttir og árið 2008 hafi dísilolía einnig verið mun dýrari en bensín. Um 60 prósent bíla í Evrópu gangi fyrir dísilolíu og eftirspurn á heimsmarkaði sé þar af leiðandi mikil. Einungis um 15 prósent bíla hér á landi ganga fyrir dísilolíu.

„Það eru lægri gjöld á dísilolíu heldur en á bensíni í Evrópu vegna þess að dísilbílar eru almennt sparneytnari,“ segir Hermann. „Það er verið að hugsa um umhverfið.“

Már Erlingsson, framkvæmdastjóri innkaupa- og birgðasviðs Skeljungs, segir hækkunina oftast árstíðabundna og mun meiri eftirspurn sé eftir dísilolíu á haustin og veturna.



**UMHVERFISVÆNN BÍLL** Tvinnbíllar sem þessi verða sífellt vinsælli í heiminum og ganga bæði fyrir rafmagni og bensíni eða dísilolíu.

# Matarleifar notaðar sem eldsneyti

**Orkey á Akureyri hefur framleiðslu lífdísilseldsneytis í mánuðinum og notar til þess úrgang frá veitingastöðum og sláturhúsum. Fyrirtækið hirðir steikingarfeiti, mör og dýrafitu og framleiðir úr þessu eldsneyti sem blandast við hefðbundna dísilolíu.**

Nýsköpunarfyrirtækið Orkey á Akureyri er í þann mund að hefja framleiðslu á lífdísil, öðru nafni Biodiesel, sem er lífrænt eldsneyti unnið úr fitu og plöntum. Orkey hirðir steingarfeiti frá veitingastöðum, mör og dýrafitu frá sláturhúsum um allt land sem annars yrði fargað. Úr því er síðan unnið eldsneyti.

„Við gerum samninga við veitingastaðina og sláturhúsin sem gera það að verkum að þeir þurfa ekki að borga förgunargjald. Við tökum hana frítt hjá þeim og búum til eldsneyti,“ segir Kristinn Sigurharðarson, framkvæmdastjóri Orkeyjar. Hann segir mengunina frá lífdísileldsneyti mun minni heldur en gengur og gerist.

„Brennsla á lífdísil er mun minni en á venjulegri olíu, eða um 80 prósent,“ segir Kristinn. „Þetta er endurnýjanleg orka sem er búin til úr rusli.“

Lífdísil hefur verið flutt inn til landsins fram að þessu og er því oftast blandað við venjulega dísilolíu, allt frá tíu og upp í áttatíu prósent. Lífdísil er selt á markaði á svipuðu verði og hefðbundin dísilolía.

Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri Orkustofnunar, er ánægður með framtakið.

„Þetta er nákvæmlega það sem við viljum sjá. Endurnýtingu í orkuframleiðslu og koma úrgangi í gagnið,“ segir Guðni.

„Oft er það þannig að eldsneytisframleiðsla í litlum mæli borgar sig vegna þess að staðirnir þurfa að losna við steikingarfitu hvort eð er og losna við kostnaðinn sem því fylgir.“

Guðni segir að þegar á heildarmyndina sé litið fylgi því lítill viðbótarkostnaður að breyta úrganginum í eldsneyti.

„Þegar aðilar ná að nýta sorp og spilliefni sem annars yrði fargað geta einmitt opnast svona skemmtilegir möguleikar,“ segir Guðni.

sunna@frettabladid.is

## Tegundir af vistvænu eldsneyti

**DME** Dímetýleter er litlaust gas sem hægt er að nota sem eldsneyti í lítið breyttum dísilvélum. Venjulega framleitt úr efnasmíðagasi sem er blanda vetnis og kolmónoxíðs.

**Etanól** Framleitt úr jurtum eins og maís og sykurreyr. Etanól má einnig framleiða úr grasi eða lúpínu sem unnt er að afla innanlands. Í Brasilíu eru nær allir bílar fjölorkubílar sem ganga fyrir hvaða blöndu etanóls og bensíns sem er og aukin eftirspurn er eftir etanóli í Bandaríkjunum. Þar er verð á etanóli orðið sambærilegt við bensínverð.

**Lífdísilolía (Biodiesel)** Hefur verið flutt inn síðan 2004 og seld sem B5 eða B10 eldsneytisblanda. Þar sem hægt er að blanda lífdísilolíu við dísilolíu nýtast núverandi innviðir þar með. Það er mögulegt að framleiða lífdísilolíu hérlendis úr úrgangsdýrafitu eða orkuplöntum.

**Metan** Hefur verið notað hér á landi undanfarin ár sem eldsneyti á nokkrar bifreiðar. Metan er skæð gróðurhúsalofttegund og því verður að safna því saman og brenna til þess að eyða því. Bílar sem keyra á metani og bensíni eru nú þegar á markaði. Metan sem ökutækjaeldsneyti getur átt sér uppsprettu sem lífrænt eldsneyti unnið úr úrgangi eða ræktuðum plöntum og úr jarðgasi.

**Rafmagn** Rafbílar eru bílar sem ganga beint og alfarið fyrir rafmagni sem geymt er í rafhlöðum um borð. Þróun í gerð rafhlaðna hefur til þessa ekki gert þennan kost fýsilegan. Hreinir rafbílar eru talsvert notaðir víða erlendis í sértækri notkun, þar sem aksturslengdir eru stuttar og auðvelt að koma við tíðri hleðslu.

**Tvinnbílar** Bílar sem bæði hafa rafhreyfil og bensín- eða dísilvél sem aflgjafa, komu á markað árið 1997. Þetta eru ekki eiginlegir rafmagnsbílar í þeim skilningi að orkugjafinn sé rafmagn, en þeir eru sparneytnari en hefðbundnir bílar. Þessir bílar eru dýrari í innkaupum en þrátt fyrir það njóta tvinnbílar æ meiri vinsælda.

**Vetni** Orkuberi sem geymir rafmagn í sama skilningi og rafhlöður. Þá er hugsað til þess að innlent rafmagn fengið úr rafkerfinu væri notað til að rafgreina vetni úr vatni, vetnið sé geymt í farartækinu og því aftur breytt í rafmagn við notkun. Tæknin er þó enn í þróun og búnaðurinn er enn þá afar dýr. Orkunýtnin í heildarferlinu frá rafkerfinu og til rafhreyflanna í farartækinu er talsvert lakari en ef unnt væri að geyma rafmagnið í rafhlöðum.

**Upplýsingar af heimasíðu Orkustofnunar, www.os.is.**




# Mjólkur- & ostadagar í Hagkaup
# 7. - 17. október




**Ostameistarar**
ráðleggja um osta og aðrar mjólkurvörur

**Einkaþjálfarar**
gefa ráð um notkun prótein- og íþróttadrykkja

**Hjúkrunar- og næringafræðingar**
ráðleggja um notkun Benecols við lækkun blóðþrýsting

7. okt. í Hagkaup Skeifunni
8. okt. í Hagkaup Garðabæ
9. okt. í Hagkaup Kringlunni






GETRAUNALEIKUR Í SKEIFUNNI, KRINGLUNNI OG GARÐABÆ
Komdu og giskaðu á magnið af kókómjólk! Vegleg verðlaun í boði!

*Þú færð kraft úr kókómjólk*






24 Hagkaup **OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 10. október á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**437 HAFA NÝTT SÉR SÉRSTÆKA SKULDAAÐLÖGUN** hjá bönkunum og 128 fengið úrlausn sinna mála. Öðrum hefur ýmist verið hafnað eða mál þeirra eru enn í vinnslu, að því er fram kemur í skýrslu Eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun.



**EYÞÓR ÍVAR JÓNSSON** Þrátt fyrir óvissu í íslensku samfélagi hafa fjárfestar sjaldan verið spenntari fyrir því að kaupa hlutafé sprotafyrirtækja, segir framkvæmdastjóri Klaks.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Meiri áhugi nú en áður á sprotunum

„Ég held að áhugi fjárfesta á sprotafyrirtækjum sé meiri nú en áður. Þótt menn séu varfærnir eru dæmi sem sanna að einstaklingar eru enn tilbúnir að setja fjármagn í sprotafyrirtækin,“ segir dr. Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins og stjórnarformaður Sprotaþings, sem heldur Seed Forum Iceland.

Tólfta fjárfestaþing Seed Forum Iceland verður haldið í Arion banka í dag. Þar munu fulltrúar fimm íslenskra sprotafyrirtækja kynna hugmyndir sínar og starfsemi fyrirtækjanna auk tveggja norskra. Fyrirtækin leita öll fjárfesta, jafnt innlendra sem erlendra.

Á meðal þeirra fyrirtækja sem fundið hafa fjárfesta á fjárfestaþinginu í gegnum tíðina er tölvuleikjafyrirtækið CCP.

Á meðal fyrirtækjanna eru Icelandic Hydrogen, sem vinnur að lausnum fyrir vetnissamgöngur hér á landi og A de Norvége, sem sérhæfir sig í útflutningi á vatni á tankskipum og átöppun á vatni.

Tonni Bülow-Nielsen, fjárfestir frá danska áhættufjárfestingasjóðnum Vækstfonden, verður aðalræðumaður á fjárfestaþinginu.

Vækstfonden hefur verið leiðandi í danska sprota- og nýsköpunargeiranum síðastliðin átján ár og komið að fjárfestingum í fjögur þúsund fyrirtækjum. **- jab**

# Færðu lán á milli banka með afslætti

**Endurmetið virði útlánasafna bankanna hefur verið fært sem hagnaður í bókum þeirra. Mismuninn ætti frekar að nýta betur, svo sem til að leiðrétta efnahagsreikning fyrirtækja, segir framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.**

Lánasöfn gamla Kaupþings voru færð yfir til Arion banka með sextíu prósenta afslætti. Bæði Arion banki og Íslandsbanki hafa á síðustu átján mánuðum uppfært virði lánasafna, enda reikna þeir með betri heimtum en gert var ráð fyrir í kringum bankahrunið.

„Þetta sýnir að bankarnir hafa verulegt svigrúm til að leiðrétta efnahagsreikninga lítilla og meðalstórra fyrirtækja,“ segir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. Hann var með erindi á fundi félagsins gær í tilefni af því að tvö ár voru liðin frá því að Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, bað Guð að blessa Ísland. Almar gerði að umtalsefni að einungis 51 fyrirtæki hefði farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu hjá bönkunum.

Á fundinum sýndi Almar endurskoðaða ársreikninga Arion banka og Íslandsbanka. Þar sást skýrt mat á virði lánasafna. Samkvæmt uppgjöri Arion banka var nafnvirði útlánsafns gamla bankans metið á 1.237 milljarða króna. Afslátturinn við yfirfærslu nam 738 milljörðum króna. Bókfært virði lánasafnsins var rétt rúmir 466 milljarðar í síðasta uppgjöri.



**BANKARNIR VERÐA AÐ BÆTA SIG** Almar Guðmundsson, hér Þorsteini Pálssyni á hægri hönd, segir bankana geta nýtt svigrúm við endurmat á lánasöfnun til að lækka skuldir einstaklinga og fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þegar bankinn mat greiðslugetu viðskiptavina kom í ljós að þeir gátu greitt meira en reiknað hafði verið með. Bankinn þarf því að færa lánin upp,“ segir Almar og bendir á að við endurmatið myndist svigrúm, sem fram til þessa virðist aðeins hafa færst sem hagnaður í bókum bankanna. „Það mætti klárlega nýta betur en þegar hefur verið gert,“ segir Almar og vísar til þess að bankarnir hafi getað það í tengslum við gengistryggð bílalán einstaklinga.

**jonab@frettabladid.is**





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# FÁKEPPNI ROFIN

## = Lægra verð til neytenda

## Múrbúðin selur grófvöru

- ☑ Gifsplötur
- ☑ Stálstoðir
- ☑ Krossviður
- ☑ Spónarplötur
- ☑ Mótakrossviður
- ☑ MDF plötur
- ☑ Steinull
- * Styrkleikaflokkað timbur
- * Byggingatimbur
- * Heflað timbur

* væntanlegt fljótlega

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**



Leigðu bíl í flutninginn hjá okkur gegn vægu gjaldi

***Smiðjuvegi 72, Kópavogi***

***(hjá Sólningu)***

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Beinið viðskiptunum til þeirra sem stuðla að verðlækkunum á byggingavörumarkaði

**MÚRBÚÐIN**
**GRÓFVARA**

*Sími 517 6062- einar@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Verður ákveðið að afleggja landsdóm í miðjum fyrstu landsdómsréttarhöldunum?

## Stjórnlagaþings- og landsdómssull

Stjórnlagaþings sem sett verður í febrúar og starfa á í tvo til fjóra mánuði bíða mörg snúin verkefni. Hlutverk þess er að undirbúa frumvarp að endurbættri stjórnarskrá og á það að hafa niðurstöður þjóðfundar um stjórnarskrá sem haldinn verður 6. nóvember til hliðsjónar við verkið.

Þessi endurskoðun stjórnarskrárinnar er hluti af þeim lýðræðisumbótum sem ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu að ráðast í eftir hrun bankanna. Almenningi er ætlað að annast verkið, alþingismönnum er beinlínis meinuð seta á stjórnlagaþinginu. Það breytir því hins vegar ekki að stjórnarskránni verður ekki breytt nema með ákvörðun Alþingis. Þarf tvöfalt samþykki til, með kosningum á milli.

SKOÐUN



Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is

Í ljósi þess að þingið ákvað að það ætti ekki sjálft aðkomu að stjórnlagaþinginu er sérstakt að þingið í heild eða einstaka þingmenn skuli leggja til breytingar á stjórnarskrá í aðdraganda stjórnlagaþings. Síðast var það gert með formlegum hætti í ályktun Atlanefndarinnar en hún var samþykkt með 63 atkvæðum. Í henni er í fyrsta lagi mælt fyrir um almenna endurskoðun stjórnarskrárinnar (sem þingið hafði reyndar löngu ákveðið og þurfti ekki nýja samþykkt til) og í öðru lagi er mælt fyrir um endurskoðun laga sem eiga sér stoð í stjórnarskránni. Á það við um lög um ráðherraábyrgð og lög um landsdóm.

Í þingumræðunum um landsdómsákærurnar kom ítrekað fram hjá fjölmörgum þingmönnum að málið væri byggt á úreltum lögum sem þyrfti að færa til nútímahorfs. Meðal annars ítrekaði forsætisráðherrann þá kunnu skoðun sína að meta bæri kosti og galla þess að afleggja landsdóm.

Það verður ekki gert nema með breytingu á stjórnarskrá.

Í ljósi þess að öll stjórnarskráin er undir í störfum stjórnlagaþings bendir allt til þess að um leið og réttað er fyrir landsdómi í fyrsta sinn fari fram ítarlegt mat þar til kjörins þings á tillögum um að leggja beri þann sama landsdóm niður.

Alls ekki er útilokað – allt eins bara nokkuð líklegt – að stjórnlagaþing komist að þeirri niðurstöðu að landsdómsfyrirkomulagið sé úrelt og að betur fari á að fela almennum dómstólum að fjalla um meint embættisbrot ráðherra. Ástæðulaust sé að mál ráðherra fari í annan farveg en annarra. Ástæðulaust sé að Alþingi hafi ákæruvald. Ástæðulaust sé að halda vakandi efasemdum um að mannréttindi séu að fullu virt í málshöfðunum gegn ráðherrum. Dæmið sanni að pólitík og saksókn sé hættuleg blanda, jafnvel skaðleg samfélaginu.

Stjórnlagaþing gæti því lagt til við Alþingi að leggja beri landsdóm niður á sama tíma og mál Geirs Haarde er þar til meðferðar. Það yrðu í meira lagi sérkennileg skilaboð inn í þinghaldið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rangur nefndarfundur?

Sigmundur Ernir Rúnarsson, alþingismaður Samfylkingarinnar, sendi frá sér tilkynningu á sunnudagskvöld um að kalla þyrfti heilbrigðisnefnd Alþingis saman til fundar „vegna hugmynda um verulegan niðurskurð á framlögum ríkisins til reksturs heilbrigðisstofnana víða um land“. Fundur í heilbrigðisnefnd þingsins var haldinn í gær og þar voru fjárlögin á dagskrá. Eins og venja er fjalla fagnefndir um fjárlögin þegar þau eru að renna sína slóð gegnum þingið.



Samkvæmt vef Alþingis er Sigmundur Ernir ekki lengur einn af nefndarmönnum í heilbrigðisnefnd. Hann er hins vegar einn þeirra sex þingmanna sem mynda meirihluta í ellefu manna fjárlaganefnd og þannig í góðri aðstöðu til að hafa mikil áhrif á afdrif málsins í nefndinni.



### Óháður varaformaður

„Við erum ekki hluti af neinu stjórnmálaafli, sagði Ásta Hafberg, sem var að undirbúa mótmæli á Austurvelli í gær, þegar mbl.is tók hana tali. Samkvæmt heimasíðu Frjálslynda flokksins er hún enn skráð varaformaður þess flokks og sem slík kom hún fram í DV fyrir fáum dögum. En í gær hafði varaformaður Frjálslynda flokksins þetta að segja: „Við ættum að leggja flokkunum í smá tíma og leyfa þeim að endurskipuleggja sig í friði.“

peturg@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Samvinna um skuldavanda og atvinnu

Mótmælin



Eygló Harðardóttir
alþingismaður

Mótmælin á Austurvelli sýna mikla örvæntingu, reiði og hræðslu við framtíðina. Vandinn er gífurlegur. Við stöndum frammi fyrir gjaldþrota bankakerfi, gjaldþrota fyrirtækjum, gjaldþrota einstaklingum og nánast gjaldþrota ríkissjóði. Enginn, ég endurtek, enginn stjórnmálamaður leikur sér að því að leggja til 30-40 milljarða króna niðurskurð á velferðarkerfinu. Enginn stjórnmálamaður vill sjá nokkra fjölskyldu missa heimili sitt á uppboði. Enginn stjórnmálamaður vill sjá íslenskt atvinnulíf í þeim lamasessi sem það er í dag.

Þetta er þó sá ömurlegi veruleiki sem við höfum staðið frammi fyrir síðan í október 2008.

Síðustu daga hafa fjölmargir tölvupóstar borist til þingmanna. Margir lýsa yfir vantrú sinni á að þingmenn geti yfir höfuð starfað saman. Stjórnvöld standa í einu horninu, stjórnarandstaðan í öðru, hagsmunasamtök atvinnurekenda og launþega í því þriðja og lífeyrissjóðirnir í því fjórða, allir með boxhanskana á lofti. Í miðjunni stendur svo almenningur og á honum dynja höggin úr öllum áttum.

Því hafa mjög blendnar tilfinningar bærst í mínu brjósti. Ein af spurningunum sem ég hef spurt mig er hvernig stjórnmálamenn Íslendingar vilja. Viljum við stjórnmálamenn sem segja það hreint út að engin kanína sé í hattinum og að engar töfralausnir séu til? Eða viljum við stjórnmálamenn sem segja okkur það sem við viljum heyra?

Það er sannfæring mín að það séu til lausnir en þær eru ekki einfaldar. Almenn skuldaleiðrétting er ekki einföld, en hún er framkvæmanleg. Réttlátur niðurskurður í velferðarkerfinu er ekki einfaldur en hann er framkvæmanlegur. Endurreisn atvinnulífsins er ekki einföld en hún er framkvæmanleg. Sanngjörn skipting byrðanna er ekki einföld en hún er framkvæmanleg.

Í ályktun þingmannanefndarinnar voru þingmenn hvattir til að sýna heiðarleika, hugrekki og festu. Það viljum við framsóknarmenn gera. Við viljum að tekið verði á skuldavanda heimila og fyrirtækja af festu. Dreifa verður byrðunum og allir verða að axla ábyrgð á vandanum af hugrekki. Ekki bara skuldarar, ekki bara lífeyrisþegar, ekki bara atvinnurekendur og ekki bara launþegar. Heldur við öll.

Skilaboð okkar framsóknarmanna eru því skýr. Við viljum samvinnu um almennar aðgerðir í þágu heimilanna og endurreisn atvinnulífsins. Við erum reiðubúin til samvinnu við hvern þann sem vill takast á við það mikla verkefni með okkur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Enn um nýja stjórnarskrá



Í DAG
Þorvaldur Gylfason
Prófessor

> Eftir á að hyggja hefði stjórnarskráin þurft að girða fyrir valdníðslu tvímenninganna. Því þarf nú að skerpa ákvæði stjórnarskrárinnar um vald forseta Íslands.

Stjórnarskráin, sem þjóðin samþykkti á Þingvöllum 17. júní 1944, var sniðin eftir dönsku stjórnarskránni og er enn í meginatriðum samhljóða henni. Stjórnarskráin færði forseta Íslands formlegt vald til að veita löggjafarþinginu aðhald og einnig framkvæmdarvaldinu, sama vald og Margrét Danadrottning hefur í Danmörku. Valdi forsetans var ætlað að treysta valdmörk og mótvægi í samræmi við hugmyndina um þrískiptingu valds innan ramma þingræðisins. Málskotsréttur forsetans samkvæmt stjórnarskránni er skýr eins og Svanur Kristjánsson prófessor lýsti vel í Skírni 2002, tveim árum áður en málskotsréttinum var fyrst beitt í fjölmiðlamálinu 2004. Sigurður Líndal prófessor lýsti málskotsréttinum nánar í Skírni 2004, og það gerði einnig Reynir Axelsson dósent í Morgunblaðinu 2004. Þessum rétti sínum hefði forsetinn getað beitt fyrr og oftar. Af þeirri staðreynd, að málskotsréttinum var ekki beitt í 60 ár, drógu sumir þá ályktun, að forsetaembættinu væri í reyndinni ætlað að vera valdalaust þvert á orðanna hljóðan í stjórnarskránni. En það var alröng ályktun. Framkvæmdarvaldið hafði að vísu gengið á lagið og lagt að heita má undir sig löggjafarvaldið og einnig að miklu leyti dómsvaldið með pólitískri skipan dómara. Stjórnarskráin er eigi að síður alveg skýr. Ákvæðum hennar um vald forseta Íslands svipar til að mynda til ákvæða í frönsku stjórnarskránni, og þar hefur forsetinn talsverð völd til mótvægis við þing og ríkisstjórn.

**Ólík sjónarmið um vald forseta**

Konungur og drottning Danmerkur hafa ekki þurft að skipta sér af löggjöf og stjórnarathöfnum þar í landi, þótt stjórnarskrá landsins veiti skýra heimild til slíkra afskipta. Danir eru agaðri og vandari að virðingu sinni og siðum en Íslendingar. Reynslan virðist sýna, að Íslendingar þurfi strangari stjórnarskrá en Danir. Undan þeirri staðreynd verður ekki vikizt, að tveir menn lögðu Ísland nánast undir sig eftir 1995 og tefldu landinu jafnvel í stríð í Írak án þess að spyrja kóng eða prest. Þeir einkavæddu bankana á rússneska vísu, svo sem lýst er í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og víðar, og lögðu grunninn að hruninu 2008 með þeim árangri, að gengi krónunnar hefur frá þeim tíma verið haldið uppi með neyðarhjálparfé frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og norrænum skattgreiðendum. Eftir á að hyggja hefði stjórnarskráin þurft að girða fyrir valdníðslu tvímenninganna. Því þarf nú að skerpa ákvæði stjórnarskrárinnar um vald forseta Íslands, úr því að valdheimildir hans samkvæmt stjórnarskránni eins og hún er dugðu ekki til.

Hér koma ýmis sjónarmið til álita. Í fyrsta lagi má nefna þá skoðun Ólafs Jóhannessonar, síðar forsætisráðherra, sem hann lýsti í Helgafelli 1946, að setja þurfi sérstakt ákvæði í stjórnarskrána um rétt forseta til að mynda utanþingsstjórn, takist Alþingi ekki að mynda starfhæfa stjórn, svo sem gerðist 1942. Ákvæðið þarf að skapa utanþingsstjórninni viðunandi starfsskilyrði með því að gera henni kleift að koma brýnum málum í gegn, til dæmis fjárlagafrumvörpum. Skoðun Ólafs gengur þó að minni hyggju of skammt. Við hana þarf að bæta heimild handa forsetanum í stjórnarskrá til að vísa til þjóðaratkvæðis ekki aðeins frumvörpum, sem þingið samþykkir, svo sem nú er hægt, heldur einnig frumvörpum, sem þingið hafnar, og það væri nýjung. Þannig gæti forsetinn vísað lagafrumvörpum utanþingsstjórnar til þjóðaratkvæðis fram hjá þinginu. Trausti rúið Alþingi gæti þá ekki staðið í vegi fyrir framgangi mála vinsællar utanþingsstjórnar. Þriðja sjónarmiðið gengur lengst, það sjónarmið Gylfa Þ. Gíslasonar, síðar menntamálaráðherra, sem hann lýsti í Helgafelli 1946, og síðar Vilmundar Gylfasonar alþingismanns um 1980, að veita forsetanum vald til að skipa ríkisstjórn, svo að utanþingsstjórn að bandarískri og franskri fyrirmynd yrði reglan, ekki undantekningin. Ýmsar útfærslur þessara sjónarmiða koma til álita og þarf að ræða vandlega við undirbúning nýrrar stjórnarskrár.

**Stöndum við varnarlaus?**

Sterk rök hníga bæði að þingræði og að valddreifingu milli þings og forseta sem helzta handhafa framkvæmdarvaldsins. Báðar aðferðir hafa ljósa kosti og galla. Það ræðst af sögulegum aðstæðum, hvorn háttinn vænlegra er að hafa á stjórnskipaninni. Nú, þegar þingræðisskipulagið hefur brugðizt og skilur eftir sig mikinn skaða heima og erlendis, er rétt að reyna valddreifingu, og þótt fyrr hefði verið. Hvað getum við þá gert til að koma í veg fyrir, að flokkarnir leggi undir sig forsetaembættið? Því er vandsvarað. Það myndi hjálpa að segja sannleikann um gömlu flokkana. Við höfum átt þrjá farsæla forseta óskylda flokkunum og óháða þeim. Við getum stofnað nýja flokka. En þegar allt kemur til alls, stöndum við berskjölduð frammi fyrir okkur sjálfum. Hvað sem verður megum við aldrei hvika frá frumreglu lýðræðisins eins og George Brown utanríkisráðherra Breta lýsti lýðræði: There shall be no one to stop us from being stupid if stupid we want to be.







# Réttlætiskennd misboðið

Landsdómur

Jónína Bjartmarz
lögfræðingur og athafnakona



Nú liggur það fyrir að Alþingi reyndist ófært um að leiða uppgjör við þjóðina vegna hrunsins til lykta. Sú niðurstaða sem varð í atkvæðagreiðslunni á Alþingi að ábyrgð og sök er felld á einn mann misbýður almennri réttlætiskennd. Núverandi forsætisráðherra sagði um skýrslu og tillögur þingmannanefndarinnar að hún vonaðist til að þær yrðu til að „róa almenning“. En var það tilgangurinn með öllu saman – að róa þjóðina tímabundið? Ég fullyrði að almennar væntingar voru meiri og háleitari. Að almennt hafi fólk að minnsta kosti vonast eftir lyktum sem ættu meira skylt við réttlæti og sanngirni – hvar sem það annars skipar sér í stjórnmálaflokk. Margir vonuðust jafnvel eftir niðurstöðu sem væri til þess fallin að eyða landlægri tortryggni og vantrausti – skapa einhvers konar sátt og leggja grundvöll að endurreisn samfélagsins.

Þess í stað hefur vonin sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis vakti um heiðarlegt uppgjör hrunsins snúist upp í andhverfu sína og inni á Alþingi ganga ásakanir á milli þingmanna um undirmál og pólitískar ofsóknir, brigsl um svik og heitingar af ýmsum toga. Afleiðingin er skert starfshæfni þingsins, nú þegar brýnustu viðfangsefnin þola enga bið – þau sem snúa að daglegu brauði, framtíð og heill fjölmargra fjölskyldna. Ástæða alls þessa er hvernig Alþingi hélt á málinu frá upphafi til enda.

Ef ætlunin var raunverulega að gera á heiðarlegan hátt upp við þjóðina hlut Alþingis og stjórnsýslunnar í hruninu þá átti í fyrsta lagi að leita aðstoðar utan þings og fela óháðum aðilum að fara yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og gerð tillagna um viðbrögð löggjafarsamkomunnar við henni – í stað þess að Alþingi ætlaði sér það ofverk að rannsaka og dæma í eigin sök. Í öðru lagi átti ekki að einskorða viðbrögðin við „úrræði“ laga um ráðherraábyrgð og þriggja ára fyrningarfrest þeirra og loks áttu fyrrum samstarfsmenn ráðherranna fjögurra – sem þingsályktunartillagan um Landsdóm tók til – ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslu um ákærurnar. Þeir áttu að sitja hjá eða víkja sæti.

Í desember 2009 þegar lagt var fram frumvarp til breytinga á lögunum um rannsóknarnefnd Alþingis (m.a. um lengingu skilafrests) urðu umtalsverðar umræður um þá tilhögun að sérstök „þingmannanefnd“ tæki við keflinu þegar rannsóknarnefnd Alþingis lyki vinnu sinni. Nánar tiltekið átti sú nefnd að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og gera tillögu um viðbrögð þingsins, byggt á þeirri forsendu að í skýrslunni yrði að finna faglega greiningu á ástæðum bankahrunsins sem „þyrfti að liggja til grundvallar almennu pólitísku uppgjöri málsins.“ Síðan, eftir atvikum átti það jafnframt að vera hlutverk þingmannanefndarinnar „að móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það er hlutverk þingsins.“

Í umræðum á Alþingi um þetta mál var ítrekað bent á að þingmenn væru ekki færir um að leggja hlutlaust mat á eigin störf, formanna sinna og samstarfsmanna heldur væri nauðsynlegt að hlutlausir aðilar kæmu að vinnslu málsins. Að vísu voru það aðeins þingmenn Hreyfingarinnar sem höfðu uppi þessar mótbárur og þeir voru kveðnir í kútinn m.a. með brigslyrðum um að þeir væru með orðræðu sinni og tillögum um að hafa annan hátt á að grafa undan tiltrú og trausti á Alþingi! – Þetta voru að mínu mati fyrstu „mistök“ Alþingis í þessum málum – að ætla sjálfu sér að rannsaka sjálft sig og meta sök. Ástæðan er sú að skýrsla rannsóknarnefndarinnar felur í sér ávirðingar á Alþingi sjálft, m.a. fyrir vanrækslu á aðhalds- og eftirlitsskyldu þess. Þingmannanefndin segir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé „áfellisdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu“ eins og segir í tillögu til þingsályktunar (um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010).

Þegar rannsóknarnefnd Alþingis skilaði skýrslu sinni kom á daginn að hún hafði aflað viðamikilla upplýsinga og gagna sem góðu heilli vörpuðu ljósi á aðdraganda og orsakir bankahrunsins. Að þeim niðurstöðum fengnum lá fyrir skýrari mynd af flókinni og þvældri röð atburða, aðgerða og athafnaleysis. – Að auki, svo sem ráð var fyrir gert í lögunum um nefndina, sendi hún fjölda tilkynninga um mál þar sem grunur lék á um refsiverða háttsemi tengda starfsemi fjármálafyrirtækja til sérstaks saksóknara – þar sem mál eru nú í rannsókn og allt óljóst enn um saksókn, hvað þá hvernig málum muni reiða af fyrir dómi.

Jafnframt lýsti nefndin mati sínu á því – svo sem henni hafði verið falið – hverjir kynnu að bera ábyrgð á hugsanlegum mistökum í aðdraganda bankahrunsins og hefðu sýnt af sér „vanrækslu“ í störfum sínum.

Niðurstaða rannsóknarnefndarinnar var sú að það væru fyrrv. þrír seðlabankastjórar og fyrrv. forstj. Fjármálaeftirlitsins auk þriggja ráðherra. Samtals 7 manns. – Þessir allir töldust hafa (með nánar tilteknu athafnaleysi hvers um sig) látið „hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga 142/2008.“

Eftir að þingmannanefndin tók til starfa vakti hún bréflega athygli saksóknara á þessum niðurstöðum hvað varðaði bankastjórana og forstjórann. Saksóknari komst hins vegar að þeirri niðurstöðu snemmendis að „að svo stöddu (væri) ekki tilefni til að efna til sakamálarannsóknar“ á hendur þessum fjórum, eins og segir frá í skýrslu þingmannanefndarinnar. Þar segir þó ekkert um rök eða ástæður hans fyrir þessari niðurstöðu. – Þessir virðast því vera lausir allra mála.

Ég mun halda áfram og fjalla í sérstakri grein um önnur og þriðju mistök Alþingis.

## AF NETINU

### Hrun miðstéttarinnar

Skilgreiningar á andófsfólki mánudagsins fara hjá kjarna málsins. Andófið einkenndist ekki af nazistum, hvítliðum, anarkistum, jafnvel ekki venjulegu fólki eins og það er kallað. Allir eru venjulegt fólk. Munurinn á þessu andófi og búsáhaldabyltingunni er, að miðstéttirnar eru sýnilegri en áður. Fólk, sem var góðu vant, er að missa allt. Þess vegna var mikið af jeppum í miðbænum á mánudagskvöldið. Hrunið grisjar miðstéttirnar. Svo er önnur saga, að blóðlykt sogar að sér hýenur og hrægamma. Nýnazistar og Heimdellingar læðast á vettvang, þegar þeir finna blóðlykt. En þeir einkenna ekki andófið.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Miklu meiri erlenda hjálp

Það eina sem hefur bjargað landinu á síðustu tveimur árum eru sérfræðingar AGS, án þeirra væri allt hér í kaldakoli. Það munu ekki allir taka undir með fjármálaráðherra að það verði gleðidagur þegar AGS fer og íslenskir pólitíkusar taka við. Við þurfum ekki minni erlenda hjálp heldur miklu meiri. Því fyrr sem menn gera sér grein fyrir þessu, því fyrr tekst okkur að komast úr úr þessum erfiðleikum.
Svo er athyglisvert að fylgjast með hvernig áróðursmaskínur stjórnmálastéttarinnar og fjölmiðlar hamra á að allt sé hér skuldastöðunni og nýju bönkunum að kenna þegar landinu hefur verið breytt í eitt mesta láglaunaland í Norður-Evrópu. Skuldavandinn er afleiðing en ekki orsök, lág laun og léleg hagstjórn er hin raunverulega orsök sem ekki má tala um.

blog.eyjan.is/angrigeir

**Andri Geir Arinbjarnarson**




SAMSUNG SETRIÐ
TURN ON TOMORROW
NÝ VERSLUN Í SÍÐUMÚLA 9
GLÆSILEG HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Samsung G35
2x80 W
VERÐ 49.900,-
Samsung BD-C5500
BLU-RAY DVD SPILARI
EÐALGRIPUR FRÁ SAMSUNG
OPNUNARTILBOÐ: 34.900,-
Samsung LE-32C575
32" LCD SJÓNVARP
FULL HD · Innbyggður gerfihnattamóttakari
OPNUNARTILBOÐ: 129.900 kr.
NÝ STAFRÆN MYNDAVÉL
Samsung PL100
2 skjáir
12 milljón pixlar
3x Optical Zoom
DIS (Digital Image Stabilization)
Aðeins til fjólublá
VERÐ: 24.900,-
STAFRÆN MYNDAVÉL
Samsung EC-ES71
12.2 milljón pixlar
2,5"skjár · 3x Optical Zoom
DIS (Digital Image Stabilization)
Face detection
TASKA OG 2 GB KORT FYGLIR
VERÐ: 18.900 kr.
Samsung VCC-4180
1800W RYKSUGA
LISTAVERÐ: 17.900,-
OPNUNARTILBOÐ: 14.900 kr.
SAMSUNG Þvottavélar og þurrkarar
20% OPNUNAR AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ 71.920,-
SAMSUNG · Örbylgjuofnar
OPNUNARTILBOÐ
VERÐ FRÁ 19.900,-
Nýtt og glæsilegt!
Samsung UE40C6825
FULL HD–100Hz
Innbyggður gerfihnattamóttakari
3 cm þykkt
40" LED SJÓNVARP
OPNUNARTILBOÐ: 249.900 kr.
Samsung RL 38
KÆLIR/FRYSTIR
182 cm hæð
Litur: Hvítur, stál, svartur
LISTAVERÐ: 179.900 KR.
OPNUNAR-TILBOÐ: 143.920 kr.
Samsung UE46C8705XS
3D LED SJÓNVARP
FULL HD 1920 x 1080 · 16:9 (breiðtjald)
Mega Dynamic Contrast · 200 HZ Motion Plus
40"–399.900 // 46"–499.900
Samsung R530-JT01SE
GLÆSILEG FARTÖLVA
LISTAVERÐ: 149.900,-
OPNUNARTILBOÐ: 119.900 kr.
SAMSUNG
Samsung Galaxy 5
Nýjasti síminn með snertiskjá.
Android stýrikerfi.
VERÐ 39.900,-
EISA AWARD Best Product 2010-2011
3D SOLUTION
Samsung UE40C8000 + HT-C6930W
Það rignir yfir SAMSUNG verðlaunum og viðurkenningum fyrir afburða vandaðar vörur. Það er okkur sannur heiður að opna SAMSUNG SETRIÐ tileinkað fjölbreyttu úrvali af hágæða vöru.
Ávallt velkomin!
Samsung ML-1660
NÝR LASER-PRENTARI
LISTAVERÐ: 23.900,-
OPNUNARTILBOÐ: 17.900 kr.
SAMSUNG SETRIÐ · SÍÐUMÚLA 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI · HEIMABÍÓKERFI · DVD & BLU-RAY SPILARAR · MYNDAVÉLAR · UPPTÖKUVÉLAR · FARTÖLVUR · PRENTARAR
TÖLVUSKJÁIR · FJÖLNOTATÆKI · SKJÁVARPAR · KÆLISKÁPAR · ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR · BÖKUNAROFNAR
HELLUBORÐ · RYKSUGUR · ÖRBYLGJUOFNAR · GSM SÍMAR OG FYLGIHLUTIR

# Nýja orkustefnu strax!

Magmamálið

Björk Guðmundsdóttir
tónlistarmaður



Hinn 17. september kom út skýrsla nefndarinnar um orku- og auðlindamál sem átti m.a. að fjalla um sölu HS Orku til Magma. Þetta eru mjög áhugaverðar 93 blaðsíður sem væri vel hægt að nota sem upphaf á stefnu þjóðarinnar í umhverfismálum og umgengni á auðlindunum, bæði til sjávar og lands. Þegar skýrslan kom út voru nefndarmenn spurðir hvort skúffan í Svíþjóð væri lögleg eða ekki. Þeir sögðu að það væri túlkunaratriði. Samstundis fór það upp á síður fjölmiðlanna að salan til Magma væri í lagi. Málið er ekki alveg svona einfalt. Stjórn Íslands hefur nú fjóra ráðherra í að fara í gegnum þessa skýrslu og mun líklegast koma með niðurstöður fljótlega. Nú á fimmtudag mun fara fram málþing í Háskóla Íslands þar sem ráðið verður í skýrsluna með sérfræðingum, meðal annars nefndarmönnum sjálfum. Ég skora á alla sem hafa áhuga að mæta til að kynna sér þessa mjög svo upplýsandi skýrslu.

Mér finnst of mikil áhersla hafa verið lögð á það í umræðunni um Magmamálið hvort þessi fræga skúffan sé lögleg eða ekki. Það er aðeins smáatriði í stóru spurningunni: vilja Íslendingar einkavæða aðgang að orkuauðlindum sínum? Könnun var gerð þar sem rúm 80% Íslendinga sögðu að þeir vildu það ekki. Til að bregðast rétt við stöðunni þarf ráðamenn með framtíðarsýn og hugrekki, sem eru tilbúnir að breyta lögum og síðan framkvæma róttækar breytingar. Tæp 20.000 manns hafa skrifað undir á orkuaudlindir.is þar sem þeir andmæla sölunni á HS Orku til einkaaðila og krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Vilja ráðamenn þjóðarinnar virkilega þrýsta sölunni á þriðja stærsta orkufyrirtæki landsins í gegn í óþökk Íslendinga? Þetta mál snýst ekki bara um söluna til Magma heldur stefnu þjóðarinnar í orkumálum. Mig langar að minna þjóðina á að þeir sem vilja láta í sér heyra í þessum málum ættu að nota tækifærið og skrifa undir núna.

Geysir Green Energy neitaði þessari stjórnskipuðu nefnd um aðgang að öllum upplýsingum. Síðan sendi Geysir Green umboðsmanni Alþingis fyrirspurn um hversu lögleg afskipti nefndarinnar af sölu HS Orku eru. Telur Geysir Green sig vera yfir allt hafið, meira að segja stjórnvöld landsins? Hljómar þetta eitthvað kunnuglega? Gæti þetta ekki þýtt að þeir hafi eitthvað að fela? Hver eru annars raunveruleg tengsl á milli Suðurorku, Geysir Green, Magma, REI og HS Orku? Þetta þarf að rannsaka á sama hátt og bankahrunið var rannsakað.

Nú þegar hafa ofangreind fyrirtæki sýnt áhuga á Hrunamannaafrétt, Kerlingarfjöllum, Öræfum, Krísuvík, Reykjahlíð og Vogum við Mývatn. Magma myndi ekki aðeins fá einkarétt á nýtingu mikilvægra orkuauðlinda heldur jafnframt þau leyfi og réttindi sem HS Orka og Suðurorka hafa og væri því komið í lykilstöðu víða um land. Eftir bankahrunið ættum við að hafa lært að ekki sé gott að láta fáa viðskiptamenn ákveða örlög okkar og ráðstafa peningunum okkar þar til fjöldi manns hefur bæði misst vinnu, hús, bíl og sjálfsvirðinguna. Reiði þjóðarinnar fór ekki framhjá neinum síðasta föstudag og á mánudag. Á samt að fara með náttúruna okkar á sama hátt? Á að ræna náttúruauðlindir okkar á sama hátt og bankana og almenning?

> En ef við hlúum ekki að náttúruauðlindum okkar núna eigum við á hættu að sýna af okkur vítavert gáleysi gagnvart framtíð okkar og barnanna okkar.

Í síðustu viku var í fréttum að Landsvirkjun hefði tekið enn eitt gígantíska erlenda lánið á okkar nafni á ekki of góðum kjörum, keypt meirihluta að aðgangi á Þeistareyki og lokið svo samþykki við Alcoa og Rio Tinto um að stækka álverið í Straumsvík. Öllu þessu er skellt í gegn án umræðu eða neinnar orkustefnu sem fólk er sammála um. Ef verður af stækkun álversins í Straumsvík og Landsvirkjun klárar verkefni sitt á Þeistareykjum verða langflest jarðvarmasvæði okkar nýtt. Þá er of seint að gera aðra hluti. Þegar hart er í ári og erfitt eins og núna ættum við einmitt að vera að sá fræjum langt fram í tímann. Ekki vera með skyndilausnir eða óþarfa áhættu. Af hverju stefnum við ekki að því t.d. að rækta allt okkar eigið grænmeti? Og síðan þegar þeim áfanga er náð bæta við ávöxtum. Eins og ég hef minnst á áður í öðrum greinum finnst mér miklu betra ef við fjárfestum í grænni kostum. Þetta eru atvinnuskapandi hlutir sem vinna með landinu, bæta umhverfið, gera okkur sjálfstæðari, gefa arðinn ekki frá sér og munu vaxa í tugi ára, ekki hrynja eftir fjögur ár.

Ómar Ragnarsson varð nýlega sjötugur og þjóðin kepptist við að leggja í púkk saman til að greiða fyrir skuldir hans, þakka honum fyrir óeigingjörn störf í þágu náttúrunnar og stytta var reist honum til heiðurs. En öll hans barátta, bar hún árangur? Stöðvaði hann Kárahnjúkavirkjun? Mér sýnist vera hefð fyrir því að finnast náttúruverndarfólk vera soddan dúllur og krútt og innst inni í hjartanu á okkur vitum við öll að þau hafa rétt fyrir sér en í „raunveruleikanum“ virkar það ekki, þá hverfur trúin, og best að skella bara upp stóriðju þrátt fyrir öll mótmælin, og verðlauna fólkið svo bara með styttu seinna. Hvað vorum við að verðlauna? Hugrekki hans til að segja satt? En ætlum við að fara eftir því? Eða bara hlusta á það í smástund, bera vinstri hendina upp að eyra og svo halda áfram eyðileggingunni með þeirri hægri? Hefur einhvern tíma verið gerður almennilegur útreikningur um alla hina kostina? Um það hvernig við viljum að framtíðin sé? Fáum við ekki að taka þátt í að skapa auðlindastefnu?

### Framtíð þjóðarinnar í húfi

Ég skil að þegar þjóðin er að heyja allar þessar stóru orrustur er erfitt að gefa meðferð náttúruauðlinda athygli. Ekki pláss. En tíminn er að renna út. Ef við tökum ekki stefnu núna, sættum þjóðina með t.d. þjóðaratkvæðagreiðslu, ef við brúum ekki bilið milli þessara ólíku en annars líku fylkinga, þá gæti það orðið of seint. Gæti verið líka að verið sé að skella þessu í gegn einmitt núna í skjóli kaossins?

Maður heyrir að fólki finnist að sérstaklega núna í kreppunni höfum við ekki efni á að hlífa náttúrunni. En ef við seljum aðgang að auðlindunum og afsölum okkur ábyrgð á náttúrunni erum við um leið að horfa framhjá þeirri leið sem langflestir ráðgjafar hafa ráðlagt okkur að fara: að halda auðlindunum okkar sjálf, að vernda náttúruauðlindir okkar og vera ábyrg í nýtingu þeirra.

Erfiðleikarnir eru miklir núna og erfitt að horfa fram á við þegar kreppir æ meira að á hverjum degi. En ef við hlúum ekki að náttúruauðlindum okkar núna eigum við á hættu að sýna af okkur vítavert gáleysi gagnvart framtíð okkar og barnanna okkar.

# Ekki meir, ekki meir

Mótmæli

Svavar Gestsson
starfaði í alþingishúsinu í 35 ár sem blaðamaður, þingmaður og ráðherra



Nú er sú tíð að Íslendingar eiga bara eina fasteign saman sem ekki verður metin til fjár; það er alþingishúsið. Nú virðist sterk samstaða um þetta hús, það er að segja um að það megi kasta í það skít. Enginn mótmælir því. Ekki alþingismennirnir sem starfa þar, ekki fjölmiðlarnir. Er það kannski komið í lög að alþingishúsið megi eyðileggja með drullukasti. Hvar er húsafriðunarnefnd?

Það er verið að bera fólk út. Fólk á ekki fyrir mat. Það eru langar biðraðir eftir mat. Neyðin hefur kvatt dyra á þúsundum íslenskra heimila. Í örvilnan er fólk að kasta tómatsósu í alþingishúsið. Hvað hefur alþingishúsið gert fólki? Alþingishúsið er ekki trufla Alþingi að störfum. Alþingi á að starfa – á að tala og á að komast að niðurstöðum.

Hámark hinna undarlegu viðburða er þó þingmaðurinn sem tekur sér leyfi frá þingstörfum og tekur inn varamann og mætir á Austurvöll til að berja tunnur.

Á kannski að flytja Alþingi í burtu, vestur á firði? Á að byggja plexíglerhús yfir alþingishúsið og kannski dómkirkjuna í leiðinni? Á Alþingi kannski að funda í tjaldi sem er færanlegt? Eða er það kannski lausn að leyfa alþingishúsinu að vera með ummerkjunum áfram, að láta sturta yfir það rusli og skít, dag eftir dag, nótt eftir nótt? Því meira því betra. Og safna skítnum saman í hauga. Er það ekki falleg tilhugsun þegar skítahaugarnir eru orðnir svo háir að það sést ekki í alþingishúsið lengur? Leysir það vandann að stafla fleiri tunnum fyrir utan þinghúsið svo fleiri geti komið og lamið? Vilja kannski fleiri þingmenn taka sér frí frá þingstörfum til að berja tunnur

> Það er ekki í lagi að henda skít í alþingishúsið. Það er ofbeldisaðgerð. Það er ekki í lagi að trufla alþingi að störfum. Alþingi á að starfa – á að tala og á að komast að niðurstöðum.

sökudólgurinn. Er alþingishúsið tákn fyrir valdið? Þarf þá ekki að muna að Alþingi er líka tákn fyrir það vald sem við sóttum af Dönum fyrir 66 árum? Þarf ekki að hafa í huga að alþingishúsið er aðsetur lýðræðisins og lýðræðið er besta stjórnarformið sem hefur verið fundið upp nokkru sinni? Alþingi er tákn þess valds sem við eigum að hafa vit á að hafa fyrir okkur sjálf. En valdið sem er vandamál í dag er auðvaldið – ekki Alþingi. Það er auðvaldið sem ber ábyrgð á hruninu. Auðvaldið á ekki heima í alþingishúsinu nema kannski innan í einum og einum þingmanni.

Vel á minnst: Af hverju tekur enginn alþingismaður upp hanskann fyrir alþingishúsið? Af hverju reynir enginn að útskýra hlutverk Alþingis og alþingishússins?

Fjöldi fólks öskrar í hljóðnemana að það eigi að leggja Alþingi niður, að það eigi að loka Alþingi. Viljum við einræði? Nei, við viljum ekki einræði.

Það er ekki í lagi að henda skít í alþingishúsið. Það er ofbeldisaðgerð. Það er ekki í lagi að fyrir utan alþingishúsið? Það er þekktur málsháttur að það glymur hæst í tómri tunnu. Sá málsháttur átti við innantómt fólk. Á kannski að halda upp á 200 ára ártíð Jóns Sigurðssonar með því að eyðileggja alþingishúsið, þetta örhýsi lýðræðisins á Íslandi?

Það er úrslitaatriði fyrir íslenska alþýðu að hún eigi sér virkt lýðræði og þingræði. Það getur verið að auðstéttin lifi þetta allt af og hún flytji úr landi ef illa fer. Hún hefur arðrænt samfélagið í áratugi og hún bíður greinilega blóðþyrst eftir því að fá að ráða öllu aftur. Alþingishúsið breytir engu fyrir hana. En það er úrslitaatriði fyrir kjör almennings á Íslandi að fólk geti knúið fram með félagslegum hætti ákvarðanir í sína þágu – á Alþingi. Það á að safna liði með skipulegum hætti og berjast fyrir bættu þjóðfélagi, gegn auðvaldinu og umboðsmönnum hennar.

Það leysir engan vanda að kasta grjóti, drullu og matarafgöngum í alþingishúsið eða dómkirkjuna.

Ekki meir, ekki meir.






## Mesta úrval áfangastaða

Úrval Útsýn býður áfram upp á flesta áfangastaði í skíðaferðum - Madonna og Selva á Ítalíu, Davos í Sviss og Wagrain, Alpendorf og Flachau í Austurríki hafa skipað sér sess sem vinsælustu skíðaáfangastaðir Íslendinga undanfarin ár. Kynntu þér úrval skíðaferða hjá Úrval-Útsýn og tryggðu þér besta verðið með því að bóka strax. **Við sendum þig í skíðaferðina með bros á vör!**



### Madonna – Ítalía
Residence Ambiez ★★★
Íbúð með einu svefnherbergi.

Íslensk fararstjórn

**VERÐ FRÁ:**
**112.625 kr.**
m.v. 2 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 22.janúar – 7 nætur
Verð m.v. 2 fullorð na: 143.250 kr.



### Selva – Ítalía
Residence Antares ★★★
Stúdíóíbúð

Íslensk fararstjórn

**VERÐ FRÁ:**
**121.670 kr.**
m.v. 2 fullorðna og 1 barn
**Brottför:** 22. janúar – 7 nætur
Verð m.v. 2 fullorðna: 141.500 kr.



### Flachau– Austurríki
Hotel Unterberghof ★★★★
Tvíbýli með hálfu fæði

**VERÐ FRÁ:**
**187.135 kr.**
m.v. 2 fullorðna og 1 barn
**Brottför:** 22. janúar – 7 nætur
Verð m.v. 2 fullorðna: 203.310 kr.



### Davos – Sviss
Club Hotel Davos ★★★
Tvíbýli með hálfu fæði

**VERÐ FRÁ:**
**180.000 kr.**
m.v. 2 fullorðna og 1 barn
**Brottför:** 22. janúar – 7 nætur
Verð m.v. 2 fullorðna: 204.500 kr.

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.




MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



54 **RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR** söngkona og tónlistarmaður er 54 ára.

*„Við þurfum að hjálpa náunganum og styðja við hann þegar hann hrasar."*



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Rut Guðmundsdóttir**

Flúðaseli, Flúðum,

verður jarðsungin frá Skálholtskirkju laugardaginn 9. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Bjarni H. Ansnes**
**Þórunn Ansnes** — **Sigurður I. Björnsson**
**Íris B. Ansnes** — **Viggó Sigursteinsson**
**Bjarni H. Ansnes**
**Gunnar Sigurðsson**
**Mímir Sigurðsson**



†

*Ástkær maður minn, faðir okkar, afi og bróðir,*

**Haukur Kristjánsson**

tæknifræðingur, Aragötu 12, 101 Reykjavík,

varð bráðkvaddur föstudaginn 1. október. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 15. október klukkan 13.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Hildur Hafstað**
**Sigríður Helga Hauksdóttir**
**Hafrún Hauksdóttir**
**Áslaug Kristjánsdóttir**
**Petra Kristjánsdóttir**
**Erlingur Kristjánsson**
**Vilhjálmur Kristjánsson**
**og barnabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Feilan Marinósson**

fyrrverandi bryti, Háaleitisbraut 44, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 8. október kl. 15.

**Annalísa Jansen**
**Anna Margrét Ólafsdóttir** — **Pétur Gunnarsson**
**Sigrún Erla Ólafsdóttir** — **Ágúst Birgisson**
**Guðrún Birna Ólafsdóttir** — **Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson**
**Brynjar Marinó Ólafsson** — **Þórný Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Óli Geir Þorgeirsson**

Siglufirði, síðast til heimilis að Boðaþingi 5-7,

lést þann 23. september síðastliðinn. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu Boðaþingi 5-7, 2. hæð deild 5. Vinátta ykkar og kærleikur var honum og okkur mikils virði.

**Theodóra Óladóttir** — **Höskuldur Pétur Jónsson**
**Sigfríður Ingibjörg Óladóttir** — **Sverrir Björnsson**
**Birgir Ólason**
**Hulda Þorgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabörn hins látna.**

**ÞETTA GERÐIST:** 7. OKTÓBER 1954

## Minjasafn Reykjavíkur stofnað

Minjasafn Reykjavíkur var stofnað á þessum degi árið 1954. Aðdragandinn að því var sá að bæjarstjórn Reykjavíkur hafði borist skrifleg áskorun um stofnun þess tólf árum áður og var henni vísað til umsagnar Reykvíkingafélagsins. Um það leyti varð til vísir að skjalasafni safnsins þegar farið var að safna gögnum um sögu Reykjavíkur. Fimm árum síðar samþykkti bæjarstjórn að stofna Bæjarsafn Reykjavíkur og efna til bæjarsýningar, sem haldin var í nýbyggðu húsi Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu árið 1949. Hófst átak til þess að safna forngripum í tilefni af því og varð það til þess að Skjala- og minjasafn Reykjavíkur var formlega stofnað árið 1954 til að halda utan um þessa gripi. Minjasafn Reykjavíkur var sameinað Árbæjarsafni árið 1968.

*Heimild: www.minjasafnreykjavikur.is.*



**ÁRBÆJARSAFN** Minjasafn Reykjavíkur og Árbæjarsafn voru sameinuð 1968.

**ÞÚ GETUR:** ÁRLEGIR STYRKTARTÓNLEIKAR

# Margt smátt gerir kraftaverk

Árlegir tónleikar til styrktar forvarna- og fræðslusjóðnum Þú getur! verða haldnir í Vídalínskirkju í kvöld klukkan átta. Meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram eru Bubbi Morthens, Geir Ólafs, Páll Rósinkranz, Raggi Bjarna, Margrét Eir, Richard Scobie og Haffi Haff.

Forvarna- og fræðslusjóðurinn Þú getur! var stofnaður árið 2008 af. Ólafi Þór Ævarssyni geðlækni og vinnur með það að leiðarljósi að styrkja og styðja forvarna- og fræðslustarf gegn andlegum þjáningum og geðrænum veikindum.

„Markmið sjóðsins er þríþætt, að styrkja þá sem orðið hafa fyrir áföllum eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða, að efla þjónustu við geðsjúka á sviði fræðslu og forvarna og að draga úr fordómum gegn geðsjúkdómum," segir Ólafur Þór.

Ungt fólk með geðraskanir getur sótt um námsstyrki til sjóðsins en einnig er markmið hans að hvetja fagfólk geðheilbrigðisþjónustunnar í landinu og vinna gegn fordómum, opna umræðuna og auka þá fræðslu sem snertir geðheilbrigði. Í ár vinnur sjóðurinn eftir þema Alþjóða geðheilbrigðisstofnunarinnar sem er Geðheilsa og langvinn veikindi. „Við höfum verið í samstarfi við bæði samtök og geðlækna sem hafa áframsent til okkar umsóknir og í ár fá fimm einstaklingar námsstyrki og einn hópur einstaklinga fær hvatningarstyrk frá sjóðnum," segir Ólafur, sem er hugmyndasmiður sjóðsins.

„Hugmyndina fékk ég að mörgu leyti úr starfi mínu, en í gegnum það hef ég séð að það er hægt að gera mikið úr litlu," segir Ólafur. Að hans mati getur margt smátt gert kraftaverk fyrir einstaklinga sem glíma við geðræn veikindi. „Meðferð er oftar en ekki mun ódýrari og einfaldari heldur en kostnaðurinn sem hlýst af því að glíma við slík veikindi, sérstaklega ef að um langvinn veikindi er að ræða og er sjóðurinn hugsaður sem framlag til meðferðar og forvarna."

Sjóðurinn var stofnaður fyrir rúmum tveimur árum. „Það var í raun heppni að jafn vel skyldi ganga eins og raun ber vitni. Ég fékk afskaplega gott fólk í lið með mér strax frá upphafi," segir Ólafur. En auk hans sitja í stjórn Ása Ólafsdóttir lögmaður, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður, séra Pálmi Matthíasson sóknarprestur í Bústaðasókn og Sigurður Guðmundsson forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og fyrrverandi landlæknir. Jafnframt fer Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra, fyrir hópi bakhjarla sjóðsins sem styðja starf hans ötullega. Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir sinnir starfi verkefnastýru sjóðsins og stýrir tónleikahaldi til fjáröflunar með aðstoð Jóhanns Björns Ævarssonar tónlistarmanns og Geirs Ólafssonar söngvara, en tónleikar til styrktar sjóðnum verða einmitt haldnir í kvöld.

Styrktartónleikarnir eru árlegur viðburður þar sem margir af vinsælustu tónlistarmönnum og skemmtikröftum landsins koma fram auk þess sem á tónleikunum verða veittir náms- og hvatningarstyrkir fyrir frumkvöðlastarf í geðheilbrigðisstarfi. Þess má geta að allir þeir tæplega 100 einstaklingar sem koma fram á og að tónleikunum gefa vinnu sína. Tónleikarnir, sem hefjast klukkan 20 í kvöld, fara fram í Vídalínskirkju í Garðabæ og verður heiðursgestur frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti.

**- jbá**



**MARGT SMÁTT GERIR EITT STÓRT** Ólafur Þór Ævarsson er stofnandi Þú getur! en sjóðurinn stendur fyrir styrktartónleikum í kvöld í Vídalínskirkju í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Hugheilar þakkir fyrir hlýjan hug og sýnda samúð við andlát móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Ingu Sigríðar Pálsdóttur**

Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Guðjón Tómasson** — **Þuríður Hanna Gísladóttir**
**Valdimar Tómasson** — **Guðrún Júlíusdóttir**
**Guðrún Sólborg Tómasdóttir** — **Sigurður Sumarliðason**
**Sigrún Laufey Baldvinsdóttir**
**og barnabörn**



†

*Sonur minn,*

**Björn Jóhannsson**

lést á heimili sínu í Grasten í Danmörku sunnudaginn 3. október. Útförin fer fram í Grasten í Danmörku. Fyrir hönd aðstandenda,

**Soffía V. Björnsdóttir**

# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*



KJÖTSEL

LIFUR
FERSK
199 KR/KG
ÁÐUR 284 KR/KG
30% afsláttur

HJÖRTU
FERSK
299 KR/KG
ÁÐUR 427 KR/KG
30% afsláttur



SVÍNASÍÐA
ÚRB. M/PURU
699 KR/KG
ÁÐUR 898 KR/KG



KJÚKLINGUR
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
598
KR/KG

LAMBALÆRIS-
SNEIÐAR
Í RASPI
30% afsláttur
1.499
KR/KG ÁÐUR 2.141 KR/KG

KJÖTSEL

GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
FERSK
40% afsláttur
1.139
KR/KG ÁÐUR 1.898 KR/KG

LAMBALÆRI
FERSKT
1.069 KR/KG
ÁÐUR 1.258 KR/KG

UNGNAUTAHAKK
NETTÓ
31% afsláttur
898 KR/KG
ÁÐUR 1.298 KR/KG

JÓLAKA
MYLLAN
35% afsláttur
298 KR/STK.
ÁÐUR 459 KR/STK.

VÖFFLUMIX
450 G
50% afsláttur
199 KR/PK.
ÁÐUR 399 KR/PK.

KJÚKLINGABRINGUR
900 G
1.398 KR/PK.

KÍNAKÁL
50% afsláttur
149 KR/KG
ÁÐUR 298 KR/KG

**Hveiti**
Co-Operative
1,5 kg
**129**
kr/pk.
var 159

**Hrísgrjón**
Co-Operative
500 g
**159**
kr/pk.
var 199

**Kornflögur**
Co-Operative
500 g
**199**
kr/pk.
var 289

**Cola**
Co-Operative
2 l
**149**
kr/stk.
var 159

**Taumýkir**
Co-Operative
1 l
**119**
kr/stk.
var 199

**Appelsínusafi**
**Eplasafi**
1,5 l
20% afsláttur
**199**
kr/stk.
var 249

**Hafrakex**
400 g
32% afsláttur
**99**
kr/pk.
var 145

**Repjuolía**
1 l
**249**
kr/pk.
var 298

**Lakkrískonfekt**
500 g
**298**
kr/pk.
var 359

TILBOÐIN GILDA 7. - 10. OKTÓBER

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

WWW.NETTO.IS | MJÓDD | SALAVEGUR | HVERAFOLD | AKUREYRI | HÖFN | GRINDAVÍK | REYKJANESBÆR

markhonnun.is



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Guðrúnar Ingvarsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks St. Jósefsspítala og starfsfólks og íbúa Öldrunarmiðstöðvarinnar Hafnar, Hafnarfirði.

**Ingvar Viktorsson** **Birna Blomsterberg**
**Guðmunda Viktorsdóttir**
**Ingunn Viktorsdóttir**
**Matthías Viktorsson** **Inga H. Andreassen**
**Þorvaldur Jón Viktorsson** **Magnhildur Gísladóttir**
**Gunnar Viktorsson** **Harpa Hrönn Sigurðardóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vignir Aðalsteinsson**
Ugluhólum 8,

lést á Landspítalanum Hringbraut fimmtudaginn 30. september. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 11. október kl. 13.00.

**Erla Sveinbjörnsdóttir**
**Elínborg M. Vignisdóttir**
**Axel K. Vignisson**
**Svala Vignisdóttir** **Svavar S. Wüum**
**Sigurbjörg Vignisdóttir** **Sigurdór Sigurðsson**
**Erla Vignisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorleifur Þorsteinsson**
Álfhólsvegi 84, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 8. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á Minningarsjóð Landspítalans.

**Ragnheiður S. Jónasdóttir**
**Ólöf B. Þorleifsdóttir**
**Brynjar S. Þorleifsson**
**Vilhjálmur Þorleifsson**
**Eva H. Þorleifsdóttir** **Guðmundur B. Kjartansson**
**Leifur H. Þorleifsson** **Hlíf B. Óskarsdóttir**
**Gróa K. Þorleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragna Sólberg,**

lést á St. Jósepsspítalanum föstudaginn 1. október sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 8. október kl.13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND-félagið.

**Óskar Líndal Jakobsson**
**Gísli Þór Guðmundsson** **Anna Hildur Hildibrandsdóttir**
**Sóley Guðmundsdóttir** **Ingvar Reynisson**
**Friðgerður Guðmundsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# Brennu-Njálssaga beint í eyrun

Í flestum ef ekki öllum framhaldsskólum er Njála á lestrarlista nemenda. Mismikinn áhuga og metnað fyrir lestri Njálu og annarra íslenskra fornbókmennta má þó oft finna hjá yngri kynslóð landans og því láta sumir innihald Íslendingasagnanna fara fyrir ofan garð og neðan.

Aðalsteinn Júlíus Magnússon hefur, ásamt tveimur samstarfsmönnum, tekið málin í sínar hendur og stofnað áskriftarvefinn Hlusta.is, sem er eins konar afsprengi Skólavefsins. Á vefsíðu Hlusta.is geta einstaklingar og fyrirtæki kynnt sér gamalt en vinsælt íslenskt efni, í bland við erlent, í formi hljóðbóka og má þar til að mynda finna Njálu. „Fyrirkomulag Hlusta.is er einfalt, síðan er eins og bókaskápur sem allir áskrifendur eiga gott aðgengi að og geta náð sér í efni til að hlusta á hvenær sem er," segir Aðalsteinn.

Að sögn hans hefur síðan fengið góðar undirtektir og áætlar hann að allt að 1.000 manns fari um síðuna, en skólar og bókasöfn eru stór hluti áskrifenda þó að einstaklingar á öllum aldri og jafnvel vinnustaðir séu hluti áskrifendahópsins. „Áskrifendur geta hlaðið niður hljóðbókum Hlusta.is af netinu á tölvuna sína, sett á geisladisk eða jafnvel á iPodinn og hlustað síðar, til dæmis í bílnum, skólanum eða í ræktinni."

Nýjasta viðbótin á síðunni er Njála sem margir hafa heillast af í gegnum tíðina. „Enda hefur hún margt til að bera. Persónulýsingar og atburðir og undirliggjandi ástæður þeirra verða óþrjótandi umræðuefni," segir Aðalsteinn. Á síðunni er bæði að finna fjölmargar Íslendingasögur en einnig annað efni svo sem þýddar skáldsögur af léttari toga og ævintýri. **- jbá**



**BÓKASKÁPUR Á NETINU** Aðalsteinn Júlíus er einn aðstandenda Hlusta.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Guðfinna Jónsdóttir**
Brúnalandi 20, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 1. október, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 12. október kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Sverrir Helgason**
**Óskar Sverrisson** **Eiríksína Kr. Hafsteinsdóttir**
**Jón Sverrir Sverrisson** **Margrét Steindórsdóttir**
**Helgi Sverrisson** **Sigurborg K. Stefánsdóttir**
**Sigríður Ragna Sverrisdóttir** **Sigurbjörn Jón Gunnarsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær faðir minn, sonur, bróðir og afi,*

**Eyjólfur Jóhannsson**
Reykjavík,

lést þann 2. ágúst síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Karl Ingi Eyjólfsson og fjölskylda.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns og föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Magnúsar Sigurðssonar**
Skólabraut 7, Innri Njarðvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á D-deild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umhyggju og aðhlynningu.

**Guðrún Ósk Ragnarsdóttir**
**Gunnur Magnúsdóttir** **Friðrik Ingi Ólafsson**
**Sigurður B. Magnússon** **Björg Jónsdóttir**
**Magnea Magnúsdóttir**
**Ragnar Sævarsson** **Mille Toft Sørensen**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ásgeir Jónsson**
*fv. skókaupmaður, Garðatorgi 17, Garðabæ,*

lést miðvikudaginn 29. september. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, föstudaginn 8. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarkort Sólvangs, www.solvangur.is, sími 590 6500.

**Guðríður Jónsdóttir**
**Erling Ásgeirsson** **Erla Þorláksdóttir**
**Anna Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg E. Ásgeirsdóttir** **Hallgrímur Jónasson**
**Ásgeir Ásgeirsson** **Unnur Steinsson**
**afabörn og langafabörn**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Bjarnfreðsdóttir**
Boðaþingi 5, Kópavogi,

lést mánudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 15. október kl. 13.00.

**Sigrún Ingólfsdóttir** **Einar Gunnar Bollason**
**Dóra Hlín Ingólfsdóttir** **Erlingur Kristjánsson**
**Svanhvít Eygló Ingólfsdóttir** **Guðmundur H. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær bróðir minn og frændi okkar,*

**Jónas M. Bjarnason**
Skeiðarvogi 1,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 30. september. Útför hans verður frá Fossvogskapellu mánudaginn 11. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarþjónustu Karitas og Rauða krossinn. Fyrir hönd aðstandenda,

**Bjarni S. Bjarnason**

**Klæðskerameistarinn** Kolbrún E. Júlíusdóttir heldur regluleg saumanámskeið þar sem hægt er að læra að sauma flíkur að eigin vali. Samkvæmt könnun á síðunni hennar, saumahonnun.123.is, er mestur áhugi fyrir því að sauma kjóla. Á síðunni eru allar nánari upplýsingar.






**Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447



Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Fjölnota nuddpúði
• Shiatsu nudd
• Infrarauður hiti
• Titringur
• Fjarstýring
Opið virka daga frá kl. 9 -18
Verð aðeins 17.950 krónur
Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

Ný sending af leðurskóm og stígvélum
Nú fást einnig stígvél með extra vídd yfir kálfa!
hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is


Svíinn Mikael Lind segir fatastíl sinn einfaldan.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fylgi ákveðnum reglum

Ég spái ekki mikið í tísku en hef minn stíl.“ segir Mikael Lind, háskólanemi, tónlistarmaður og starfsmaður hjá Eymundsson á Skólavörðustíg. Stílnum lýsir hann sem hversdagslegum og einföldum, en smart. „Ég vil engin merki framan á bolum eða peysum.“

Þegar Fréttablaðið hitti á Mikael var hann klæddur í uppáhalds peysuna sína og jakka, en bæði keypti hann á útsölu. „Skórnir eru Bobby Burns, keyptir á útsölu í 17, en gallabuxurnar fékk ég í arf eftir vin minn þegar hann flutti til útlanda. Samsö Samsö jakkinn er vatnsheldur, með hettu og er frekar dýr en ég fékk hann á 70 prósenta afslætti í Fató.“

Mikael er frá Södertälje í Svíþjóð. Hann stundar nám í málvísindum við HÍ, vinnur í Eymundsson á Skólavörðustíg og er þessa dagana að búa til plötu. „Hún kemur vonandi út í byrjun næsta árs. Ég spila raftónlist, stundum með klassísku ívafi og nýju plötunni vinn ég með fiðluleikara og fleiri klassískum hljóðfærum,“ útskýrir hann. Mikael er því önnum kafinn en gefur sér þó tíma til að velja saman föt á morgnana. „Ég á ákveðið „combo“ sem ég fer til dæmis í í vinnuna og sumt má ekki fara saman með öðru. Það eru ákveðnar reglur í kringum þetta, en þó ekkert um of.“

*heida@frettabladid.is*


6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Gerið gæða- og verðsamanburð
Svefn & heilsa
www.svefn.is

SVEFNSÓFAR
Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA
PROFLEX
2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



**Kókosolía** er til margra hluta nytsamleg. Hún er gjarnan notuð í matargerð en er líka góð á húð og hendur. Það má nota hana til að þrífa af sér augnfarða á kvöldin og er ekkert að því að maka henni út á þurrar kinnar. Húðin verður silkimjúk og samviskan góð enda góð tilfinning að bera á sig vöru sem má borða. Með þessu má spara margar krónur í kaupum á augnhreinsi, handáburði og andlitskremi.

# *Líflegir Bretar*

**Litríkar og fjörlegar flíkur fylltu tískupallana í París í vikunni þegar bresku hönnuðirnir Giles Deacon og Stella McCartney sýndu vor- og sumarlínur sínar fyrir næsta ár. Lífleg lína McCartney einkenndist af sumarlegum pastellitum en Deacon frumsýndi fyrstu línu sína fyrir Emanuel Ungaro. Er almennt talið að sýning hans hafi markað nýtt upphaf fyrir hið 45 ára gamla merki sem hefur mátt muna fífil sinn fegurri.**



Stella McCartney þykir hanna vel heppnuð drengjaleg kvenmanns-föt.



Líf og fjör einkenndi sýningu Deacons fyrir Emmanuel Ungaro.



Emmanuel Ungaro er loks komið á beinu brautina með hinum nýja hönnuði Giles Deacon.



Líflegur sundbolur Deacons tónaði vel við blómin í bakgrunni sýningarpallsins.



Gul kápan og hatturinn endurspeglaði gleðina í línu McCartney.



Litríkur og sérstæður kjóll frá McCartney.


## Kynning



Hjá Hrafnhildi
Tuzzi kjóll Stærðir 34 - 48
Verð 24.900 kr



Hjá Hrafnhildi
Tuzzi kjóll Stærðir 36 - 48
Verð 24.900 kr



Vila Smáralind
Kjóll 8.990 kr
Hálsmen 3.690 kr



Vila Smáralind
Kjóll 4.990 kr
Hálsmen 3.690 kr



Vila Smáralind
Kjóll 8.500 kr
Hálsmen 2.590 kr



TUZZI Kringlunni
Dranella kjóll
Stærðir XS – XL
Verð 13.900 kr



TUZZI Kringlunni
Swing kjóll
Stærðir 34 – 46
Verð 34.900 kr



Ítölsk leðurtaska.
Verð 11.400 kr.
Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg.



Peysa
Belldonna
verð 21.980
stærðir 40-58
einn litur
KJ BRAND



Belladonna
kjóll
verð 13.860
stæðir 40-58
KJ BRAND



„Meira er meira.“ Accessorize selur þessi armbönd saman og kosta þau 3.299 krónur.

Jakki úr Topshop. Hann er úr ekta leðri og kostar 42.990 krónur.

Köflótt skyrta frá versluninni Zara á 7.995 krónur.



Munstraðar sokkabuxur gefa heildarútkomunni skemmtilegt yfirbragð. Sokkabuxur frá Sokkabúðinni Cobra á 2.290 krónur.



Himinháir svartir hælar frá Topshop á 24.990 krónur.



Lourdes fetar í fótspor móður sinnar og stimplar sig inn sem tískufyrirmynd með rokkuðum og skemmtilegum stíl.

**Steldu stílnum:** *Lordes*

# Rokkuð tískufyrirmynd

Um miðjan septembermánuð kom á markað lína hinnar tæplega fjórtán ára gömlu Lourdes Maria Ciccone Leon, sem er betur þekkt sem dóttir Madonnu. Lourdes hefur þrátt fyrir ungan aldur gert sig heimakomna á síðum tískublaða og blogga, en stíll hennar hefur löngum vakið athygli fyrir rokkað yfirbragð með grófum skóm og skartgripum, rifnum sokkabuxum og leðri.

Íslenskar konur þurfa ekki að örvænta þó að „Material Girl“ lína Lourdes hafi ekki viðkomu hér á landi. Fréttablaðið fór á stúfana og komst að því að í Kringlunni er hægt að finna hinar fínustu flíkur, allar í anda Lourdes.

*jonina@365.is*



Warehouse
Kr. 16.990
Stærðir: 8-14



Warehouse
Kr. 12.990
Stærðir: 8-14



Warehouse
Kr. 8.990
Stærðir: 8-16



Oasis
Kr. 15.990
Stærðir: 8-16



Oasis
Kr. 16.990
Stærðir 8-14
Litir rauður og svartur



Day
Kr. 56.990
Stærðir: 36-42



Karen Millen
Kr. 48.990
Stærðir: 8-14



Karen Millen
Kr. 29.990
Stærðir 8-14



Karen Millen
Kr. 36.990
Stærðir: 8-12



Coast
Kr. 29.990
Stærðir: 8-18



Coast
Kr. 24.990
Stærðir: 8-18



Day
Kr. 58.990
Stærðir: 36-42

LUXUS
Á FÆRIBANDI



teg. AGATHA
push up í skálum A,B,C,D,DD
á kr. 7.680,-
buxur í stíl á kr. 2.990,-



teg. LILA -
push up haldari í skálum
A,B,C,D,DD á kr. 7.680,-
buxur í stíl á kr. 2.990,-



teg. BARBARA -
push up fyrir stærri brjóstin í
skálum C,D,DD,E,F,FF,G
skálum á kr. 7.680,-
buxur í stíl á kr. 2.990,-

Misty -fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

GLÆSILEGIR
KJÓLAR
OG
JAKKAR



skoðið
sýnishorn á laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



Töskurnar gera venjulega ferð í búðina mun ævintýralegri.

# Umhverfisvænar tískutöskur

**Vefverslunin Dísir.is hefur umboð fyrir bráðskemmtilegum töskum sem rúlla má upp og stinga í vasann.**

„Töskurnar eru frá fyrirtæki í Ástralíu sem heitir Envirosax og er í eigu Belindu og Marks David-Tooze sem aðhyllast lífrænan, sjálfbæran og kolefnalausan lífsstíl í sveitum Ástralíu. Þau reka fyrirtækið sitt út frá þessum lífsstíl," segir Þórey Þórisdóttir, eigandi vefverslunarinnar dísir.is, og bendir á að töskurnar sem búnar eru til úr endurunnu plasti beri allt að tuttugu kíló.

Envirosax-töskurnar eru hannaðar af tískuhönnuðum sem samnýta tísku, liti og umhverfissjónarmið en mynstrin eru í takt við það sem er að gerast í tískuheiminum hverju sinni að sögn Þóreyjar. „Svo finnst mér frábært hvað töskurnar eru fjölnota en þær má nota hvort sem er úti í búð, í sund, ferðalagið eða hvað sem er," segir hún og bætir við að auðveldlega sé hægt að rúlla töskunum upp, smella saman með áföstu bandi og stinga í vasann eða veskið. Þannig sé hægt að lífga upp á venjulega búðarferð enda nýtast töskurnar vel undir matvörurnar.

Þórey selur töskurnar og fleiri fylgihluti í vefverslun sinni sem hún stofnaði í júní. „Ég vinn að þessu samhliða námi í Háskóla Íslands en hef fengið dyggan stuðning bæði frá dóttur minni og bróður."

- sg



# Harka og kynþokki

**Yves Saint Laurent velur klassíska liti fyrir vorið og sumarið.**

Yves Saint Laurent steig í vænginn við hörku og kynþokka í vor- og sumarlínunni fyrir árið 2011. Klassískir litir Yves Saint Laurent, svartur, hvítur og sandlitur, voru í hávegum hafðir með einstaka sterkum appelsínugulum, kóngabláum, grænum og rauðum.

Efniviður Yves Saint Laurent fór einnig bil beggja en línan skartaði allt frá flæðandi og fíngerðu silki á móti stífari efnum og stílhreinu sniði á móti stórum slaufum og víðum ermum.



Flæðandi silki og stílhreint snið.

Sterkir litir með klassískum svörtum og hvítum voru áberandi.

Opnunartími mán – fös frá kl. 8 – 16 og laugardaginn 9. okt frá kl. 10 – 14

VIKUSPRENGJA
HJÁ MY SECRET



My Secret býður uppá 5 lítra brúsa af aada engiferdrykknum frá 7.-14.október.

Fæst eingöngu á Digranesvegi 10, Kópavogi.

» AÐEINS ÞESSA VIKU 4.900 kr.

Hugsaðu um heilsuna

Aada er hugsaður til þess að hjálpa fólki við að bæta heilsu og auka vellíðan. Drykkurinn er auk þess vatns- og þyngdarlosandi og getur reynst góð hjálp við mígreni, flensu, kvefi, bólgum, gigt, ógleði, ferðaveiki, þreytu, sljóleika, meltingartruflunum og jafnvel hjálpað til við að styrkja kynlífið.

My Secret
aada

My Secret · Digranesvegi 10 · 200 Kópavogi · S: 527-2777 · www.mysecret.is

Litun og plokkun
Verð: 2.900 kr.
Brasilískt vax
Verð: 3.900 kr.
DONG FANG SALON
Tilboðið gildir í október 2010
Sími: 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is



Ný sending af sparifötum
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Hanastél og breiðleitar konur

Síðustu ár hefur tískan einkennst af sparnaði og látleysi en þetta andrúmsloft virtist breytt á tískuviku í París. Að minnsta kosti lætur tískuheimurinn og þeir fáu sem hafa aðgang að honum eins og að kreppan sé aðeins óþægileg minning. Kampavínsteiti eiga að nýju upp á pallborðið hjá flestum tískuhúsum og því fjör í París á dögunum þegar tíska sumarsins 2011 var á sýningarpöllunum.

Í upphafi virtust þó tískusýningarnar ekki ætla að vera í samræmi við andrúmsloftið og afskaplega lítið um liti á fyrstu sýningunum eins og hjá Dries Van Noten sem hannar aðallega í hvítu með víðum og þægilegum línum eða Limi Feu (dóttir hins japanska Yohji Yamamoto) sem heldur sig við hvítt og svart svo dæmi séu tekin. Þetta breyttist þó þegar líða tók á tískuvikuna.

Alber Elbaz þarf ekki lengur að sanna neitt svo rækilega hefur hann endurlífgað tískuhús Lanvin síðustu átta ár. Hann er reyndar næsti gestahönnuður úr lúxusgeiranum sem hannar fyrir H&M í vetur en tískulína hans kemur í búðir í nóvember. Elbaz segir hugmyndina að sumartísku Lanvin næsta sumar vera að klæða konur annarri húð, þannig eiga flíkin að vera líkt og framhald af líkamanum. Minnir dálítið á Yves Saint Laurent, sem sagði að smóking ætti helst að nota án nokkurs annars. Kjólar, buxur og pils eru því úr teygjuefni og þannig eru súkkulaðilitaðar flíkurnar líkt og smurðar á fyrirsæturnar og þessi litur mikilvægur sem er nokkuð sérstakt í sumarlínu þó einnig sé nokkuð bleikt og rautt sem og andarblátt. Og undur og stórmerki, Elbaz hefur skipt út háum hælum fyrir flatbotna skó til að auðvelda fyrirsætunum að ganga!



Sama má segja um stórskemmtilega sýningu Jean-Paul Gaultier sem var litríkur að vanda með sýningu í anda „rock´n´roll“ í lok sjöunda áratugarins við upphaf pönksins. Nina Hagen á fóninum og Beth Ditto, söngkona Gossip sem er nú líklega í stærð 48-50, í stjörnuhlutverki á sýningunni og leidd út af hönnuðinum í lokin. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem að Gaultier notar óhefðbundnar fyrirsætur sem eru langt frá því að vera í toppmódelstærð eða líkamsgerð. Mikið var um plíseringar og munstur, þröngar buxur og jakkar eins og fyrir rokkara.

Tískan getur sem sagt verið flott á venjulegu eða jafnvel óvenjulegu fólki. Fleiri hönnuðir mættu kannski hugleiða að kaupendur eru ekki allir eftir staðalímyndum eða fegurðaruppskriftum tískuiðnaðarins.

*bergb75@free.fr*

# Æpandi vorfílingur

**Vorlína Jil Sander fór ekki framhjá neinum, með skærum litum og einföldu sniði.**

Æpandi neonlitir og kjólar sem halda mætti að hefðu verið skapaðir á sýru er ekki það fyrsta sem gefur kvenleika til kynna. Jil Sander tókst þó að gera einmitt það í vorlínu sinni fyrir árið 2011 á tískuvikunni í Mílanó, en þar voru sterkir litir afar áberandi og hélt Sander sig við hin naumhyggjulegu snið sem áður hafa einkennt fatalínur hennar. Eins mátti sjá einföld en litrík munstur og einkennist vor Jil Sander af nælonefni, skærbleikum varalit og stórum sólgleraugum í bland við einföld en litrík og fáguð föt.

*- jbá*



Fagurgrænt pils sem auðveldlega grípur augað. Frá tískusýningu Jil Sander í Mílanó sem fór fram á dögunum.


Starfsfólk Krabbameinsfélags Íslands hvetur fyrirtæki til að sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameini hjá konum og hafa „bleikan föstudag“ á morgun. Mælst er til þess að starfsfólk mæti til vinnu í bleikri flík eða með bleikan fylgihlut.





**Heimild: www.krabb.is**




Laugavegur 55, sími 551-1040 • Opið mán.–fös. kl. 11-18 • lau. kl. 10–16
**Sendum í póstkröfu um allt land.**
***Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er á Laugaveginum við hliðina á Bónus.***

ESTĒE LAUDER

Gjöfin þín
í Lyfjum & heilsu Kringlunni

Þetta er gjöfin þín ef þú verslar
Estée Lauder snyrtivörur fyrir kr. 5.900 eða meira
dagana 7. – 13. október.




**Gjöfin inniheldur:**
Idealist 7ml – undirlagskrem sem gerir kraftaverk
Daywear, 7ml – Dagkrem með umhverfisvörn
Double Wear Light Makeup, 10ml – farða fyrir allar húðgerðir
Sumptuous Mascara – svartan mascara
Pure Color Lipstick – varalit, lit Bois de Rose
Fallega snyrtisösku

*meðan birðir endast
*verðgildi gjafarinnar er kr. 15.200.-

Lyf & heilsa
Kringlunni





Bestu kaupin á notuðum tískufatnaði má oft gera á nytjamörkuðum, í Kolaportinu og bílskúrssölum.


Rokk og rósir á góðan lager af notuðum sparifatnaði, sérstaklega kjólum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fatnaður úr fortíðinni

**Svokölluð „vintage"-tíska hefur undanfarin ár stimplað sig inn hérlendis sem og úti í heimi. Vintage er hugtak yfir notaðar tískuflíkur sem komnar eru til ára sinna. Verslanir með slíkan fatnað eru fjölmargar.**

Verslunum hérlendis sem selja notaðan og gamlan tískufatnað, svokallaðar „vintage"-fatabúðir, hefur snarfjölgað síðustu árin. Segja má að verslunin Spútnik hafi rutt brautina með notuð föt fyrir ungt fólk árið 1986 og var lengi vel eina slíka verslunin hérlendis utan flóamarkaða og verslunar Hjálpræðishersins þar sem finna mátti slíkar flíkur inn á milli. Spútnik er enn rekin við Laugaveg og margar aðrar verslanir hafa bæst við á síðustu 24 árum.

„Vintage"-verslanir á höfuðborgarsvæðinu er margar hverjar að finna í miðbænum. Spútnik er sem fyrr segir á Laugavegi. Þar er meira lagt upp úr hversdagsfatnaði fyrir bæði kynin – ein fárra verslana sem gerir það. Öðru hvoru má gera góð kaup á stórskemmtilegum kílómarkaði þar sem fatnaður er seldur á föstu verði eftir vigt.

Rokk og rósir er einnig við Laugaveg og þar má finna mikið úrval fínni klæða auk skartgripa. Verslunin býður upp á sérlega gott úrval af kjólum og stundum má gera góð kaup á sérstökum kjólaútsölum.

Gyllti kötturinn í Austurstræti er aðallega með kvenfatnað en þó einnig eitthvað af fatnaði fyrir karlmenn. Mikið úrval er einkum af skóm, pelsum, skarti og sólgleraugum.

Ein yngsta verslunin sem selur notuð föt er svo Nostalgia á Laugavegi en hún var opnuð fyrir rúmu ári. Búðin selur fatnað og ýmsa skemmtilega fylgihluti en stíllinn er aðallega frá 8., 9. og 10. áratug síðustu aldar.

Úti á landi má einnig finna frábærar verslanir af sama tagi. Á Akureyri er hægt að koma við í Frúnni í Hamborg sem hefur aðallega lagt áherslu á húsmuni en er einnig með dágott úrval af fötum.

Gleymmérei á Seyðisfirði er í eigu þriggja systra en hægt er að kaupa vörur á Netinu þar sem salan fer fram á Facebook-síðunni Gleymmérei. Fleiri Facebook-síður er einnig að finna þar sem föt í eldri stíl eru seld. Best er að slá inn leitarorð á við „vintage" í gluggann þar sem leita má að vinum til að sjá hvort síðurnar eru virkar.

Að lokum má ekki gleyma að minna aðdáendur fortíðarstíls á að oft leynast fjársjóðir í búðum Rauða krossins, Fatabúð Hjálpræðishersins í Garðastræti, Kolaportinu og bílskúrssölum, sem gjarnan eru auglýstar á Facebook og Barnalandi. Þar má yfirleitt finna besta verðið þótt leitin sé kannski stífari.

*juliam@frettabladid.is*


Pelsar eru til í miklu úrvali í Gyllta kettinum í Austurstræti.

Þrjár systur á Seyðisfirði hafa slegið í gegn með „vintage"-síðunni Gleymmérei á Facebook.







FRÚIN Í FLASH TEKUR TIL

20-80% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM




Mussur, skyrtur, pils, buxur allt að 80% afsl.
Áður 14990 Nú 2000

Bolakjólar 50% afsl
Áður 9990 Nú 5000

Kjólar við buxur 50% afsl
Áður 14990 Nú 7490

Skokkar 50% afsl.
Áður 16990 Nú 7990

Kápur 75% afsl.
Áður 19990 Nú 5000

Og margt, margt fleira á ótrúlegu verði

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

# Rúm





Kynning















**SASSARI.** Rúmgrind/án dýnu. Hvítt háglans. L. 160x200 cm.
**Verð 49.900,-**
Náttborð m.1skf. 28x50x39 cm. **Verð 14.900,-**
*Einnig hægt að fá rúmgrind í 140x200 cm. og 180x200 cm.*



**LIVA.** Rúmgrind. Hvítlökkuð fura. L. 160x200 cm. **Verð 69.900,-**
Náttborð m.1skf. 58x41,5x58 cm. **Verð 26.900,-**
*Einnig hægt að fá rúmgrind í 140x200 cm. og 180x200 cm.*



**LEONORA.** *Rúmgrind eik/hör. L. 180x200 cm.* **Verð 179.900,-**
*Bekkur 49x140x42 cm.* **Verð 37.900,-**



**MARIANNO.** Rúmgrind. Hnotuspónn/hvítt leður.
L. 160x200 cm. **Verð 94.900,-**
Náttborð m/glerplötu 2skf. 60x45x45 cm. **Verð 28.900,-**
*Einnig hægt að fá rúmgrind í 140x200 cm. og 180x200 cm.*

ILVA



**Hér situr Carolyn Jeans verslunarstjóri í ILVA á einu af vinsælli hjónarúmum verslunarinnar, Oxford, en svefnherbergishúsgögn verslunarinnar eru rómuð fyrir fallegan aukabúnað sem fylgja hverri rúmlínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Rómantísk svefnherbergi

**Í verslun ILVA við Korputorg finnast freistandi svefnherbergishúsgögn fyrir alla.**

„Langflestir sem eru í rúmhugleiðingum velja sér rúm þar sem kostur er á heildstæðri svefnherbergislínu og hægt að fá náttborð, snyrtiborð, kommóður, skápa, kistla eða bekki í sama stíl, en af slíkum svefnhergisbúnaði er ríkulegt úrval í ILVA,“ segir Carolyn Linda Jeans, yfirmaður húsgagna í ILVA á Korputorgi, innt eftir því vinsælasta í rúmum verslunarinnar nú.

„Rúmgrindur ILVA eru sérhannaðar fyrir boxdýnur, en við bjóðum einnig rimlabotna fyrir þá sem vilja frekar springdýnur,“ segir Carolyn þar sem hún tyllir sér á fallegt Oxford-hjónarúm með rúmfatnaði í fjólubláum, bleikum og hvítum tónum.

„Oxford er dæmi um stílhreina skandinavíska nútímahönnun sem nýtur mikilla vinsælda og er smíðuð úr aski. Hér finnast margir mismunandi stílar sem henta ólíkum þörfum og smekk, en vinsælust nú er Liva í rómantískum sveitastíl, með kommóðu, náttborði, tveggja dyra skáp með neðri skúffum, snyrtiborði með spegli, geymslukistu og fleira. Þá er Marianno úr hnotu og leðri, ásamt Leonora úr eik og hör óskaplega vinsæl svefnherbergishúsgöng. Í Leonora-línunni er einnig forláta bekkur með stásslegum fótum og flottri bólstrun sem gott er að hvílast á, en slíkir bekkir til afnota í svefnherbergi koma æ sterkar inn,“ segir Carolyn og færir sig yfir í fallegt herbergi þar sem svokallaðir day-beds eða rúm/sófi eru til sýnis.

„Day-beds eru umluktir flúruðum járnrimlum í baki og hliðum, og nýtast sem sófar á daginn á milli þess sem sofið er í þeim. Þá er hægt að skreyta fallega með púðum og annarri smávöru. Þessir rúm/sófar eru afar sniðug lausn í gestaherbergi, en sérstaklega vinsælir í stúlknaherbergi, enda kvenlegir útlits hvítir, þótt nú séu einnig að koma inn svartir, töff og strákalegir rúm/sófar,“ segir Carolyn og færir sig að barnarúmum ILVA.

„Hér er Emil-barnalínan vinsælust; hvít, einföld og stílhrein, og hægt að púsla endalaust saman með stækkanlegum rúmum upp í tólf ára, skrifborðum, hillum og fleira. Þá er væntanleg Brio-lína fyrir allra yngstu börnin með rimlarúmum og fullt af skemmtilegum fylgihlutum,“ segir Carolyn, enda ILVA alltaf að taka upp nýjar og spennandi svefnherbergisvörur.

# Rétta rúmið – fyrir þig

Innan skamms kemur ný og stórglæsileg viðbót við Silence-rúmlínuna í verslun ILVA á Korputorgi, en hún er sérhönnuð með tilliti til útlits, þæginda og hámarks gæðasvefns.

Í Silence-rúmlínunni velur viðskiptavinurinn sér útlit eftir eigin höfði úr fjölbreyttu úrvali rúmgafla og rúmfóta. Þannig getur hann búið til sitt eigið rúm með útliti sem hentar best híbýlum hans og húsmunum, og valið um rúmgrind sem til dæmis felur í sér geymslubox eitt og sér, eða geymslubox með púða við höfðagafl, en í raun eru möguleikarnir óþrjótandi þegar kemur að samsetningu og endanlegri útkomu Silence-rúms.

Eftir að útlit rúmsins hefur verið valið kemur að mikilvægustu ákvörðuninni; rúmdýnunni sjálfri. Boðið er upp á þrjá gæðaog verðflokka í Silence-vörulínunni: Basic, Classic og Exclusive, en starfsfólk ILVA á Korputorgi veitir fúslega faglega ráðgjöf við val á réttu dýnunni.

Góður nætursvefn er undirstaða daglegs lífs og gæða rúmdýnur á borð við Silence Classic og Exclusive tryggja það í flestum tilfellum. Yfirleitt tekur um fjórtán daga að venjast nýrri rúmdýnu. Fagfólki ILVA er í mun að viðskiptavinurinn sé ánægður með kaupin og veitir því fjórtán daga umhugsunarfrest til að skila dýnunni, sé kaupandinn ekki viss um að dýnan henti honum.

ILVA kappkostar að eiga allar gerðir rúmdýna í Silence-vörulínunni, en rúmgaflar og rúmfætur eru sérpantaðir að óskum viðskiptavina.



**Hér má sjá dæmi um skemmtilega útfærslu á Silence-rúmi frá ILVA.**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471 og Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439.



# 11.900,-

**FJELLSE** rúmgrind B140×L200cm
Fura. *Dýna og rimlabotn seld sér*



**HENNY RUTA** sængurverasett
B140×L200/B50×L60cm
Hvítt/gráblátt **3.990,-**



**DVALA** teygjulak
B140×L200cm. Ýmsir litir **1.990,-**



**ENGAN** rúmgrind
B160×L200cm. Hnota **16.900,-**
*Dýna og rimlabotn seld sér*

# Dreymir þig betri nætursvefn?



**DVALA** teygjulak
B160×L200cm. Ýmsir litir **2.390,-**



**INDIRA** rúmteppi
B250×L250cm
Ýmsir litir **3.990,-**



**ANDREA** sængurvera-
sett B140×L200/
B50×L60cm
Marglitað **4.490,-**



# 19.950,-

**MALM** rúmgrind B90×L200cm. Hvítt
*Dýna og rimlabotn seld sér*



# 5.990,-

**ODDA** náttborð
B61×D45, H44cm. Hvítt

nýtt



**BIRGIT** sængurvera-
sett B140×L200/
B50×L60cm. Hvítt/
rautt **4.990,-**



nýtt

**KARIT** rúmteppi og
púðaver B180×L280/
B40×L60cm
Ýmsir litir **5.490,-**



**HEMNES** náttborð
B46×D35, H70cm
Hvítt **8.990,-**



**MANDAL** rúmgrind m/hirslum
B140×L202cm. Birki/hvítt **49.950,-**
*Dýna seld sér*



**HEMNES** rúmgrind B160×L200cm
Hvítt **39.850,-**
*Dýna og rimlabotn seld sér*



**ENGAN** náttborð
B39×D41, H52cm
Hnota **6.990,-**

nýtt

**Kjöt bollu réttur vikunnar**

**745,-**

10 kjötbollur með
grilluðu grænmeti,
frönskum og bernaisesósu



nýtt

**KARIT** rúmteppi og 2 púðaver
B260×L280/B40×L60cm
Ýmsir litir **8.990,-**



# 39.900,-

**TRONDHEIM** rúmgrind B160×L200cm
Hvítt. *Dýna og rimlabotn seld sér*

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# MEDILINE HEILSURÚM

**íslensk hönnun og framleiðsla**

*Veljið íslenskt þar sem verð, gæði og fagmennska fara saman.*



**Ella** stillanlegt rúm 160x200 með náttborðum
Verð nú frá kr. 371.070,-



**Starlux** 160x200. Verð nú frá kr. 115.200,-



**Liam** rúm 160x200 með náttborðum
Verð nú frá kr 150.375,-



**Medipocket** 160x200
Verð nú frá kr. 131.850,-

*LYSTADÚN MARCO*
*Enginn er betri*

Reykjavík, Mörkin 4, Sími: 533 3500




Að sögn Valdimars býður Mediline-heilsulínan upp á lausnir sem ekki hafa þekkst áður á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Klæðskerasniðnar lausnir

**Nú hefur Lystadún Marco sett á markað nýja samhæfða línu af heilsurúmum sem nefnd er Mediline, en þetta er íslensk hönnun og framleidd hér á landi þar sem trygg gæði, gott verð og fjölbreytni voru höfð að leiðarljósi.**

„Fólki gefst kostur á að velja um margar gerðir, stærðir og fjórtán stífleika af dýnum til að uppfylla ólíkar þarfir og því ættu allir að finna rúm við sitt hæfi,“ segir Valdimar Grímsson, framkvæmdastjóri Lystadún Marco í Mörkinni 4, en rekstur fyrirtækisins hefur snúist um framleiðslu og sölu á heilsurúmum og dýnum síðan árið 1949 og hefur veitt viðskiptavinum sínum góða og fjölbreytta þjónustu allar götur síðan.

„Viðskiptavinir geta valið á milli Standard- eða Deluxe-útgáfu af rúmunum. Í stöðluðu útgáfunni bjóðast fimm ólíkar grunndýnur: svæðaskipt Pocket-springdýna sem tryggir hámarks stuðning, stíf eða mjúk svæðaskipt Latex-dýna, sem fylgir líkamanum þétt eftir og jafnar þar með líkamsþunga mjög vel, hin mjúka Medicare og svo þrýstijöfnunardýna úr Celsius hitavirku efni sem lagar sig einstaklega vel að líkamanum. Ofan á „deluxe- eða lúxusútgáfuna bætast svo við þrjár gerðir af yfirdýnum, sem má skipta um eftir þörfum: Supersoft-, Celsius- og Latex-dýna,“ bendir hann á og segir að ekki sé framleitt eða selt hér á landi jafn fjölbreytt úrval af heilsudýnum.



Hægt er að velja um nokkrar gerðir af grunndýnum og yfirdýnur að auki í Deluxe-útgáfunni.

Hægt er að velja um tvær mismunandi grunndýnur í tvíbreitt rúm, og yfirdýnur eftir því sem við á, þótt þær séu í eina og sama dýnuverinu. Þetta er gert þar sem pör geta verið með mjög ólíkar þarfir, sem ræðst meðal annars af misjöfnu vaxtarlagi og líkamsþyngd. En með því að hafa dýnurnar í einu og sama verinu, er komið í veg fyrir að þær gliðni í sundur á nóttunni auk þess sem minni hreyfingar berast á milli dýnanna sem geta valdið svefntruflunum. Rennilásar eru á dýnuverum sem auðveldar þrif, auk þess sem viðhald og breytingar á dýnum verður aðgengilegra.

Þá eru jafnframt tvær gerðir af rúmbotnum í boði að sögn Valdimars. „Botnarnir eru okkar eigin framleiðsla og fást annað hvort í svörtu eða hvítu leðurlíki og ljósum eða dökkbrúnum löppum. Fólki standa líka til boða tvær gerðir rafmagnsbotna frá ítalska framleiðandanum Nottinblu á sanngjörnu verði og þeim er hægt að púsla saman við Mediline-línuna, en í tvíbreiðum rúmum geta notendur haft hvor sína stillinguna á botninum.“

Valdimar segir fimm ára ábyrgð vera á Mediline-heilsurúmunum. „Það er í samræmi við reglur Evrópusambandsins sem kveða á um að hafi vara enst í fimm ár geti hún einfaldlega ekki verið gölluð. Reglurnar leyfa af þeim sökum ekki lengri ábyrgð heldur en fimm ár.“

Við þetta bætir hann að í verslun Lystadún Marco fáist jafnframt allir fylgihlutir fyrir rúm. „Við erum með breitt og gott úrval af koddum, sængurverum og fleiru og allt saman er á sérafslætti fyrir þá sem festa kaup á rúmum hjá okkur,“ segir hann og tekur fram að allar nánari upplýsingar sé að finna á vefsíðunni www.lystadun.is.

# Aðstoðar við val á dýnum

Hjá Lystadún Marco starfar sjúkraþjálfari einu sinni í viku sem aðstoðar viðskiptavini við val á dýnum. „Mitt hlutverk er að hjálpa fólki að finna þá dýnu sem hentar best, með það í huga að hún lagist vel að líkama þess og veiti góðan stuðning,“ segir Kristín Gísladóttir og bætir við að fólk sé vegna ólíks vaxtarlags og líkamsþyngdar með mismunandi þarfir.

„Þannig getur par þurft á mjög ólíkum dýnum að halda, annað kannski mjúka en hitt aðeins stífari dýnu,“ útskýrir hún og bætir við að einnig geti aldur, líkamsástand, sjúkdómar og stoðkerfisvandamál spilað inn í. „Þeir sem þjást af gigt eða verkjum í hálsi eða baki geta þurft sértækar lausnir, svo dæmi séu tekin.“



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari leiðbeinir viðskiptavinum við val á hentugri dýnu og fleiru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kristín segist gefa sér góðan tíma til að fara yfir málin með viðskiptavinum og hlýða á sögu þeirra áður en dýnurnar eru skoðaðar. „Ég læt fólk leggjast í rúmin til að sjá hvernig dýnan tekur við líkamanum en það skiptir öllu máli.“

Mediline dýnulínan gerir aðlögun rúmsins að einstaklingunum mun auðveldari, þar sem úrvalið er mikið og auðvelt er að púsla dýnum með mismunandi eiginleika saman.

Hún getur þess að utan viðtalstímans á fimmtudögum milli klukkan 16 og 18 sé starfsfólk verslunarinnar boðið og búið til að aðstoða. „Ég er búin að veita starfsfólk Lystadún-Marco þjálfun til að hjálpa viðskiptavinnum við valið með framangreinda þætti í huga. Vilji fólk nákvæmari upplýsingar er alltaf hægt að leita til mín á fimmtudögum.“



Sigurður Matthíasson, eigandi Svefns og heilsu, stofnaði verslunina fyrir nítján árum og hefur alla tíð lagt áherslu á heilsudýnur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Heilsudýnur í fyrirrúmi

**Svefn og heilsa í Listhúsinu í Laugardal leggur megináherslu á heilsudýnur í hæsta gæðaflokki á verði sem á sér vart hliðstæðu.**

Upphaf Svefns og heilsu má rekja tæp tuttugu ár aftur í tímann. „Ég bjó í Bandaríkjunum í sex ár og ákvað að kaupa mér hágæða heilsudýnu. Þar sem ég var á leiðinni heim keypti ég nokkrar dýnur fyrir vini og kunningja og þær mæltust svo vel fyrir að áður en varði var ég farinn að fytja inn fleiri gáma og opnaði á endanum verslun í kringum starfsemina,“ segir Sigurður Matthíasson, eigandi og stofnandi Svefns og heilsu.

Allt frá upphafi hafa heilsudýnur verið í öndvegi í versluninni. „Vinsælasta og ein besta heilsudýnan sem við bjóðum upp á er IQ-CARE sem hentar mjög vel á stillanleg rúm. Þær eru svæðisskiptar og með sérstöku þrýstijöfnunarefni sem þróað er í Belgíu,“ segir Sigurður og bætir við að hann hafi sjálfur tekið þátt í þeirri þróun. „Í seinni tíð höfum við hannað hágæða heilsudýnur sjálf og látið framleiða þær fyrir okkur úti í heimi,“ segir Sigurður og bætir við að þannig geti hann boðið upp á verð sem erfitt sé að keppa við. „Tvær nýjustu heilsudýnur okkar heita Þór og Saga,“ segir hann og tekur verðdæmi. „Queen-stærð af Sögu kostar aðeins 129.900 krónur með botni og fótum.“



Í versluninni er einnig að finna úrval fallegra rúmfata.

Dýnurnar Saga og Þór eru byggðar upp eftir sömu forskrift og bestu heilsudýnur í heimi. „Þær skiptast í sjö svæði með sjálfstæðu gormakerfi og þrýstijöfnunarefni sem mótast eftir líkamanum,“ útskýrir Sigurður.

En hvað endast svona dýnur lengi? „Fimm til tíu ára ábyrgð er á öllum dýnum en þær endast yfirleitt mun lengur,“ svarar Sigurður. „Síðan erum við með stillanleg rúm af ýmsum gerðum með þráðlausri fjarstýringu og nuddi. Einnig hægindasófa og stóla á mjög góðu verði,“ segir hann og bendir að lokum fólki á að gera gæða- og verðsamanburð áður en gerð eru kaup á dýnum. „Ef fólk gerir það er kosturinn augljós.“

# Íslenskir rúmbotnar framleiddir á Íslandi

Rúmbotnar undir dýnur Svefn og heilsu eru allir smíðaðir og bólstraðir á Íslandi. „Þegar kreppan skall á ákváðum við að það væri betri kostur að framleiða rúmbotnanna hérna heima,“ segir Sigurður, sem stofnaði verksmiðju og hefur nokkra fullgilda smiði í vinnu við rúmbotnasmíðina sem fram fer á Klettháls þar sem lagerinn er til staðar. Sigurður segir starfsemi verksmiðjunnar ganga mjög vel.





Svefn og heilsa stofnaði fyrir nokkru verksmiðju þar sem fullgildir smiðir smíða rúmbotna í gríð og erg.

IQ-CARE

Svefn&heilsa
www.svefn.is



**IQ-Care heilsudýnur.** Gerð úr svæðisskiptu þrýstijöfnunarefni frá Belgíu. Fæst í öllum stærðum og tveim stífleikum.
**Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni: 179.900 kr.**

**Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.**
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafli.)



**Board Wallhugger stillanlegt rúm.** Vinsælasta stillanlega rúmið. Fæst í nokkrum stærðum.
**Verð 2x80x200 cm með okkar bestu IQ-Care heilsudýnu, 479.900 kr.**



**Saga heilsudýna.** Gerð úr svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.
**Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni: 129.900 kr.**



**Þór heilsudýna.** Gerð úr tvöföldu svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.
**Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni: kr 149.900 kr.**

Í áraraðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, eftir þínum óskum. R.B. springdýnurnar hafa verið framleiddar hér á Íslandi í 67 ár. Hægt er að velja um fjórar tegundir af springdýnum RB venjulegar, Ull-deluxe, Super-deluxe, og Grand-deluxe. Fjórir stífleikar í boði, mjúk, medíum, stíf og extrastíf, allt eftir óskum. Fyrirtækið getur breytt stífleika springdýnanna og er eina þjónustufyrirtækið á sínu sviði sem lagfærir springdýnur eftir áralanga notkun. R.B-rúm framleiðir einnig sérhannaðar sjúkradýnur.

R.B rúm framleiðir rúmgafla eftir ykkar hugmyndum.










Dalshrauni 8, Hafnarfirði - Sími 555-0397
rum@rbrum.is - rbrum.is




„Við erum bólstrunarfyrirtæki í grunninn og því eru allir okkar rúmgaflar bólstraðir," segir Birna Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri RB rúma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Framleiðum allt á Íslandi

**RB Rúm við Dalshraun 8 í Hafnarfirði er rótgróið fyrirtæki sem leggur áherslu á íslenska framleiðslu. Heimasíðan er www.rbrum.is og Birna Ragnarsdóttir er framkvæmdastjóri.**



RB Rúm er staðsett á horni Dalshrauns og Stakkahrauns. Þar er fjöldi bílastæða og aðgengi gott.

„Við höfum verið í framleiðslu í 67 ár og vinnum allt sjálf frá grunni. Fyrirtækið byrjaði sem bólstrun og tíu árum seinna færði það sig yfir í dýnurnar. Svo komu rúmin þar á eftir." Þannig lýsir Birna Ragnarsdóttir sögu RB rúma við Dalshraun 8 í Hafnarfirði í örstuttu máli. Sjálf er hún dóttir frumkvöðulsins Ragnars Björnssonar sem stofnaði fyrirtækið. „Ég er búin að vera hér síðan ég fæddist, liggur við," segir hún hlæjandi.

RB rúm sérhæfir sig í springdýnum að sögn Birnu, en það eru gormadýnur í grunninn. „Við erum með fjórar mismunandi tegundir af springdýnum sem eru bólstraðar hver á sinn hátt og innan hverrar tegundar er hægt að velja um fjóra mismunandi stífleika," lýsir hún og nefnir líka að dýnur séu framleiddar í eldri rúm eftir pöntunum og smíðuð rúm inn í ákveðin rými. „Við getum gert rúm í öllum stærðum og hæðum og erum þau einu á Íslandi sem getum boðið upp á það, að ég held," segir hún.

„Lengsta rúmið sem við gerðum á þessu ári var 2,60 m og við smíðuðum líka rúm fyrir Sultan Kosen, hæsta mann í heimi, þegar hann kom í heimsókn til Íslands í fyrra. Ég held að það hafi verið 2,80 m."

Kaupendur dýna í RB rúmum geta látið endurvinna þær eftir vissan árafjölda. „Allar dýnur slitna með tímanum en okkar eru hannaðar þannig að hægt er að laga þær og endurbæta," segir Birna og segir líka boðið upp á fríar breytingar á stífleika dýna innan hálfs árs frá kaupum, líki fólki hann ekki.

Fjaðrarúmbotnar eru framleiddir í RB Rúmum en eitt af því fáa sem innflutt er er svokallað „sælurúm" með nuddi og ýmsum þægindum og einnig einfaldari botnar og ódýrari með höfðalagi og fótaparti sem hægt er að lyfta.

Sem vinsælan fylgihlut við rúm nefnir Birna bólstraða kistla sem hafðir eru við fótagaflinn og nýtast bæði sem sæti og hirslur. „Náttborðin eru í sama stíl nema þau er ekki hægt að opna," segir hún. „Oftast tekur fólk höfðagafl, náttborð og kistla í stíl."

Fimmtán manns starfa að jafnaði í RB rúmum og Birna segir fyrirtækið flytja allt hráefni inn sjálft. Starfsemin er undir einu þaki í Dalshrauni 8. „Við höfum verið í Hafnarfirði frá upphafi og í þessari götu frá 1966," segir Birna. „Það hefur aldrei hvarflað að okkur að flytja úr Firðinum."

# Endurhönnun eftir notkun

Springdýnurnar í RB Rúmum eru af fjórum gerðum: venjulegar, Ull-deluxe, Super-deluxe og Grand-deluxe. Fjórir stífleikar eru í boði á allar þessar fjórar tegundir, mjúk, medíum, stíf og extrastíf. Fyrirtækið getur breytt stífleika dýnanna eftir óskum kaupenda og er eina þjónustufyrirtækið á sínu sviði sem býður endurhönnun á dýnunum eftir áralanga notkun. Einnig framleiðir það sérhannaðar sjúkradýnur. Fylgihlutir eins yfirdýnur og lök eru líka búin til í RB Rúmum og sængurver og koddaver eru saumuð þar en einnig fást innflutt rúmföt.



Einn af starfsmönnunum, Xhavit að nafni, leggur lokahönd á eina dýnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






## DUX CLASSIC

2 DUX Classic 90x200cm/Xtandard
yfirdýna 180x200cm og fætur

**Tilb kr 360.000**



## DUX VISTA CLASSIC PAKKI

2 DUX Classic 90x200cm/Xtandard
yfirdýna 180x200cm/23cm fætur/
Vista höfuðgafl og Mathilda rykfaldur.

**Tilb kr 457.000**

# DUXIANA®

ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 | sími: 5689950 | www.duxiana.com

# Panasonic TOPPTILBOÐ

ideas for life




**Panasonic TXP42G20**

42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**

FULLT VERÐ kr. 319.990




**Panasonic TXL32C20**

32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 40.000:1skerpu, 24p Playback, Progressive Scan, Intelligent Scene Controller 3D, Colour Management Sub-Pixel Control, VIERA Link, stafrænum DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI tengi ofl.

**TILBOÐ 109.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990




**Panasonic TXP42C2**

42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 124.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990




**Panasonic TXP42S20**

42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080P upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/Playback, 2.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T staf-rænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

**TILBOÐ 179.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990




**Panasonic TXP46G20**

42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x 1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 x USB fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 329.990**

FULLT VERÐ kr. 369.990

Alltaf gæði og góð kaup!

STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# Djarfur herrailmur frá Hugo Boss

**Hugo Boss sendi á dögunum frá sér nýjan ilm fyrir karlmenn. Leikarinn Ryan Reynolds er andlit herferðarinnar.**



Ryan Reynolds í hlutverki sínu sem Wade Wilson í myndinni X-men Origin: Wolverine.




Boss Bottled Night er nýr herrailmur frá Hugo Boss. Ilmurinn samanstendur af birki- og kardimommutónum í bland við viðar- og moskustóna og er sagður glæða notandann töfrum.

Boss Bottled línan var fyrst kynnt árið 1998 og þótti mjúkur vanillukenndur ilmurinn nýlunda í ilmvötnum fyrir karlmenn. Viðartegundir eru lykillinn í ilmeiginleikum Boss Bottled og í Boss Bottled Night ilminum blandast léttur ilmur af Louro amarelo við moskustónana.

Leikarinn Ryan Reynolds hefur verið valinn sem andlit nýja ilmsins en karlmannleg útgeislun hans þykir hæfa Boss Bottled Night. Meðal hlutverka sem Reynolds hefur túlkað á hvíta tjaldinu má nefna ofurhetjuna Wade Wilson í X-men Origin: Wolverine, sem var bæði tungulipur og lipur með sverð.

Nýi ilmurinn fæst sem ilmvatn og rakspíri, rakakrem, svitalyktareyðir og sturtugel.



Gull eða gullhúðaðir fylgihlutir eru heitir í október ef marka má nýjasta hefti Vogue. Þá er sama hvort um er að ræða armbönd, belti, skó, veski, men, sólgleraugu eða lokka.

**Heimild: www.vogue.com**

# Dýrlegur Dior

**Fimmti áratugurinn sveif yfir vötnum á nýafstaðinni tískusýningu Christian Dior.**

Sumarið verður kynþokkafullt fyrir Dior-aðdáendur. John Galliano lék sér með ímynd fimmta áratugarins á nýafstaðinni tískusýningu Christian Dior og voru „pin-up“ stúlkur, sjóliðar og Havaí efst á baugi hönnuðarins fyrir næstkomandi vor og sumar.

Fyrirsæturnar voru vel greiddar í anda Betty Page, ýmist með sjóliðahatta, stutta toppa og stóra liði eða kattarsólgleraugu í bleikum lit. Litadýrðin var allsráðandi með margs konar munstri og voru stuttir eða gegnsæir kjólar, ber bök og fallegir fylgihlutir áberandi og settu punktinn yfir i-ið. *- jbá*






## NÝ SKÓSENDING Í GYLLTA KETTINUM,



Allir skór á 12.800 kr. stærðir 36-41



**Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran syngur á öðrum hádegistónleikum Hafnarborgar í haust milli klukkan 12 og 12.30 í dag. Hún mun flytja valdar aríur sem eiga það allar sameiginlegt að fjalla um draumaprinsinn en það er jafnframt yfirskrift hádegistónleikanna að þessu sinni.




Fullt af flottum skóm
VSK dagar
(20% afsláttur)
fimmtudag, föstudag, og laugardag
EUROSKO
SKÓHÖLLIN
Firði Hafnarfirði S: 555-4420


# Þroskandi föndurvörur

**Katerina Gerasimova rekur tvær verslanir Orange Elephant á Íslandi. Hún heillaðist af hugmyndafræði appelsínugula fílsins í Moskvu og dembdi sér út í verslunarrekstur eftir nám í tölvufræðum við HR.**

Orange Elephant heita tvær nýjar verslanir hér á landi með föndurvörur fyrir börn. Í maí á þessu ári var opnuð verslun á Garðatorgi í Garðabæ og nú í október var önnur opnuð í Firðinum í Hafnarfirði.

„Okkur langar að búa til keðju af verslunum en búðirnar á Garðatorgi og í Firðinum eru eins. Okkur langar einnig að opna fleiri búðir annars staðar á landinu á næstu árum en það bjóða ekki margar verslanir upp á föndruvörur fyrir krakka úti á landi,“ segir Katerina Gerasimova eigandi verslananna.

Vörumerkið Orange Elephant kemur frá Moskvu og dreifast verslanirnar um allan heim. Katerina er sjálf frá Sankti Pétursborg og kynntist vörunum í Moskvu. Hún hefur verið búsett hér á landi síðustu sex ár og stundað nám í tölvufræðum við Háskólann í Reykjavík. Hún heillaðist þó svo af vörum og hugmyndafræði Orange Elephant að hún skellti sér út í verslunarrekstur.

„Þetta er vel skipulagt fyrirtæki sem vinnur stöðugt að nýjungum í þroskandi föndurvörum fyrir börn. Allar vörurnar eru öruggar og meira að segja óhætt að borða þær.“

Katerina nefnir boltaleirinn og mótunarleirinn sem vinsælar vörur. Á laugardögum eru haldin námskeið fyrir krakka í verslun Orange Elephant á Garðatorgi. Þar er málað, leikið með leir eða skreytt. Þáttökugjald er eitt þúsund krónur og taka börnin afraksturinn með sér heim.

Heimasíða verslunarinnar er www.orange-elephant.is.

*heida@frettabladid.is*




Katerina, eigandi föndurvöruverslunar Orange Elephant í Firðinum, kynntist vörumerkinu í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Orange Elephant leggur áherslu á að virkja sköpunarkraftinn í krökkunum.



Bolta mótunarleirinn er léttur og meðfærilegur og auðvelt fyrir litla fingur að móta úr honum.



Úrval af mótunarleir í öllum litum er að finna í verslununum.

# Smá kaffipása

**Í verslunarleiðöngrum er nauðsynlegt að geta sest niður og fengið sér hressingu. Slíkt er ekkert vandamál í Firði.**



„Stemningin á kaffitorginu okkar er eins og á lestarstöð,“ segir Jón Arelíusson bakari í Kökulist sem er á neðri hæðinni. Þar er freistandi tilboð á kaffi og tertusneið „alvöru hnallþóru“, 680 krónur. „Fleiri og fleiri eru að uppgötva samlokurnar okkar og svo eru ótrúlega margir orðnir háðir sörunum,“ segir Jón.

Á efri hæðinni er Café Aroma með barnahorni og útsýni út á fjörðinn. „Allar tertur hjá okkur eru bakaðar í litlum formum og bornar þannig fyrir hvern og einn,“ upplýsir Andrea Norðfjörð, eigandi staðarins. „Svo erum við með sleikipinna úr kexi fyrir börnin,“ segir hún og nefnir líka smurbrauð, pönnukökur og mömmuvínarbrauð.

*- gun*

Þjónustukönnun stendur yfir á vegum Hafnarfjarðarbæjar þar sem verið er að kanna notkun á og viðhorf til rafrænnar þjónustu á vefsvæði og íbúagátt. Sjá nánar á vef bæjarins.

**Heimild: www.hafnarfjordur.is**


Full búð af nýjum vörum
Afnemum virðisaukann af öllum gallabuxum
Herra hafnarfjörður
Firði Hafnarfirði
Sími 565 0073





Skemman
Verslun með hönnun og handverk
Firði Hafnafirði s: 445 3485
Mikið úrval af fallegum gjafavörum
gler • leður • kerti • spiladósir • o.fl
Ýmsar prjónavörur
Lopi
Einband
Kambgarn
Prjónar
Tölur í úrvali
Semeliu rennilásar
navia
Færeyska prjónagarnið frá Navia í miklu úrvali





Prjónablöðin vinsælu frá Navia komin
fjöldi fallegra uppskrifta



Gunnari Má Levíssyni kaupmanni í Herra Hafnarfirði fannst vanta í flóruna tískuverslun með flottan fatnað fyrir mjúkholda kvenfólk og ákvað að opna Mind í Firðinum, þar sem hvaða kona sem er finnur töff fatnað sem gerir hana bæði skvísulega og sæta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þykkar eru líka skvísur

**Fagurt orðspor tískuverslunarinnar Mind í Firðinum hefur breiðst hratt út, enda ávallt full búð af nýupptekinni tískufatnaði fyrir konur af öllum stærðum sem endurspeglar alltaf það allra heitasta í dag.**

„Mér fannst stórlega vanta smart föt á stelpur sem eru svolítið stærri um sig, því Ísland er fullt af glæsilegum konum í mýkri kantinum sem einnig vilja vera flottar til fara. Flestar tískuverslanir eru uppfullar af fatnaði fyrir grannar stelpur, en hér fæst nýjasta tíska fyrir allar konur, sama hvernig þær eru í laginu,“ segir Gunnar Már Levísson kaupmaður í tískuversluninni Mind í Firðinum, þar sem Gunnar hefur einnig rekið þá margfrægu tískuverslun Herra Hafnarfjörð um árabil.

Gunnar sér sjálfur um innkaup hins fagra kvenfatnaðar í Lundúnum og Kaupmannahöfn og segist engum valkvíða haldinn þótt úrvalið sé bæði stórkostlegt og mikið.

„Jájá, ég hef ekki síður gott auga fyrir kvenfólkinu,“ segir hann hlæjandi, en ferðir utan til innkaupa eru tíðar. „Nýjar vörur koma í Mind í hverri viku og alltaf samkvæmt því sem er hæstmóðins hverju sinni, en í Mind fær konan allt sem hún þarfnast í flottan fataskáp, utan undirfata,“ segir Gunnar, sem kaupir inn kjóla, skokka, pils, buxur, boli, peysur, blússur, skó og kápur, sem og töskur, skó, belti, skartgripi og fleiri fylgihluti.



Skvísuleg klæði samkvæmt nýjustu tísku fást fyrir konur í öllum stærðum í Mind, Firðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Og viðtökurnar hafa ekki látið á sér standa hjá smekkvísum skvísum þessa lands.

„Verslunin hefur gengið framar björtustu vonum og það er alltaf brjálað að gera. Því væri tilvalið að færa út kvíarnar, því öruggt er að þörfin og eftirspurnin er mikil, og aldrei að vita nema ég opni Mind annars staðar ef ég fæ gott verslunarpláss,“ segir Gunnar, sem selur fatnað í stærðunum small til 56 í Mind.

„Galdurinn við búðina felst ekki bara í smart fatnaði úr vönduðum efnum og miklum gæðum, heldur einnig góðu verði, því hér sést ekki uppsprengt verð eins og finnst í verslunum sem bjóða kvenfatnað í stærri stærðum. Álagning er því sanngjörn og í takti við góða díla í innkaupum,“ segir Gunnar.

Dagmar Halldórsdóttir verslunarstjóri tekur undir skoðun Gunnars að þéttholda konur þurfi ekki lengur að vera lummó til fara.

„Vitaskuld vilja þær líka klæðast töff tískufatnaði og reyndar eru fötin í Mind svo flott að konur fara með sjö, átta flíkur í mátunarklefann en geta svo ekki gert upp á milli hvað skal svo kaupa því fötin eru öll svo klæðileg. Þá kemur hingað kvenfólk úr öllum landsfjórðungum því orðsporið breiðist út og margar sem komu úr brúðkaupsveislum sumarsins þar sem þær höfðu spurt vel klæddar, mjúkar konur hvar þær fengu flottu fötin. Svarið lét ekki á sér standa: „Nú, auðvitað í Mind í Firðinum“.“

*thordis@frettabladid.is*


FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Afnemum virðisaukann af öllum yfirhöfnum

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Tax Free dagar
fimmtudag til laugardags



Nýjar vörur

Dalakofinn
Firði Hafnarfirði • S: 555 4295

Gjöfina færðu hjá okkur



20% afslátt af úrum og klukkum á völdum dögum í Firði 7 – 9. október

ÚR & GULL
Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** blunda, **6.** tveir eins, **8.** mas, **9.** námsgrein, **11.** tveir eins, **12.** frárennsli, **14.** fyrirmynd, **16.** átt, **17.** for, **18.** hætta, **20.** skóli, **21.** drunur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hljóta arf, **3.** hljóm, **4.** málmur, **5.** einkar, **7.** rafstraumur, **10.** kvk nafn, **13.** svif, **15.** íþróttafélag, **16.** nægilegt, **19.** ung.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** móka, **6.** rr, **8.** mal, **9.** fag, **11.** ll, **12.** afrás, **14.** mótíf, **16.** na, **17.** aur, **18.** ógn, **20.** ma, **21.** gnýr.
**LÓÐRÉTT: 1.** erfa, **3.** óm, **4.** kalsíum, **5.** all, **7.** rafmagn, **10.** gró, **13.** áta, **15.** fram, **16.** nóg, **19.** ný.




# Hvað á þetta að þýða?!

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Stjórnarandstaðan mætti ekki á fund ráðherra var fyrirsögn fréttar á Vísir.is í gær. Svo ég vitni nánar í fréttina átti á fundinum að ræða aðgerðir til að koma til móts við skuldavanda heimilanna! Enginn fulltrúi stjórnarandstöðunnar mætti en í Fréttablaðinu í gær var haft eftir forsætisráðherranum á forsíðunni að stjórnarandstaðan hefði víst ekki tekið vel í samstarf.



**ÞVÍLÍKUR** argasti dónaskapur við fólkið í landinu segi ég nú bara! Finnst þessum „háttvirtu“ þingmönnum nú vera staður og stund til að snúa upp á sig? Hagsmunir hverra eru í fyrirrúmi, flokksins eða fólksins í landinu? Formaður Framsóknarflokksins sagðist fyrir löngu hafa lagt til samstarf, en enginn hafi hlustað. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins sagðist ekkert fundarboð hafa fengið en vildi jafnframt ekkert segja um það hvort hún hefði mætt ef fundarboð hefði borist, svo ég vitni aftur í fréttina á Vísir.is. Vildi fyrst fá staðfestingu á því að ríkisstjórnin meinti eitthvað með yfirlýsingum sínum um að finna lausnir á vandanum!

**ÉG** er ekkert endilega yfir mig ánægð með aðgerðir sitjandi ríkisstjórnar. Skerðing á barnabótum og stytting fæðingarorlofs finnst mér í hrópandi ósamræmi við norræna velferðarstefnu. Að ég tali nú ekki um þær fyrirætlanir að leggja niður fæðingarþjónustu í Vestmannaeyjum. Ætli við förum þá að sjá fyrirsagnir í blöðum eins og „Fæddist milli lands og Eyja“ eða „Herjólf tók niðri í Landeyjahöfn í morgun, við það fæddist barn“?

**ÉG** ætla ríkisstjórninni þó ekki að meina ekkert með því að vilja finna lausnir á vandanum. Það er frekar að ég gruni þá sem mæta ekki á boðaða fundi, þar sem ræða á lausnir á skuldavanda heimilanna, um að meina ekkert með yfirlýsingum sínum. Sjálfsagt halda þingmenn stjórnarandstöðunnar að mótmæli fólks á Austurvelli beinist eingöngu að ríkisstjórninni en ekki að þeim. Margir þeirra eiga þó „heiðurinn“ af ástandi heimilanna í dag. Ég held að háttvirtum þingmönnum sé alveg óhætt að taka þessi mótmæli til sín, öllum sem einum, hvaða flokki sem þeir tilheyra.

**ALVEG** er ég orðin hundleið á þessum pólitíska leik, stælum og karpi meðan heimilin rekur undan straumi. Tíminn er að renna út og er þegar runninn út hjá mörgum. Ég tek því undir með gamalli vinkonu minni úr skemmtiþættinum Svalbarða sem bálreið leið enga vitleysu, „Hvað á þetta að þýða?!“

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MESTA ÚRVALIÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI
8BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
LANDSINS MESTA ÚRVAL
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
msi
packard bell
SONY
TOSHIBA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1298
KR.kg
FERSKT
LAMBALÆRI
759
KR. KG
HÁLFUR LAMBASKROKKUR
NÚ Á ENN LÆGRA VERÐI AÐEINS 759 KR.KG.
ÍSLANDS LAMB
159
KR. 2 ltr.
198
KR. 1 kg
LÍFRÆNAR GULRÆTUR
FRÁ AKURSELI 500g POKI
98
KR. 1 kg
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
GULLAUGA OG RAUÐAR Í LAUSU
298
KR.500g
LÍFRÆNAR GULRÆTUR
FRÁ AKURSELI 500g POKI
259
KR. 300g
GÓÐ KAUP SUÐUSÚKKULAÐI 300g
298
KR. 400g
MYLLU KRYDDKAKA 440g
359
KR.36 stk
RENE KAFFIPÚÐAR
36 STK Í PAKKA
AÐEINS 10 KR BOLLINN
Blåbær
249
KR. 250g
FROSIN BLÁBER 250g
98
KR. 500ml
ENGIFERDRYKKUR
Sollu Eiríks
ENGIFERVATN
5 sm engiferrót, afhýdd og skorin í bita.
Sett í pott með 1 ltr. af vatni og soðið í 15 mín,
slökkt undir og látið standa í aðrar 15 mín.
Þessi drykkur er góður bæði heitur og kaldur.
ENGIFERVATN MEÐ EPLABRAGÐI
5 cm engiferrót, afhýdd og skorin í bita
sett í pott með 1 ltr. af eplasafa.
Soðið við vægan hita í 30 mín. Látið kólna niður.
Hægt að drekka epla-engifervatnið heitt eða kalt !
SPARAÐU!
GERÐU ÞINN EIGIN
ENGIFERDRYKK
125
KR. 625ml
CLEAN AND FRESH
UPPÞVOTTALÖGUR 625ml
498
KR. kg
FERSK ENGIFERRÓT
179
KR. 500g
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskt ferskt grísakjöt; af nýslátruðu

## 13000 SÖLUEININGAR Í BOÐI




198 KR. kg
FERSKIR GRÍSASKANKAR

498 KR. kg
FERSKT GRÍSAHAKK

898 KR. kg
FERSKT GRÍSAGÚLLAS

1398 KR. kg
FERSKAR GRÍSALUNDIR




898 KR. kg
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

898 KR. kg
FERSKT GRÍSASNITSEL

898 KR. kg
FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




998 KR. kg
ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR

898 KR. kg
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTIR




998 KR. kg
ALI BAJONSKINKA ÚR LÆRI

998 KR. kg
BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR

495 KR. kg
FERSKUR GRÍSABÓGUR




998 KR. kg

ALI ELDUÐ SPARERIBS/GRÍSARIF *ÞARF AÐEINS AÐ HITA !*

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**HVAÐ BÝR Í PÍPUHATTINUM?** Lifandi leikvöllur fyrir börn og fullorðna verður sýndur í Útgerðinni, Grandagarði 16, 9. og 10. október. Verkið er unnið af fjórum listamönnum, sem allir sækja innblástur í sögurnar um Múmínálfana.

# Andóf í myndlist

Myndlist og andóf er umfjöllunarefni málþings sem haldið verður í Hafnarhúsinu í kvöld klukkan 20. Málþingið er liður í dagskrá undir yfirskriftinni Imagine Peace, sem endurspeglar friðar- og kærleiksboðskap John Lennon og Yoko Ono.

Á málþinginu verður fjallað um samfélagslega gagnrýni í myndlist og pólitíska virkni myndlistarmanna, bæði í sögulegu samhengi og í samtímanum. Löng hefð er fyrir því að myndlistarmenn taki á samfélagslegum málefnum og beiti sér gegnum list sína í pólitískum málum. Jón Proppé listheimspekingur stýrir málþinginu en auk hans hafa framsögu þær Hildur Hákonardóttir, Steinunn Gunnlaugsdóttir og Ósk Vilhjálmsdóttir.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

29.09.10 - 05.10.10



1 Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert



2 Arsenikturninn - kilja
Anne B. Ragde



3 Blóðnætur - kilja
Åsa Larsson



4 Íslenzkir þjóðhættir
Jónas Jónasson



5 Barnið í ferðatöskunni - kilja
Lene Kaaberbøl/Agnete Frills



6 Ertu Guð, afi?
Þorgrímur Þráinsson



7 Kvöldverðurinn - kilja
Herman Koch



8 Vitavörðurinn - kilja
Camilla Läckberg



9 Leyndarmál annarra - ljóðabók. Þórdís Gísladóttir



10 Ranghugmyndin um guð
Richard Dawkins

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**Á ÞURRU LANDI** Transaquania – Into Thin Air er annað verkið sem Erna Ómarsdóttir, Damien Jalet og Gabríela Friðriksdóttir semja um goðsagnakenndan heim kynjavera Bláa lónsins. MYND/GOLLI

# Skrímslin eru komin á land

Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld sýninguna Transaquania – Into Thin Air. Verkið varð til í samvinnu Ernu Ómarsdóttur, Damiens Jalets og Gabríelu Friðriksdóttur. Erna Ómarsdóttir segir verkið eins konar þróunarsögu.

„Transaquania – Into Thin Air er framhald af verkinu Transaquania – Into the Blue sem við settum upp í fyrra í Bláa lóninu. Í því verki bjuggum við til goðsagnakenndan heim og sögðum frá skrímslum og verum í lóninu. Núna eru þær komnar upp á þurrt land.

Minningin um vatn er enn til staðar en vatnið er horfið. Því fannst okkur áhugavert að vinna með þyngdarafl og súrefni í framhaldi af fyrra verkinu, meira meðvitað en maður gerir vanalega. Því lögmálin ofanjarðar eru auðvitað allt önnur en í vatni,“ segir Erna Ómarsdóttir danshöfundur og dansari.

Sagan sem er sögð í verkinu er ævintýraleg og hún kannar „hið viðkvæma jafnvægi og hinn þunna þráð milli hins efnislæga, hins líkamlega og hins ljóðræna,“ eins og segir í fréttatilkynningu dansflokkksins.

„Þetta er í raun ævintýri sem fjallar um ættbálk sem er stanslaust að aðlaga sig umhverfinu og stökkbreytist í sífellu. Þannig er aðlögunarhæfni eitt umfjöllunarefnanna. Verurnar berjast við náttúruöflin og upplifa fimm til sex hamfarir á dag,“ segir Erna og bætir við að legið hafi ljóst fyrir frá því í fyrra að framhald yrði á sögunni um verurnar í lóninu.

Erna er höfundur verksins ásamt Damien Jalet dansara og danshöfundi og Gabríelu Friðriksdóttur myndlistarmanni. Hún segir þau þrjú hafa unnið hugmyndina og söguna saman, þau Damien sjái svo um að færa hana yfir í dansinn en Gabríela í búninga og leikmuni. Ásamt Gabríelu sér Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir um leikmuni og búninga.

„Við erum samferða í öllu ferðalaginu. Svo má ekki gleyma þætti tónlistarmannanna Bens Frosts og Valdimars Jóhannessonar og þá ekki síðu dansaranna sem taka virkan þátt í sköpuninni.“

Sýningarár Íslenska dansflokksins hefst á sýningunni Transaquania – Into Thin Air og verður verkið sýnt á stóra sviði Borgarleikhússins.

sigridur@frettabladid.is

### TEACH US TO OUTGROW MADNESS

Annað verk eftir Ernu Ómarsdóttur verður á fjölunum í Reykjavík á næstu dögum. Það er verkið Teach Us to Outgrow Madness sem sýnt verður tvisvar í Norðurpólnum á sunnudag, klukkan 15 og 18. Það er það hluti af sviðslistahátíðinni Keðju sem hefst annað kvöld. Verkið fjallar um fimm norrænar konur og leitast við að rannsaka og skoða sambandið sem er á milli kvenna sem búa í nánu sambýli, hvort sem það eru systur, nunnur, nornir, bestu vinir, meðlimir í sértrúarsöfnuði eða konur fjölkvænismanna. Verkið sameinar tónlist, frásögn og dans á hrylliega frelsandi máta segir á heimasíðu hátíðarinnar www.kedja.id.is. Önnur sýning á Transaquania – Into Thin Air er einmitt opnunarsýning þeirrar hátíðar föstudagskvöldið 8. október.

# Enn deilt um listamannalaun

Kolbrún Halldórsdóttir, formaður Bandalags íslenskra listamanna, furðar sig á ummælum sem Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, lét falla um listamenn á Alþingi í vikunni.

Í umræðu um fjárlagafrumvarp gagnrýndi Ásbjörn 35 milljóna króna hækkun listamannalauna sem gert er ráð fyrir á næsta ári. Lét hann eftirfarandi orð falla: „Af hverju geta þessir listamenn ekki farið að vinna og komið sér bara í eðlilega vinnu eins og allt venjulegt fólk?“

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag ríkisins hækki úr 373,8 milljónum upp í 408,8 milljónir, eða um 9,4 prósent.

Kolbrún segir í samtali við Fréttablaðið að listamenn hafi aldrei áður þurft að verjast þessum sjónarmiðum frá Alþingi. Hún ætlar Ásbirni að hafa horn í síðu listamanna, en hann þekki greinilega ekki eðli starfsins.



ÁSBJÖRN ÓTTARSSON



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

„Hann áttar sig ekki á því að ef það væri enginn að skapa list í landinu þá værum við ekki sú menningarþjóð sem við státum af. Við, þjóðin og Alþingi Íslendinga, höfum komið okkur saman um að búa til launasjóði fyrir listamenn til að tryggja að það verði áfram til menning. Sú list sem búin er til í dag verður menningararfur framtíðarinnar.“

Kolbrún bætir því við að menning og listir skili sínu til þjóðarbúsins, því samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu opinberrar rannsóknar er heildarvelta menningar og lista í hagkerfinu 81 milljarður á ársgrundvelli.

„Við erum að byggja undir þessar skapandi greinar því að í þeim er framtíðarsamfélagið fólgið,“ segir hún að lokum. - þj

...UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVISÖGUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

VERÐHRUN!

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓ...

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

# BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**
FIMMTUDAGA TIL **KL. 21**

OPIÐ TL KL. 21 Í KVÖLD

VIÐ RÝMUM TIL FYRIR NÝJU JÓLABÓKUNUM!

BÓK AÐ GJÖF EF ÞÚ KAUPIR FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA!

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!

STÓRVIRKI Á HÁLFVIRÐI!

| Bók | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| Silfurskeiðin | ~~9.980,-~~ | 4.990,- |
| Svavar Guðnason | ~~18.800,-~~ | 9.900,- |
| Örnólfur Thorlacius – Kafbátasaga | ~~5.480,-~~ | 1.480,- |
| Rúna Gísladóttir – Föndur-jól | ~~3.680,-~~ | 1.490,- |
| Myndlist í þrjátíu þúsund ár | ~~14.900,-~~ | 4.990,- |

MIKIÐ ÚRVAL BARNABÓKA

ALLAR BÆKURNAR UM HARRY POTTER Á TILBOÐI!

ÓGRYNNI BARNABÓKA UNDIR 500 kr.!

| Bók | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| Harry Potter og dauðadjásnin | ~~3.980,-~~ | 1.990,- |
| fyrstu 100 sveitaorðin | ~~2.390,-~~ | 1.890,- |
| Children's Reykjavík | ~~2.990,-~~ | 500,- |
| Litmiðafjör Prinsessur | ~~1.699,-~~ | 890,- |
| Heitur snúður með glassúr | ~~1.990,-~~ | 490,- |

Bókafélagið Ugla · Bókaútgáfan Æskan · Crymogea · Tindur bókaútgáfa · Bókaútgáfan Hólar · Bókafélagið · Útkall · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan · Uppheimar · Sögur útgáfa · Ormstunga · heimur · Opna · Veröld · Salka · Skrudda · Unga ástin mín · Bjartur

# Auglýst eftir innblæstri

Tónleikar ★

**Lokatónleikar Sláturtíðar 2010**

Ýmsir




Maður býður ekki fólki heim í drasl.

Þó upplifði ég það einmitt þannig á tónleikum SLÁTURs á laugardagskvöldið. SLÁTUR stendur fyrir Samtök listrænt ágengra tónskálda umhverfis Reykjavík.

Ég var kominn um tíu mínútum fyrir auglýstan tónleikatíma í sal Listaháskóla Íslands. Enn var verið að tengja tæki, prófa hljóðnema, stilla upp. Tónleikaskrár voru ekki komnar.

Ekki tók betra við þegar tónleikarnir hófust. Fólk var stanslaust að koma inn á meðan verið var að spila. Hefði ekki verið hægt að hafa einhverja stjórn á þessu?

Finnski kammerhópurinn Defun ensemble flutti íslensk verk. Dimmt var í salnum og lesljós var yfir píanóinu. Það var staðsett svo klaufalega að það skein beint í augun á manni. Rétt eins og í yfirheyrslu.

Tónleikar eiga að vera sérstakur viðburður. Þar er fólki boðið inn í annan heim. Á tónleikum Jóhanns Jóhannssonar í Hallgrímskirkju kvöldið áður var gengið inn í myrkvaða kirkjuna, og óljós leiðslutónlist, fjarlægar raddir og kliður tóku á móti manni. Stemningin á undan var forsmekkurinn að því sem koma skyldi. Á tónleikunum nú vantaði hugsun og skipulag. Og smekkvísi!

Segjast verður að sumt á dagskránni var álíka spennandi og umgjörð tónleikanna. Ég hef heyrt ýmislegt sniðugt eftir Áka Ásgeirsson, sem reið á vaðið. Því miður hljómaði verk að nafni 305 gráður eins og óþekkur krakki léki lausum hala í hljóðfærabúð. Tónlist Áka er spontant og verður oft til á augnablikinu sem hún er flutt. Hér hefði mátt undirbúa hana betur.

Áheyrilegri var Hlynur eftir Magnús Jensson. Mjög langir, háir tónar mynduðu athyglisvert burðarvirki tónsmíðarinnar. Inn á milli fléttuðust síður spennandi tónahendingar. Þær voru gamaldags, eins og ómur frá áttunda áratug síðustu aldar. Hakkalamaka eftir Guðmund Stein Gunnarsson virtist frumlegri og var a.m.k. þægilega dáleiðandi. Maður varð samt ekki var við mikinn innblástur.

Hlynur Aðils Vilmarsson átti óvanalega tónsmíð, Maxam remiximer. Ég held að hún hafi átt að vera fyndin. Stefin voru skringilega samsett úr djúpum bassa og tónum af efsta sviði. Ekkert meira en það. Og Krí-krí eftir Ríkharð H. Friðriksson var líka á húmorískum nótum. Þar heyrðist kríugarg úr hátölurum, sem fór svo í gegnum fremur lítilfjörlegt umbreytingarferli. Ég verð að segja að hvorugt verkið var fugl né fiskur.

Langbesta tónsmíðin, Hringur 1, var eftir Hilmar Þórðarson. Hringurinn var falleg samsetning langra, seiðandi tóna. Og hringlaga grafíkin/nótnaskriftin á veggnum fyrir ofan hljóðfæraleikarana var heillandi. Þetta var eina verkið sem virtist vera eitthvað meira en bara skipulögð hljóð, eða óskipulögð óhljóð. Hér heyrði maður innblásinn skáldskap. Það hefði mátt vera meira um hann á tónleikunum.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Umgjörð tónleikanna var ábótavant. Og flest verkin voru svona og svona. Hvar var skáldskapurinn?

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 7. október**

**➜ Opið Hús**

**17.00** Útgáfuteiti verður í Bókabúð Máls og menningar að Laugavegi 18 í kvöld frá 17-19 í tilefni af útgáfu bókarinnar Ferð til fjár.

**➜ Tónleikar**

**20.00** Helgi Björns syngur Hauk Morthens í Salnum, Kópavogi, undir yfirskriftinni "Til eru fræ" í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00.

**20.00** Hljómsveitirnar Trust the Lies, We Made God og Vulgate spila á Fimmtudagsforleik Hins hússins í kvöld kl. 20.00 Frítt inn.

**21.00** Hljómsveitin Jón Jónsson verður með tónleika í kvöld á Græna hattinum á Akureyri. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00.

**22.00** Gylfi Ægis verður með tónleika á Faktorý, að Smiðjustíg 6, í kvöld. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan 22.00.

**➜ Leikrit**

**20.00** Leikfélagið Snúður og Snælda sýna leikritið „Nakinn maður og annar í kjólfötum" eftir Dario Fo. Leikritið verður sýnt að Austurmörk 23, Hveragerði fimmtudaginn 7 október kl. 20.

**➜ Dans**

**20.00** Transaquania - Into thin Air í uppsetningu Íslenska Dansflokksins verður frumsýnt í kvöld kl. 20.00. Uppsetningin fer fram í Borgarleikhúsinu á Stóra Sviðinu.

**➜ Tónlist**

**22.00** Breakbeat.is kvöld verður á Prikinu í kvöld. Dagskrá hefst kl. 22.00.








keðja

Alþjóðleg sviðslistahátíð í Reykjavík 8 – 10.október

Sýningar föstudagskvöld í Borgarleikhúsinu

Miðasala á www.borgarleikhus.is og 568 8000



**Transaquania – Into Thin Air**

Sagan af kynjaverum Bláa lónsins heldur áfram

kl 19.30

*Sýnd áfram í október og nóvember*




**Humanimal**

Kraftmikil, fyndin og falleg verðlaunasýning

**kl 21.45 á Stóra sviði Borgarleikhússins**

*Aðeins þessi eina sýning – sýnd á ensku*



**Þú ert hér**

Svar leikhússins við þrengingum íslensku þjóðarinnar

kl. 23.15

*Aðeins þessi eina sýning - sýnd á ensku*

*-Miðnæturleikhúsferð!*

Upplýsingar um allar sýningar á www.kedja.id.is

Heildardagskrá á www.tjarnarbio.is

Education and Culture DG

norden

Nordic Culture Fund

Reykjavíkurborg

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Utanríkisráðuneytið

**Menningarkvöld Mono og Norðfirðingafélagsins.**

Hljómsveitin MONO heldur upp á 2. ára starfsafmælið sitt með hörku balli á flottasta skemmtistað landsins, SPOT, Kópavogi föstudaginn 8.október.

„Þetta er búinn að vera viðburðarríkur tími og við höfum bralláð ótrúlegustu hluti en við erum rétt að byrja..."

FRÍTT INN TIL KL.01:00 !
1.000 KR EFTIR ÞAÐ

Komd'í ammli !




keðja

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

IMAGE FUDGE

Þú kemst fljótt að!

...en þú getur líka pantað tíma

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010

512 50 50 Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...

vísir.is

„...ég sá það á vísi"



FJÖRÐUR

*- miðbæ Hafnarfjarðar*

# VSK-LAUSIR DAGAR Í FIRÐI

## DAGANA 7. - 9. OKTÓBER

Jón Arilíus KÖKULIST

Herra hafnarfjörður
FIRÐI OG KRINGLUNNI

EUROSKO SKÓHÖLLIN
*- skór á alla fjölskylduna*

íþróttavöruverslunin Fjölsport

Símabúðin Firði

Lyf & heilsa

Gjafabúðin GLUGGINN

Dalakofinn
*- tískuverslun fyrir konur*

ANAS
*- hágæða tískuverslun*

augastaður Firði

café aroma
*- veitingastaður með einstakt útsýni*

Skemman
*Handverk og hönnun*

VÖRU MARKAÐUR FJARÐAR

HÁRSNYRTISTOFA CARTER
*- hárgreiðslustofa fyrir alla*

Coca-Cola & Coca-Cola light
**2 l. á 199 kr.**

Coca-Cola & Coca-Cola zero
**0,5 l. á 129 kr.**



**69 kr.**



**129 kr.**
Allar tegundir



**219 kr.**



**219 kr.**

**Kynning á nýju heimilislínunni frá Mjólkursamsölunni**

**Kynning á nýja ávaxta Brazzanum frá Vífilfelli**

10-11
...alltaf opið!
www.10-11.is


SING FOR ME SANDRA


BELLE AND SEBASTIAN

## > Í SPILARANUM

**Sing for me Sandra** - Apollo's Parade
Weezer - Hurley
Friðrik Ómar - Elvis
Antony and the Johnsons - Swanlights
**Belle and Sebastian** - Write About Love

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Forskot á sæluna

Rafræn forsala á plötunni Goð+ með neðanjarðarrokksveitinni S.H. Draumi hefst í dag. Salan fer fram á glænýjum vef verslunarinnar Havarí, Havari.is. Þar verður einnig að finna alls kyns aukaefni og efni sem komst ekki fyrir á plötunni. Goð+ er tveggja diska endurútgáfupakki S.H. Draums og inniheldur næstum því allt hljóðritað efni hljómsveitarinnar ásamt bæklingi með textum og söguágripi. Þeir sem kaupa plötuna rafrænt í forsölu fá einnig eintakið sjálft sent til sín innan nokkura daga. Platan verður svo fáanleg í verslunum 13. október. Kimi Records stendur að útgáfu Goð+ með Gunnari Lárusi Hjálmarssyni.

S.H. Draumur kemur saman eftir sautján ára hlé til að spila á Airwaves-hátíðinni á Nasa 14. október. Einnig stefnir hljómsveitin á sérstaka Goð-tónleika í lok nóvember á Akureyri og í Reykjavík. Þar verður Goð-platan leikin í heild sinni í fyrsta og eina skipti. -fb


**S.H. DRAUMUR** Rafræn forsala á plötunni Goð+ hefst í dag.



## > Plata vikunnar

**ÓLÖF ARNALDS - INNUNDIR SKINNI**

★★★★

„Ólöf Arnalds heldur áfram að fullkomna stílinn sinn á fínni plötu." TJ



**TÓNNINN GEFINN**
**Trausti Júlíusson**

# *Góð pína*

Þá er endanleg dagskrá Iceland Airwaves komin á hreint og íslenskir tónlistaráhugamenn lagstir yfir herlegheitin til að velja og hafna og reyna að búa til áætlun. Sem er auðvitað næsta vonlaust. Í ár fer hátíðin fram á tíu stöðum samtímis sem er meira en áður og um það bil 250 listamenn koma fram á þeim fimm dögum sem hátíðin stendur yfir.

Og eins og alltaf eru stundum nokkur algjörlega ómissandi nöfn að spila á sama tíma. Við getum tekið sem dæmi laugardagskvöldið á miðnætti. Þá er hin sænska Robyn í Hafnarhúsinu. Ekki má maður missa af henni. Á sama tíma eru hinsvegar Hercules & Love Affair á Nasa, The Antlers á Sódómu, Neon Indian á Venue og Ghostigital í Tjarnarbíói. Hvað sem þú gerir þá sleppirðu ekki Ghostigital! Fleiri svipuð dæmi mætti nefna.


**SJÓÐHEIT** Dominique Young Unique kemur fram á Airwaves á fimmtudagskvöldinu.

Þetta er samt auðvitað bara hluti af stemningunni. Hin ljúfa pína. Og svo er þetta líka þannig að því fleiri tónlistarmenn sem maður kynnir sér á dagskránni, þeim mun fleiri langar mann að sjá. Einn af þeim listamönnum sem frekar lítið hefur farið fyrir í kynningu á hátíðinni er Dominique Young Unique, 19 ára rappari frá Tampa í Florida. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir lög eins og Show My Ass, The World Is Mine, Hot Girl og War Talk. Tónlistin er ofursvalt elektróskotið og dansvænt hip-hop með Miami-bass áhrifum. Og Dominique er flott. Með taktana á tæru. Hún er líka sjóðheit þessa dagana. Sló í gegn á SXSW og er búin að vera á tónleikaferðalagi með Dirty Projectors síðustu vikur. Dominique kemur fram á Venue kl. 22.30 á fimmtudagskvöldið ...




# Suðurríkja-Strokes verður að sveitalubba-Bon Jovi

**Fimmta plata Kings of Leon er væntanleg í október. Hljómsveitin varð gríðarlega vinsæl í kjölfar síðustu plötu, en ætlaði að leita aftur til rótanna á nýju plötunni. Það virðist ekki ætla að ganga eftir, ef marka má þá sem hafa heyrt nýju plötuna.**

Uppgangur Kings of Leon hefur verið hraður síðustu misseri. Hljómsveitin náði nýju stigi ofurvinsælda árið 2008 þegar lagið Sex on Fire kom út á plötunni Only by the Night. Allt í einu var Kings of Leon komin inn í rútínu ásamt því að fá sér í vörina og hlusta á morgunþátt FM 957. Platan í heild var talsvert poppaðari en það sem hljómsveitin hafði sent frá sér áður, þó platan Because of the Times frá 2007 hafi verið fyrsta skrefið í átt vinsældarpoppsins. Nýjasta plata Kings of Leon, Come Around Sun Down, er væntanleg um miðjan október og miðað við fyrsta útvarpsslagarann Radioactive er von á meira af því sama frá Suðurríkjadrengjunum snoppufríðu.

Þegar Kings of Leon fór í hljóðver til að taka upp nýju plötuna lögðu meðlimir hljómsveitarinnar upp með að lögin yrðu dimm og í anda gamla gruggsins. Annað kom á daginn og í maí á þessu ári sagði trommarinn Nathan Followill að lögin væru í rólegri kantinum, „strandarleg" og í ætt við fyrstu plötuna Youth and Young Manhood. Það virðist vera í tísku hjá hljómsveitum að vísa í fyrstu plötuna þegar þær eru byrjaðar að höfða til stærri hóps í von um að ergja ekki þá sem hafa hlustað frá upphafi. Það verður að segjast að nær undantekningalaust er allt tal um „gamla hljóminn" ekki á rökum reist og Kings of Leon er örugglega engin undantekning.

Það þarf samt ekki að vera slæmt. Radioactive lofar góðu fyrir þá sem kunna að meta tvær síðustu plötu Kings of Leon og miðað við dóm tónlistartímaritsins Q halda þeir blygðunarlaust í átt til frekari vinsælda á plötunni. Þar er raunar talað um að í staðinn fyrir að vera Suðurríkjaútgáfa The Strokes, eins og fyrstu tvær plöturnar gáfu til kynna er hljómsveitin orðin sveitalubba-Bon Jovi. Við skulum leyfa aðdáendum að dæma um það, en lýsingin er stórskemmtileg. atlifannar@frettabladid.is




# Tilhlökkun og ótti í Brooklyn

„Þetta er bæði tilhlökkun og svolítill ótti," segir Ingvar Geirsson, eigandi plötubúðarinnar Lucky Records. Hann opnar tónlistarhátíðina Brooklyn Soul Festival í New York á morgun sem plötusnúðurinn DJ Lucky. „Þetta er svolítil pressa en þetta verður bara gaman."

Ingvar ætlar á hátíðinni að spila sálar- og fönkplötur úr 7 tommu safni sínu. Hátíðin stendur yfir í tvo daga og þar koma fram fjórir plötusnúðar og sex kunnir listamenn úr heimi bandarískrar sálar- og fönktónlistar.

Ingvar var fenginn til að spila á hátíðinni eftir að hann hitti Richard Lewis, einn af skipuleggjendum hennar, á fönkhátíð Samúels J. Samúelssonar í Reykjavík í sumar. „Ég ætlaði fyrst að fara út og kíkja á hátíðina en svo þegar hann frétti af því bað hann mig um að spila," segir Ingvar. Samúel verður einmitt með honum í New York en ætlar þó ekki að stíga á svið. Hann ætlar að nýta ferðina til að næla sér í sambönd fyrir næstu fönkhátíð. Ingvar ætlar einnig að reyna að koma sér í samband við erlenda útgefendur vegna Lucky Records. Saman hyggja þeir síðan á mánaðarleg fönk- og sálarkvöld í Reykavík þar sem þessar tónlistarstefnur fá að njóta sín. - fb


**INGVAR GEIRSSON** Ingvar spilar á tónlistarhátíðinni Brooklyn Soul Festival í New York á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Útivistardagar
20%
afsláttur
af öllum
útivistarvörum
Útivistarfatnaður
frá North Face, Cintamani, Zo on,
Helly Hansen o.fl.
Gönguskór
frá Meindl, Scarpa, Trezeta o.fl.
Bakpokar og svefnpokar
frá Deuter, North Face, High Peak o.fl.
... og fleira og fleira.
Gríptu tækifærið
og græjaðu þig upp.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

# bíó

bio@f

## > AGUILERA Á HVÍTA TJALDIÐ



Bandaríska söngkonan Christina Aguilera leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Burlesque sem verður frumsýnd á næstunni í Ameríku. Á meðal mótleikara hennar eru Cher og Stanley Tucci. Myndin verður frumsýnd hinn 4. febrúar hér á Íslandi.

# Timburmenn tvö tekur á sig mynd

The Hangover 2 fer í tökur seinna í þessum mánuði. Þetta kemur fram í viðtali Empire við leikstjórann Todd Phillips. Phillips er reyndar mjög upptekinn maður ef marka má Empire því hann mun á næstunni frumsýna vegagamanmyndina Due Date með Robert Downey Jr. í aðalhlutverkinu. En aftur að framhaldinu af The Hangover, sem varð óvænt einhver vinsælasta mynd ársins 2009. Samkvæmt Phillips er ráðgert að myndin gerist í Bangkok og Los Angeles og leikstjórinn lofar mjög óvæntum uppákomum.

Hann staðfestir jafnframt að þeir Zach Galifianakis, Bradley Cooper og Ed Helms snúi aftur í hlutverk hinnar heilögu þrenningar sem lenti í hinum ótrúlegustu hremmingum. Þá mun herra Chow í meðförum Ken Jeong einnig mæta á svæðið á nýjan leik. Phillips virðist hafa einstakt lag á að þefa uppi gott grín því hann leikstýrði einnig Old School, einni fyndnustu mynd Frat Pack gengisins ógurlega með Vince Vaughn, Will Ferrell og Wilson-bræðurna í broddi fylkingar og hefur nú uppgötvað heila kynslóð af fyndnum mönnum á borð við Galifianakis.

Phillips var hins vegar spurður að því hjá blaðamanni Empire hvort hann hræðist ekki framhaldsmyndina: „Ég sá Meet the Fockers, ég veit alveg hvað við erum að fara út í en við setjum markið hátt.“

- fgg



**SETUR MARKIÐ HÁTT** Phillips ætlar ekki að gera sömu mistök og gerð voru í Meet the Fockers þegar The Hangover 2 verður gerð.

# Leikstjóri fundinn

Leikstjóri 300 og Watchmen, Zack Snyder, hefur verið ráðinn leikstjóri næstu Superman-myndarinnar. Það er Chris Nolan, heilinn á bak við endurreisn Leðurblökumannsins, sem mun framleiða myndina, en það hefur lengi staðið til að reisa við Ofurmennið, dáðustu ofurhetju allra tíma. Bryan Singer gerði heiðarlega tilraun og kvikmynd hans með Brandon Routh og Kevin Spacey var alls ekki vond, hún var bara ekki nógu góð með heldur barnalegum endi.

Snyder hefur unnið þrekvirki með ákaflega stíliseraðar kvikmyndir og ljóst að handbragð hans verður vel þegið á kórdrenginn Clark Kent. Það var vefsíðan Deadline.com sem greindi frá ráðningu Snyders en það er David Goyer sem mun skrifa handritið að myndinni. Goyer þessi á einmitt einnig heiðurinn af handritum Batman Begins og Dark Knight.



**LEIKSTÝRIR OFURMENNINU** Zack Snyder hefur verið ráðinn leikstjóri næstu kvikmyndar um Ofurmennið.

Á imdb.com er greint frá söguþræði myndarinnar en hann ku víst vera á þá leið að Clark hafi þvælst um allan heim í leit að sjálfum sér en þegar hann snýr aftur til Metropolis áttar hann sig á því að þar er hans heimili. Ekki er þó ljóst hvort þessi söguþráður sé réttur.

# Gullkálfurinn í Hollywood

**George Clooney er án nokkurs vafa eini sanni gullkálfurinn í Hollywood. Áhrifameiri leikari og leikstjóri er vandfundinn um þessar mundir í draumaborginni en sjálfur nýtur hann lífsins við Como-vatn á Ítalíu.**



**HINN EINI SANNI GULLKÁLFUR** George Clooney er hinn eini sanni gullkálfur í Hollywood. Leið hans upp á topp var hins vegar þyrnum stráð og leikarinn þurfti lengi vel að sætta sig við aukahlutverk í vondum sjónvarpsþáttum og enn verri

Nýjasta kvikmynd Clooney, The American, verður frumsýnd hér á landi um helgina. Myndin segir frá leigumorðingjanum Jack sem heldur til á Ítalíu og undirbýr sig fyrir síðasta drápið. En Jack gerir grundvallarmistök, hann vingast við prest og fer á fjörurnar við þokkadís, nokkuð sem gæti afhjúpað hver hann í raun og veru er. Leikstjóri The American er Anton Corbijn en í öðrum hlutverkum eru að mestu leyti ítalskir leikarar.

Saga Clooney er, þegar á heildina er litið, algjört öskubuskuævintýri. Sagan segir að Clooney hafi búið í skáp á meðan hann var að koma sér á framfæri í Hollywood en það verður að teljast fremur hæpið. Hins vegar er það satt og rétt að Clooney skrapaði botninn í kvikmynda- og sjónvarpsbransanum. Hann fékk hlutverk í kvikmyndum á borð við The Return of the Killer Tomatoes, Predator: The Concert og Red Surf en þar lék hann einmitt á móti eldri systur Michelle Pfeiffer, Dedee Pfeiffer. En hún er hvað þekktust í dag fyrir að vera ansi mikið húðflúruð.

Clooney gafst hins vegar ekkert upp, lék meðal annars í ellefu þáttum af Roseanna þar sem hin þéttvöxnu Roseanne Conner og John Goodman voru ansi fyrirferðarmikil. Og þetta reyndist vera hlutskipti leikarans, aukahlutverk í sjónvarpsþáttum og aðalhlutverk í vondum myndum.

Hvað það var sem framleiðendur ER sáu í síðustu verkum Clooney veit enginn. Engu að síður var ákveðið að ráða hann í hlutverk Doug Ross, barnalæknisins á bráðavakt sjúkrahúss í Chicago. Hlutverkið gerði Clooney að umtalaðasta og eftirsóttasta piparsveini heims, alvöru stórstjörnu, enda gerði persónan lítið annað en að daðra við hjúkrunarfræðinga og kvenkyns lækna ásamt því að bjarga lífi barna með hetjulegri frammistöðu sem stundum var á skjön við hefðbundnar reglur lækna.

Frammistaða Clooney í læknasloppnum vakti um leið áhuga Hollywood á þessum grásprengda leikara. Og honum var meira að segja boðið að leika Leðurblökumanninn. Clooney hefur sagt að það hafi verið versta ákvörðunin sem hann hafi tekið á sínum ferli. „Á einni nóttu hafði mér tekist að eyðileggja eina ástsælustu ofurhetju allra tíma,“ á Clooney að hafa sagt. Myndin var slátrað og fékk eingöngu 3,5 á imdb. com. The Peacemaker gerði ekki mikið fyrir feril Clooney en árið 1998 hófst gullaldartímabil Clooney fyrir alvöru. Þá ákvað Steven Soderbergh að fá hann í Out of Sight á móti Jennifer Lopez. Persóna Clooney í myndinni er nokkuð lýsandi fyrir þær týpur sem hann hefur leikið síðan þá, töff náungi sem er yfirleitt fastur í einhvers konar gildru og þarf að leysa úr henni til að fanga hjarta fegurðardísar.

Clooney hefur náð undraverðum árangri á þeim tólf árum sem liðin eru frá því að Hollywood-ferillinn hófst fyrir alvöru. Hann er í dag einhver áhrifamesta persónan í Hollywood, orð hans eru lög í flestum tilvikum og hann velur verkefnin af kostgæfni. Hann mun allavega ekki leika ofurhetju í þröngum búningi sem berst við Dr. Frosta og eitraða Ivy í bráð.

freyrgigja@frettabladid.is


keðja

Alþjóðleg sviðslistahátíð í Reykjavík 8 – 10.október

## Hver er framtíð sviðslista?



Fyrirlestur **Dr. Dragan Klaic,** eins þekktasta leikhúsfræðimanns Evrópu.

**Föstudagur 8. október kl 12.00**
í nýuppgerðu Tjarnarbíói.

Hvert er hlutverk leikhússins í lýðræðissamfélagi? Hvernig aðlagar leikhúsið sig að kröfum nýrra tíma? Hvað réttlætir að fé almennings renni til leikhússins?

Þessum og mörgum öðrum spurningum mun Dragan velta upp og svara í kraftmiklum fyrirlestri sínum.

„Kaldhæðinn og fyndinn en um leið ögrandi og hrífandi"
**-Katrín Hall,** forstöðumaður Íslenska dansflokksins

„Samtal við Dragan er eins og rússíbanaferð út í óvissuna: allt er undir og engu er hlíft…. Skarpur, analýtískur, fróður og hugmyndaríkur. Það er ekki hægt að missa af fyrirlestri hjá Dragan."
**-Hjálmar H. Ragnarsson,** tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands

**Allir fyrirlestrar Keðju eru opnir almenningi og ókeypis.**

**Dagskráin öll á www.tjarnarbio.is**

Education and Culture DG
norden
Nordic Culture Fund
Reykjavíkurborg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Utanríkisráðuneytið


# The Town og fleira til

Kvikmyndin The Town hefur fengið einróma lof gagnrýnenda en leikstjóri hennar og aðalleikari er Ben Affleck. Svo langt hafa gagnrýnendur gengið að orða Affleck við Óskarinn í tveimur flokkum; sem besti leikarinn og besti leikstjórinn.

Kvikmyndin verður frumsýnd í íslenskum kvikmyndahúsum um helgina en í stuttu máli segir hún frá hópi bíræfinna bankaræningja undir stjórn Doug MacRay sem hreinsar út úr bankastofnunum með reglulegu millibili. Hópurinn á allur rætur sínar að rekja til Charlestown-hverfisins í Boston, rétt eins og flestir skúrkarnir úr þeirri borg. Brestir koma í samstarfið þegar þeir neyðast til að taka bankastarfsmanninn Claire sem gísl þegar bankarán fer úr skorðum. MacRay ákveður að fullvissa sig um að Claire þekki sig ekki aftur en sú ákvörðun mun draga dilk á eftir sér.

Auk Affleck fara sjónvarpsstjörnurnar Blake Lively og Jon Hamm með stór hlutverk í myndinni en Blake er orðin ofurstjarna eftir Gossip Girl ævintýrið. Jon Hamm ættu svo flestir að þekkja úr Mad Men. Af öðrum myndum sem verða frumsýndar um helgina má nefna Greenberg en þar má sjá Ben Stiller í alvarlegu hlutverki manns sem ákveður að gera ekki neitt og svo Furry Vengeance með Brendan Fraser.

- fgg



**Á HVÍTA TJALDIÐ** Jon Hamm og Blake Lively hafa getið sér gott orð fyrir leik í sjónvarpi. Nú eru þau komin á hvíta tjaldið í The Town.




# LANCÔME GJAFADAGAR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND, GARÐABÆ, SPÖNG, BORGARNESI OG AKUREYRI

## 7. – 13. OKTÓBER

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur, þar af eitt 50 ml krem:

- Hydra Zen rakakremið vinsæla 15 ml
- Hydra Zen litað dagkrem 5 ml
- Juicytubes gloss
- Hypnôse Precious cells nýi maskari
- Hreinsimjólk 50 ml
- Andlitsvatn 50 ml

Einnig aðrar gerðir kaupauka með öðrum kremum.

**Vertu velkomin.**




*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**> MÆTT Á DJAMMIÐ**

Hin 22 ára **Rumer Willis**, dóttir Bruce Willis og Demi Moore, er hætt með kærasta sínum til tveggja ára, Micah Alberti. Rumer flaug umsvifalaust til Las Vegas þar sem hún skemmtir sér með vinum sínum. Ekki var að sjá á dómunni að hún saknaði kærastans mikið, að sögn sjónarvotta í Vegas.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Konur reyna við mig

Mad Men-stjarnan lögulega Christina Hendricks á ekki í neinum vandræðum með að fá athygli frá karlmönnum. Í nýju viðtali í tímaritinu Harper's Bazaar segist hún einnig fá mikla athygli frá konum og hommum.

„Konur reyna við mig," segir hún. „Manninum mínum finnst óþægilegt hversu margar konur reyna við mig." Þá segist hún oft lenda í því að hommar komi að henni og segi: „Ég er ekki fyrir konur, en ef ég væri það ..." Hún bætir við að þetta finnist henni uppörvandi.

Rauðhærða þokkadísin talar einnig um að líkami hennar hafi orðið til þess að íturvöxnum konum líði betur með líkama sína. Hún segist hafa lent í því að kona kom upp að henni á veitingastað og þakkaði henni fyrir það hversu sátt hún væri við líkamsvöxtinn. „Ég fékk tár í augun," sagði Hendricks.



**LÖGULEG** Christina Hendricks er með línur í lagi.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Feis!

**Fyrrverandi leikarinn Frankie Muniz, sem lék eftirminnilega aðalhlutverkið í þáttunum Malcom in the Middle, fékk skot á sig á Twitter á dögunum. Þar sagði notandi að hann væri hræðilegur leikari, en Muniz var fljótur að svara fyrir sig:**

**„Já, en að vera búinn að setjast í helgan stein með 40 milljónir dollara 19 ára gamall hefur ekki verið hræðilegt. Gangi þér vel að flytja út úr foreldrahúsunum áður en þú verður 35 ára."**

**Það skal tekið fram að 40 milljónir dollara eru um fjórir og hálfur milljarður íslenskra króna.**



**RÍKUR FRANK** Frankie Muniz þarf hvorki að hafa áhyggjur af peningum né skotum á Twitter.

# DANIR SPÁ DEGI KÁRA SIGRI

**Dagur Kári fær frábæra umsögn í Politiken. Því er spáð að hann hljóti kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.**

Danska blaðið Politiken spáir því að kvikmynd Dags Kára Péturssonar, The Good Heart, muni hreppa kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs sem afhent verða þann 20. október. Til mikils er að vinna því aðalverðlaunin eru 350 þúsund krónur danskar eða rúmar sjö milljónir íslenskra. Fimm myndir frá öllum Norðurlöndunum koma til greina en Danir hafa verið sigursælastir frá árinu 2005 þegar þessi afhending varð árleg, hafa hlotið verðlaunin í þrígang. Fyrstur til að hljóta þau var hins hins vegar Aki Karuismáki fyrir mynd sína Maður án fortíðar.

Það er Kim Skotte, kvikmyndaritstjóri Politiken, sem spáir því að Dagur Kári muni fara heim með seðlana og viðurkenninguna. Hann gefur myndinni jafnframt fimm hjörtu af sex og segir að ef Jim Jarmusch hefði fengið að leikstýra einum þætti af Staupasteini hefði stemningin eflaust verið svipuð og sú sem svífur yfir vötnum í The Good Heart en hún verður frumsýnd í desember í Danmörku. Þá hrósar Skotte jafnframt Degi fyrir það afrek að hafa gert þrjár myndir á þremur mismunandi tungumálum: Nói Albínói var á íslensku, Voksne mennesker á dönsku og The Good Heart er öll leikin á ensku.

Skotte segir að Dagur eigi þó ekkert sigurinn vísan. Submarino eftir Thomas Vinterberg sé sterk og þá megi ekki gleyma finnsku heimildarmyndinni Miesten Vuoro eða Steam of Life eftir hinn 33 ára gamla Mika Hotakainen. „Ég er reiðubúinn að veðja sparifénu á að fámennasta landið á Norðurlöndunum fari með sigur af hólmi en set bæði Danmörku og Finnland til vara," skrifar Skotte, sem hefur þá augljóslega ekki mikla trú á Noregi og Svíþjóð.

freyrgigja@frettabladid.is



**SPÁÐ VELGENGNI** Kim Skotte, kvikmyndaritstjóri Politiken, spáir því að The Good Heart eftir Dag Kára eigi eftir að fara með sigur af hólmi þegar kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs verða kunngjörð.




Tækin mín stór og smá
Dj græja
Truflað verð
Ion
Fullkomin USB DJ græja
Crossfader
Bass og treble
Hugbúnaður fylgir
12.999
24.999
Plötuspilari
Ion
Plötuspilari
Glæsilegur plötuspilari
USB teng til að færa gömlu
góðu plöturnar yfir á MP3
Hægt að tengja í græjur
Hugbúnaður til upptöku fylgir
24.999
Samsung myndavélar
Myndavél -ST61 12.1 mp
þessi litla flotta netta !
19.999
23.999
Myndavél -PL100 12,2 mp
2,7" skjár að aftan og
1,5" skjár að framan
24.999
27.999
Ljósmyndaskanni
Margar gerðir
24.999
27.999
Ion
ljósmyndaskanni
Skannar ljósmyndir og slides. Einfaldur hugbúnaður fylgir
Skannar í hárri upplausn, 5.1 MP (3600 DPI)
Tengist með USB við tölvuna, 1-2 sek að skanna
Trommusett
Ion
Trommusett
Hágæða rafmagnstrommusett
Yfir 100 mismunandi stillingar
Hægt að tengja í græjur eða heyrnartól
Hægt að tengja Ipod inn
Hægt að taka upp og hlusta á
59.999
Samsung myndavél
Rosavél á rosaverði!
SAMSUNG NX10
EV-NX10ZZBAB
Myndflaga: 14,6 MP
Skjár: 3,0" Amoled
Linsa: 18-55 OIS
Hristivörn í linsu
og videoupptaka
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
99.999
109.999
Vaxtalaus tilboð á sjónvörpum, heimilistækjum og fartölvum
Samsung
SAMSUNG 32" LCD
LE32C575
Upplausn:
1920x1080 Full HD
Dýnamisk skerpa:
Full contrast
Viðbragðstími: 4ms
139.999
149.999
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Samsung
SAMSUNG 40" LED
UE40C6005
Upplausn:
1920x1080 Full HD
Endurnýjunartíðni:
100hz
Dýnamísk skerpa:
1:4.000.000
269.999
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Samsung tölva
SAMSUNG R530
NP-R530-JT01SE
Skjár: 15,6" LED glossy
Órgjörvi:Intel dua-core I3-330M
Skjákort: Nvidia Geforce 512MB
Vinnslum: 4GB
Harður d: 500GB
119.999
149.999
LG
119.999
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
LG 32" HD 1080p LCD - LG 32LD420
Upplausn: 1920 x 1080 - Contrast: 60.000: 1
Tengi: 2 HDMI
LG
149.999
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
LG 37" full HD LCD LG37LD420
Upplausn: 1920 x 1080 Contrast: High
Svartími: 4 ms
LG
LG 42 full HD LED
LG42LE5500
Upplausn: 1920 x 1080
Skerpa:
5.000.000:1
Svartími:
2,4 ms
249.999
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Vaxtalaust er málið
LG
Hlægilegt verð
LG BLURAY spilari - LG BD560
ódýr - einfaldur og góður !
29.999
Þvottavél
ZANUSSI ÞVOTTAVÉL
1000SN - 6KG
HZ914 904 429
1000 snúningar á mínútu
Tekur 6 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: C
Orkuflokkur: A+
79.999
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Þurrkari
ZANUSSI ÞURRKARI
6KG - MEÐ BARKA
HZ916 093 090
Barkaþurrkari með tímar
Lægra hitastig fyrir
viðkvæmt tau.
Valhnappur fyrir bómull
eða gerviefni.
79.999
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Uppþvottavél
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
89.999
99.999
ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
HVÍT
HZ911 549 035
12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi
ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
GRÁ
HZ911 549 032
12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi
Kæliskápur
ZANUSSI KÆLISKÁPUR
140SM 19/44L
HZ920 403 264
Hæð: 140 sm
Breidd: 55 sm
Dýpt: 61 sm
Orkunotkun: A
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
79.999
BT
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

# Spilar sín bestu lög

Gylfi Ægisson verður með tónleika á Faktorý í kvöld. Þar ætlar hann að spila flest af sínum vinsælustu lögum, þar á meðal Minningu um mann og Stolt siglir fleyið mitt. „Ég hef spilað þarna áður í afmæli en það má segja að þetta séu fyrstu stóru tónleikarnir í langan tíma þar sem ég er alveg einn,“ segir Gylfi. „Ég hef verið að spila þetta prógramm í afmælum og skemmta hjá íþróttafélögum og það hefur gengið mjög vel.“



**GYLFI ÆGISSON** Siglfirðingurinn knái heldur tónleika á Faktorý í kvöld.

Gylfi Ægisson fæddist og ólst upp á Siglufirði í umróti síldaráranna. Árið 1974 kom út platan Gylfi Ægisson sem rokkseldist og fleiri sólóplötur fylgdu í kjölfarið. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 22 en efri hæðin verður opnuð kl. 21. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

# Kominn með nóg af New York

Hlustunarveisla verður haldin á Austur í kvöld þar sem lög af nýjustu plötum Hairdoctor, Retro Stefson og Bix verða spiluð. Þær tvær fyrrnefndu koma út á vegum Braks, undirmerkis Kimi Records, en plata Bix kemur út hjá Muhaha Records um miðjan nóvember.

Bix er nýfluttur heim frá New York en hann bjó þar og í Los Angeles í fjölmörg ár. „Ég var farinn að sakna Íslands. Ég var búinn að vera úti í þrettán ár og var kominn með nóg af New York í bili,“ segir Bix, sem heitir réttu nafni Birgir Sigurðsson. Þar í borg starfaði hann við að semja tónlist við myndir og auglýsingar. „Mig langaði að gera



**BIX** Fyrsta plata Bix í fullri lengd, Animalog, verður spiluð í kvöld ásamt nýjum plötum frá Hairdoctor og Retro Stefson.

meiri tónlist fyrir sjálfan mig. Það er svo mikil gróska á Íslandi í dag og svo mikil jákvæð sköpun í gangi. Það er mikil orka hérna.“

Bix hefur á ferli sínum endurhljóðblandað lög við góðan orðstír, meðal annars með lög með Beck, Madonnu, Sigur Rós, múm og Gus Gus. Hann gaf fyrir um tíu árum út sex laga EP-plötu en nýja platan hans, Animalog, er í fullri lengd. Hún er elektrónísk þar sem lifandi hljóðfæri fá líka sinn sess. Helmingurinn er sunginn, þar sem Daníel Ágúst og Phil Mossman, einn af stofnendum hljómsveitarinnar LCD Soundsystem, koma við sögu.

Plötusnúðarnir Sexy Lazer og DJ Margeir ætla að gefa út tvö DJ mix í kvöld og fólk getur mætt með mp3-spilara í hlustunarpartíið til að hala þau niður ókeypis. Veislan hefst stundvíslega klukkan 21.30. **- fb**








**VINSÆLL** Justin Bieber er gríðarlega vinsæll á Youtube.

# Youtube-stríð

**Stórstjörnurnar ungu Lady Gaga og Justin Bieber stefna bæði að sama takmarki þessa dagana: Að komast upp í milljarðs áhorf á myndbandasíðunni Youtube.**

**Búist er við að Gaga verði á undan snáðanum Bieber og nái takmarkinu 20. október. Hún var með um 1,8 milljón áhorf á dag í september. Bieber nálgast hins vegar Gaga á ógnarhraða, en hann er með um 3,7 milljón áhorf á dag. Búist er við að hann verði undir í keppninni og nái milljarðinum í byrjun nóvember.**



**KJÖTUÐ** Búist er við að áhorfstölur Lady Gaga á Youtube nái milljarði í október.

# Boðið stórfé fyrir að hætta

**Meðlimum hljómsveitarinnar Weezer hafa verið boðnar tíu milljónir dala, ríflega 1,1 milljarður króna, fyrir að hætta störfum. Það var Seattle-búinn James Burns sem efndi til undirskriftalista á netinu þar sem skorað er á hljómsveitina að hætta. Vill Burns meina að Weezer hafi verið á niðurleið síðan platan Pinkerton kom út árið 1996. Burns hefur safnað 182 dölum en segir að ef allir sem festu kaup á Pinkerton leggi til 12 dali náist markmiðið.**



**STAÐNAÐIR** Rivers Cuomo og félögum í Weezer hefur verið boðið stórfé fyrir að hætta störfum.

**„Ef þeir geta haft þetta tuttugu milljónir, þá hættum við með stæl,“ sagði Scott Shriner, bassaleikari Weezer, í laufléttri Twitter-færslu um málið.**



Fimm rétta

DIWALI
hátíðarmatseðill
**4.990 kr.**

*FORRÉTTUR*

Malabari Machli
*Pönnusteiktur lax í kókos með karrýlaufum og garam masala*

*AÐALRÉTTIR*

Peshwari Gosht
*Grillað lambafillet marinerað í kasjúhnetum, engiferi, chillí og hvítlauk*

*og*

Murgh Korma
*Kjúklingalundir á hægum eldi í blöndu af kókosmjólk, birkifræjum, kanil og kardemommum*

*og*

Channa Masala
*Kjúklingabaunir eldaðar með tómötum, kúmeni, chilí og kóríander*

*MEÐLÆTI*

Raitha
*Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu*

*og*

Basmati hrísgrjón

*og*

Naan brauð
*Garlic Naan með hvítlauk*
*Masala Kulcha með kúmeni, lauk og kóríander*

*EFTIRRÉTTUR*

Kahjoor Halwa
*Indverskur eftirréttur með döðlum, súkkulaði, hesilhnetum og kókos*

# Hátíð ljóssins hjá
## *Austur-Indíafjelaginu*

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu.

Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan **fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil í október á afar góðu verði: 4.990 kr. alla daga.**

***Borðapantanir í síma 552 1630.***



*Chandrika Gunnarsson eigandi Austur-Indíafélagsins býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

# RIFF-hátíð fær erlenda athygli

Kvikmyndasíðurnar Indiewire.com og Screendaily.com fjalla um Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík, RIFF, sem lauk á sunnudaginn.

Í Screendaily er birt myndasyrpa frá hátíðinni en í Indiwire er löng umfjöllun þar sem farið er fögrum orðum um hátíðina. Þar segir að bæði áhorfendafjöldinn sem mætir á hátíðina og gestrisni starfsfólkins í kringum hana geri hana eins sérstaka og raun ber vitni. „Allir, allt frá blaðamönnunum og kvikmyndagerðarmönnunum til heiðursgestsins Jims Jarmusch, fengu tækifæri til að snæða kvöldverði þar sem íslensk matargerðarlist var í boði. Þeir fengu einnig að kynnast hinu litríka næturlífi í Reykjavík auk þess sem ferðir út fyrir borgarmörkin voru skipulagðar,“ skrifar blaðamaðurinn Peter Knegt.

Hann bloggar einnig um hátíðina og fer þar enn fegurri orðum um hana. „Ég hef átt yndislega sjö daga hérna í Reykjavík,“ skrifar hann og bætir við: „Þetta er frábær kvikmyndahátíð, í frábærri borg og í frábæru landi. Ef þið fáið einhvern tímann tækifæri til að heimsækja eitthvað af þessu þrennu ættuð þið tvímælalaust að gera það.“

Fransk-þýska menningarsjónvarpsstöðin ARTE fjallaði einnig um hátíðina fyrir skömmu og talið er að milljónir áhorfenda hafi fylgst með. Þar var hátíðin sögð vinsæl en hógvær og bent á að aðeins hafi verið nokkrir fermetrar af rauðum dregli á opnunarhátíðinni.



**JIM JARMUSCH** Leikstjórinn Jim Jarmusch með heiðursverðlaunin sín sem hann fékk afhent á Bessastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# TVEIR KRUMMAR Á BRIMI

**Kvikmyndin Brim eftir Árna Ólaf Ásgeirsson hefur fengið afbragðs góða dóma gagnrýnenda og fékk meðal annars fjórar stjörnur hjá Fréttablaðinu og fullt hús í DV. Enda var hvergi að finna auðan blett í lokapartýi RIFF þar sem frumsýningunni og lokum kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík var fagnað.**

Kvikmyndin Brim hefur verið ansi lengi í vinnslu en næstum tvö og hálft ár eru liðin frá því að tökum lauk. Það virtist hins vegar vera mál manna að sú bið hefði svo sannarlega verið þess virði. Athygli vakti að tveir Krummar létu ljós sitt skína, annars vegar Hrafn Gunnlaugsson og hins vegar Krummi, oftast kenndur við Mínus.

Myndin er byggð á samnefndu verki eftir Jón Atla Jónasson sem var sett upp af Vesturporti. Og virðist kvikmyndin ekki gefa leikverkinu neitt eftir enda endurtekur leikhópurinn hlutverkin sín á hvíta tjaldinu. Litlu mátti muna að aðeins einn leikari yrði viðstaddur sjálfa frumsýninguna, Ólafur Darri, sem síðan segir ekki orð í myndinni. Gísli Örn Garðarsson og Víkingur Kristjánsson komu því frumsýningunni til bjargar, flugu frá London til að vera viðstaddir. Aðrir leikarar myndarinnar, sem voru uppteknir á fjölum Þjóðleikhússins í Íslandsklukkunni, mættu síðan kampakátir í partíið eftir á.

freyrgigja@frettabladid.is



Karl Sigurðsson situr í borgarstjórn og er meðlimur Baggalúts og hefur augljóslega sagt eitthvað fyndið því unnusta hans, Tobba Marinós, skellihlær. MYNDIR/HANNA LÍSA



Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður mætti með móður sína, Herdísi Þorvaldsdóttur, og frænda í frumsýningarteitið.



Ingvar E. Sigurðsson mætti í partíið eftir að hafa leikið Jón Hreggviðsson í Þjóðleikhúsinu og spjallaði við Óskar Jónasson leikstjóra.



Það fyrirfinnst varla svalara tvíeyki en Krummi úr Mínus og Jón Ólafsson.



Leikkonurnar Margrét Vilhjálmsdóttir og Tinna Hrafnsdóttir voru eiturhressar í partíinu.



Bræðurnir Haraldur og Stefán Jónssynir voru hressir að vanda. Óttarr Proppé var það líka en hann stendur fyrir aftan þá.


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5 - 8 - 10.45 | L |
| EAT PRAY LOVE LÚXUS | kl. 8 - 10.45 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 - 10.45 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 4 - 6 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BRIM | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| R | kl. 6 - 8 | 16 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 6 - 9 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 10 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.25 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 5.30 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DINNER FOR SCHMUCKS | 5.45, 8 og 10.20 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |
| WALL STREET | 7 og 10 | L |
| EXPENDABLES | 8 | 16 |
| RESIDENT EVIL 3D | 10 | 16 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 7 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 | VIP |
| SOLOMON KANE | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:30 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| REMEMBER ME | kl. 10:30 | 12 |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 | 12 |
| RESIDENT EVIL 4 | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE ROLLING STONES Tónleikar | kl. 10:10 | L |
| SOLOMON KANE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ROLLING STONES Tónleikar | kl. 10:10 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| GOING THE DISTANCE Síðustu sýningar | kl. 8 | L |

BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| VETRARMEIN (WINTER'S BONE) | 17:00, 19:00, 21:00 |
| LENNON UNGI (NOWHERE BOY) | 17:10, 19:10, 21:10 |
| **LUKKA EMMU (EMMAS GLUECK) | 17:20, 21:20 |
| **Í JÚLÍ (IM JULY) | 19:20 |
| *BACKYARD | 17:30, 19:30, 21:30 |

* ENGLISH SUBTITLES / ** Í SAMVINNU VIÐ GOETHE INSTITUT OG ÞÝSK/ÍSLENSKA VERSLUNARRÁÐIÐ

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# FRANCIS FRANCIS

# Espressovélar

**Að búa til espresso er list. Til þess þarf 6,7 grömm af eðalkaffi, nákvæma tímasetningu, rétt hitastig og mátulegan þrýsting. illy hefur hannað kaffivélar og kaffihylki sem hafa fullkomið vald á þessari list. Við köllum það iperespresso-aðferðina.**

## TILBOÐSDAGAR





### FRANCIS FRANCIS x7

**Eiginleikar:**
- Hylkjavél
- Þrýstingur 15 bör
- 1100 wött
- Flóar mjólk
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Þægilegt takkaborð
- Stöðvast sjálfkrafa
- Hægt að stilla bollastærð

**Lækkað verð kr. 36.900**



### FRANCIS FRANCIS x1

**Eiginleikar:**
- Fyrir malað kaffi
- Þrýstingur 15 bör
- 1100 wött
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Flóar mjólk
- 1ltr vatnstankur
- Hægt að stilla bollastærð



**Verð fyrir kr. 79.900**

**Verð eftir kr. 69.900**

**Þú sparar kr. 10.000**

**KAUPAUKI**
**Tveir illy espresso bollar og tveir illy cappuccino bollar myndskreyttir af Pedro Almodóvar að verðmæti kr. 6.492,-**

# byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

# sport

sport@frettabladid.is



**2-0**

**KR OG STJARNAN** mætast í 1. umferð Iceland Express-deildar karla í körfubolta í DHL-höllinni í kvöld. KR er spáð titlinum en Stjörnumenn unnu báða leiki sína í Vesturbænum á síðasta tímabili. Aðrir leikir í kvöld eru Keflavík-ÍR og KFÍ-Tindastóll en leikirnir hefjast allir klukkan 19.15.



**GANTAST Á ÆFINGU** Það var létt yfir mönnum á æfingu U-21 landsliðsins fyrr í vikunni. Hér fær Guðlaugur Victor Pálsson refsingu frá félögum sínum.

U-21 landsliðið spilar í kvöld:

## Dagsformið ræður miklu

**FÓTBOLTI** U-21 landslið Íslands mætir Skotlandi á Laugardalsvelli í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 19.00 en um er að ræða fyrri leik liðanna af tveimur í umspili um hvort liðið komist í úrslitakeppni EM sem fer fram í Danmörku næsta sumar.

Eyjólfur Sverrisson, þjálfari Íslands, er bjartsýnn fyrir kvöldið. „Við höfum sýnt það í keppninni að við erum með gott lið og þá sérstaklega öfluga sóknarmenn. Skotar eru með heilsteypt og mikið baráttulið sem er dæmigert fyrir þá. Hlaupagetan er mikil og þeir berjast allan tímann. Þeir hafa fengið lítið af mörkum á sig en við ætlum ekki að fá á okkur mark á heimavelli og reyna að þvinga eitt eða tvö mörk á þá. Ef það tekst verðum við í góðum málum," segir Eyjólfur.

„Ég á von á að dagsformið muni ráða miklu og ef við verðum klárir og rétt stemmdir fyrir leikinn hef ég ekki áhyggjur af okkur." - esá

Gylfi Þór Sigurðsson:

## Ánægður í Þýskalandi

**FÓTBOLTI Ein skærasta stjarna íslenskrar knattspyrnu um þessar mundir er Gylfi Þór Sigurðsson sem gekk í raðir þýska úrvalsdeildarfélagsins Hoffenheim í haust. Hann verður í eldlínunni með U-21 landsliði Íslands í kvöld.**

**„Þetta hefur gengið mjög vel en það tekur tíma að aðlagast nýju liði," segir Gylfi, sem hefur þegar skorað tvö mörk fyrir liðið, bæði beint úr aukaspyrnum. „Mér hefur gengið vel þegar ég hef fengið að spila og vonandi fæ ég fleiri tækifæri í byrjunarliðinu á komandi vikum."**

**Hann var seldur frá enska liðinu Reading og segir að það hafi verið erfitt að fara frá liðinu. „Það er ekki alltaf á allt kosið en ég held að þetta hafi verið rétt ákvörðun. Ég þurfti á áskoruninni að halda og gat ekki sagt nei við þessu tækifæri."** - esá

# Óhræddur við 1. deildina

**Guðjón Þórðarson hefur verið ráðinn þjálfari 1. deildarliðsins BÍ/Bolungarvík. Hann segist spenntur fyrir verkefninu en hann þjálfaði síðast í 1. deildinni fyrir 20 árum síðan. Athygli vekur að starfssamningur Guðjóns er ótímabundinn.**

**FÓTBOLTI** Líklega einhver óvæntustu tíðindi í íslenskri knattspyrnusögu áttu sér stað fyrir vestan í gær er Guðjón Þórðarson skrifaði undir samning við 1. deildarlið BÍ/Bolungarvíkur. Það er ansi löng leið frá Stoke City sem Guðjón stýrði í upphafi aldarinnar til Ísafjarðar þar sem þjálfarinn mun nú starfa.

„Þetta kom til eins og allt annað og hófst með samtali," segir Guðjón við Fréttablaðið. Hann segir að það hafi ekki komið sér á óvart að BÍ/Bolungarvík hafi sett sig í samband við hann. „Ég er orðinn svo gamall að það kemur mér ekkert lengur á óvart," sagði hann í léttum dúr.

Hann var orðaður við sitt gamla félag, KA, en kom síðan öllum á óvart með því að semja við BÍ/Bolungarvík. „Ég talaði við KA á sunnudaginn en hef það sem vinnureglu að tala ekki um samninga sem ég geri ekki. Ég ræddi við þá og er ekkert meira að segja um það," segir Guðjón.

Honum líst vel á verkefnið sem er fram undan en BÍ/Bolungarvík vann sér sæti í 1. deildinni nú í haust. Stærsti hluti liðsins muni þó æfa í Reykjavík í vetur. „Stefnan er að gera eins vel og kostur er. Hversu langt það mun fleyta okkur verður að koma í ljós. Flestir leikmenn eru í skóla fyrir sunnan en einhverjir verða fyrir vestan í vetur. Við þurfum að finna lausn á því en ég á von á að við höldum vestur með lóunni í vor," segir Guðjón, sem er spenntur fyrir því að starfa í 1. deildinni á ný. Síðast gerði hann það þegar hann var þjálfari ÍA árið 1991. Þá fór hann beint upp með liðið sem varð Íslandsmeistari næstu fimm ár á eftir.

„Ég er ekki hræddur við að fara í 1. deildina. Þetta verður spennandi og gaman að fá að takast á við þetta. Hér er jákvætt fólk og góður andi hjá þeim sem standa að þessu."

Samúel Samúelsson, formaður knattspyrnudeildar BÍ/Bolungarvíkur er ánægður með ráðninguna.



**NÝTT UMHVERFI** Það verður örugglega sérstakt fyrir Guðjón að stýra liði á Torfnesvelli næsta sumar eftir að hafa stýrt liði eins og Stoke á Wembley. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Við höfum aldrei farið leynt með að það er mikill metnaður í fótboltanum hjá okkur og þessi ráðning undirstrikar það," segir Samúel.

Guðjón á von á að þurfa að styrkja leikmannahóp liðsins fyrir næsta tímabil. „Það liggur ekkert fyrir um hvað við gerum í þeim málum eða hvernig. Það verður skoðað," segir Guðjón.

Athygli vekur að samningur Guðjóns er óhefðbundinn að því leyti að það eru engin tímamörk á honum eins og tíðkast í knattspyrnuheiminum. Þetta er því einstakur samningur en forráðamenn BÍ/Bolungarvíkur kalla þetta ótímabundinn samning án þess að útskýra það neitt ítarlega.

„Guðjón er ráðinn frá og með 15. október og samningurinn er síðan ótímabundinn. Það er samningsatriði milli okkar og Guðjóns hvernig þessi útfærsla er og samningurinn er trúnaðarmál," sagði Samúel.

Sjálfur segist Guðjón ánægður með samninginn. „Ég er ekki með neinn tímaramma á mínum samningi eins og flestir á atvinnumarkaðnum. Ég er mjög ánægður með minn samning."

Guðjón hefur verið farsæll þjálfari og sagður vera dýr á fóðrum. Hvernig fer BÍ/Bolungarvík að því að fjármagna þennan samning?

„Ég veit ekki hvað Guðjón hefur haft í laun í gegnum tíðina en við erum sáttir við þennan samning og ekkert meira um það að segja. Við höfum í gegnum tíðina haft mörg fyrirtæki á bak við okkur og þau eru enn til staðar. Það eru engir sérstakir aðilar sem standa á bak við þennan samning," segir Samúel. - esá, hbg

**Þjálfaraferill Guðjóns**

| | |
|---|---|
| 1987 | ÍA |
| 1988-90 | KA |
| 1991-93 | ÍA |
| 1994-95 | KR |
| 1996 | ÍA |
| 1997-99 | Íslenska landsliðið |
| 1999-2002 | Stoke City |
| 2002 | Start |
| 2003-04 | Barnsley |
| 2005 | Keflavík |
| 2005-06 | Notts County |
| 2007-08 | ÍA |
| 2008-09 | Crewe Alexandra |
| 2010-? | BÍ/Bolungarvík |



**JOHN HENRY** Eigandi Boston Red Sox sem vill nú kaupa Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tekist á um Liverpool:

## Eigendurnir vilja ekki selja

**FÓTBOLTI Stjórn Liverpool hefur tekið kauptilboði bandarísks eignarhaldsfélags í félagið. Núverandi eigendur vilja hins vegar ekki selja en þeir eru í minnihluta í stjórninni.**

**New England Sports Ventures er eigandi hafnaboltaliðsins Boston Red Sox og staðfesti í gær að stjórn Liverpool hefði samþykkt tilboðið.**

**Núverandi eigendur, þeir Tom Hicks og George Gillett, telja hins vegar tilboðið óásættanlegt og munu fara með málið fyrir dómstóla til að reyna að koma í veg fyrir söluna. Mikil átök voru í stjórn félagsins í fyrradag þar sem þeir Hicks og Gillett reyndu að reka tvo úr stjórninni. Það tókst þeim ekki.**

**NESV sagði í yfirlýsingu í gær að það vildi búa Liverpool traustan fjárhagslegan grundvöll til framtíðar, til að mynda með því að greiða upp skuldir sem Hicks og Gillett skrifuðu á félagið við yfirtöku þeirra á sínum tíma.**

**„Markmið okkar er að koma liðinu aftur á þann stall sem það á heima á bæði í Englandi og Evrópu, þar sem það mun keppa um og vinna titla," segir í yfirlýsingunni.**

**Staða Hicks og Gilletts er ekki sterk þar sem tæplega 300 milljóna punda skuld mun falla á Liverpool verði hún ekki greidd fyrir 15. október.** - esá

Þorgerður Anna Atladóttir:

## Valdi Stjörnuna fram yfir Val

**HANDBOLTI** Þorgerður Anna Atladóttir er aftur gengin til liðs við Stjörnuna. Hún hélt til Danmerkur í sumar en sneri aftur heim þar sem lið hennar þar, FIF, lenti í fjárhagserfiðleikum.

Þorgerður sagði að valið hefði staðið á milli að fara annað hvort í Val eða Stjörnuna, sem hún lék með áður. „Þetta var mjög erfið ákvörðun en ætli hjartað hafi ekki ráðið þarna för," sagði hún við Fréttablaðið. Hún hefur skrifað undir eins árs samning og stefnir á að komast aftur að í atvinnumennskunni. - esá






Tímabilið í Iceland Express-deild kvenna hófst í gær:

## Meistararnir töpuðu

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar KR töpuðu í gær sínum fyrsta leik á tímabilinu í Iceland Express-deild kvenna í gær þegar fyrsta umferðin fór fram. Haukar lögðu KR á heimavelli sínum með minnsta mun, 65-64.

KR stillir upp mikið breyttu liði frá síðustu leiktíð en var spáð 2. sæti deildarinnar, á eftir Keflavík. Haukum var spáð þriðja sætinu en þeir höfðu betur í gær.

KR náði drjúgri forystu í upphafi leiks en Haukum tókst að minnka muninn fyrir leikhlé. Þeir tóku svo forystu í upphafi fjórða leikhluta og héldu henni allt til loka.

Meistaraefnin í Keflavík unnu Njarðvík á útivelli, 82-77, og Grindavík vann Fjölni, 70-67. Þá vann Hamar sigur á Snæfelli, 92-71. - esá



**STIGAHÆST** Íris Sverrisdóttir skoraði 20 stig fyrir Hauka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Ný fóðurverksmiðja er framlag Líflands til betri og öflugri landbúnaðar á Íslandi

**Í dag er ný fóðurverksmiðja Líflands á Grundartanga í Hvalfirði tekin formlega í notkun**

Með því að beita nýjustu tækni og þróun sem völ er á í verksmiðju Líflands
er nú kleift að framleiða á Íslandi kjarnfóður
sem stenst alþjóðlegar gæðakröfur í alla staði
og eflir þannig samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar.

Viðamesta breytingin er fullkominn aðskilnaður á hráefnum
og hitameðhöndluðu fóðri, sem stórbætir sóttvarnir,
eykur öryggi við fóðrun og tryggir fyrir sitt leyti gæði afurða.

Fjárfesting Líflands í nýju verksmiðjunni
speglar trú forvígismanna fyrirtækisins
á bjarta framtíð íslensks landbúnaðar.

LÍFLAND
– *betri búnaður*

## Bestu leikmenn í Pepsi-deild karla sumarið 2010

**Topp 40 listinn**
**(lágmark einkunn í 14 leikjum)**

1. Alfreð Finnbogason, Breiðablik 6,62
2. Tryggvi Guðmundsson, ÍBV 6,57
3. Jón Guðni Fjóluson, Fram 6,53
4. Rasmus Christiansen, ÍBV 6,48
4. Matthías Vilhjálmsson, FH 6,48
6. Eiður Aron Sigurbjörnsson,ÍBV 6,41
7. Bjarni Eggerts Guðjónsson, KR 6,40
8. Halldór Orri Björnsson, Stjarnan 6,38
9. Andri Ólafsson, ÍBV 6,37
10. Haukur Baldvinsson, Breiðablik 6,35

11. Ingvar Þór Kale, Breiðablik 6,32
12. Daði Lárusson, Haukar 6,30
12. Atli Guðnason, FH 6,30
14. Albert Sævarsson, ÍBV 6,29
14. Þórarinn Valdimarsson, ÍBV 6,29
16. Arnar Gunnlaugsson, Haukar 6,28
16. Grétar Sigurðarson, KR 6,28
18. Lars Ivar Moldsked, KR 6,25
18. James Hurst, ÍBV 6,25
20. Gilles Mbang Ondo, Grindavík 6,20
20. Kristinn Jónsson, Breiðablik 6,20

22. Haukur Páll Sigurðsson, Valur 6,19
23. Gunnleifur Gunnleifsson, FH 6,18
23. Baldur Sigurðsson, KR 6,18
25. Guðmundur Gunnarsson, KR 6,17
26. Finnur Ólafsson, ÍBV 6,16
27. Matt Garner, ÍBV 6,14
28. Sigurbjörn Hreiðarsson, Valur 6,12
29. Arnar Sveinn Geirsson, Valur 6,10
29. Ólafur Páll Snorrason, FH 6,10

31. Halldór Hermann Jónss., Fram 6,10
32. Elfar Freyr Helgason, Breiðab. 6,05
32. Finnur Orri Margeirss., Breiðab.6,05
34. Guðmundur Kristjánss., Breið. 6,05
35. Hólmar Örn Rúnarss., Keflavík 6,00
35. Almarr Ormarsson, Fram 6,00
35. Jökull Elísabetarson, Breiðablik6,00
35. Óskar Örn Hauksson, KR 6,00
35. Kristján Hauksson, Fram 6,00
35. Ómar Jóhannsson, Keflavík 6,00

**Besti markvörðurinn**

1. Ingvar Þór Kale, Breiðablik 6,32
2. Daði Lárusson, Haukar 6,30
3. Albert Sævarsson, ÍBV 6,29
4. Lars Ivar Moldsked, KR 6,25
5. Gunnleifur Gunnleifsson, FH 6,18
6. Ómar Jóhannsson, Keflavík 6,00

**Besti varnarmaðurinn**

1. Jón Guðni Fjóluson, Fram 6,53
2. Rasmus Christiansen, ÍBV 6,48
3. Eiður Aron Sigurbjörnsson, ÍBV 6,41
4. Grétar Sigf. Sigurðarson, KR 6,28
5. James Hurst, ÍBV 6,25
6. Kristinn Jónsson, Breiðablik 6,20
7. Guðmundur Gunnarsson, KR 6,17
8. Matt Nicholas Paul Garner, ÍBV 6,14
9. Elfar Freyr Helgason, Breiðablik 6,05
10. Kristján Hauksson, Fram 6,00

**Besti miðjumaðurinn:**

1. Matthías Vilhjálmsson, FH 6,48
2. Bjarni Eggerts Guðjónsson, KR 6,40
3. Halldór Orri Björnsson, Stjarnan 6,38
4. Andri Ólafsson, ÍBV 6,37
5. Haukur Baldvinsson, Breiðablik 6,35
6. Þórarinn Ingi Valdimarsson, ÍBV 6,29
7. Haukur Páll Sigurðsson, Valur 6,19
8. Baldur Sigurðsson, KR 6,18
9. Finnur Ólafsson, ÍBV 6,16
10. Sigurbjörn Hreiðarsson, Valur 6,12

**Besti sóknarmaðurinn**

1. Alfreð Finnbogason, Breiðablik 6,62
2. Tryggvi Guðmundsson, ÍBV 6,57
3. Atli Guðnason, FH 6,30
4. Arnar Gunnlaugsson, Haukar 6,28
5. Gilles Mbang Ondo, Grindavík 6,20
6. Arnar Sveinn Geirsson, Valur 6,10
6. Ólafur Páll Snorrason, FH 6,10
8. Óskar Örn Hauksson, KR 6,00
9. Albert Brynjar Ingason, Fylkir 5,94
10. Kristinn Steindórsson, Breiðab. 5,91

## Lélegustu leikmennirnir

**(Lágmarkseinkunn í 8 leikjum)**

| | |
|---|---|
| Þórhallur Dan Jóhannsson, Haukar | 4,38 |
| Torger Motland, FH | 4,67 |
| Hilmar Þór Hilmarsson, Stjarnan | 4,67 |
| Hörður Sveinsson, Keflavík | 4,75 |
| Magnús Björgvinsson, Haukar | 4,78 |
| Andri Freyr Björnsson, Selfoss | 4,88 |
| Kristján Ómar Björnsson, Haukar | 5,00 |
| Ingólfur Þórarinsson, Selfoss | 5,00 |
| Brynjar Guðmundsson, Keflavík | 5,00 |
| Magnús Þorsteinsson, Keflavík | 5,05 |
| Ray Anthony Jónsson, Grindavík | 5,06 |
| Óli Baldur Bjarnason, Grindavík | 5,08 |
| Olgeir Sigurgeirsson, Breiðablik | 5,09 |
| Arilíus Marteinsson, Selfoss | 5,11 |
| Pape Mamadou Faye, Fylkir | 5,13 |

## Lið ársins

**Markvörður**

| | |
|---|---|
| Ingvar Þór Kale | Breiðabliki |

**Varnarmenn**

| | |
|---|---|
| Eiður Aron Sigurbjörnsson | ÍBV |
| Rasmus Christiansen | ÍBV |
| Jón Guðni Fjóluson | Fram |

**Miðjumenn**

| | |
|---|---|
| Matthías Vilhjálmsson | FH |
| Bjarni Guðjónsson | KR |
| Halldór Orri Björnsson | Stjarnan |
| Andri Ólafsson | ÍBV |

**Sóknarmenn**

| | |
|---|---|
| Alfreð Finnbogason | Breiðablik |
| Tryggvi Guðmundsson | ÍBV |
| Haukur Baldvinsson | Breiðablik |

## Bestu dómararnir

1. Gunnar Jarl Jónsson 7,14
2. Kristinn Jakobsson 7,13
3. Jóhannes Valgeirsson 6,65
4. Þorvaldur Árnason 6,43
5. Magnús Þórisson 6,41
6. Einar Örn Daníelsson 6,33
7. Þóroddur Hjaltalín 6,27
8. Erlendur Eiríksson 6,09
9. Örvar Sær Gíslason 6,00

## Tímabilið hjá Blikanum Alfreð Finnbogasyni

Hér fyrir neðan má sjá hvað Alfreð gerði í leikjum Íslandsmeistara Breiðabliks í umferðunum 22 í Pepsi-deild karla í sumar.

Mörk
Stoðsendingar
Hjálparsendingar
Fiskað víti
Fylgt á eftir skoti hans
Maður leiksins

| Maí | Einkunn |
|---|---|
| Keflavík, heima 0-1 | 4 |
| Fram, heima 2-2 | 6 |
| Valur, úti 2-0 | 8 |
| FH, heima 2-0 | 8 |
| ÍBV, úti 1-1 | 6 |

| Júní | |
|---|---|
| Haukar, úti 4-2 | 6 |
| Grindavík, heima 2-3 | 6 |
| Fylkir, úti 4-2 | 8 |
| KR, heima 2-1 | 6 |

| Júlí | |
|---|---|
| Selfoss, úti 3-1 | 6 |
| Stjarnan, heima 4-0 | 9 |
| Keflavík, úti 2-0 | 7 |
| Fram, úti 1-3 | 6 |

| Ágúst | |
|---|---|
| Valur, heima 5-0 | 9 |
| FH, úti 1-1 | 6 |
| ÍBV, heima 1-1 | 7 |
| Haukar, heima 0-2 | 4 |
| Grindavík, úti 4-2 | 6 |

| September | Einkunn |
|---|---|
| Fylkir, heima 1-0 | 6 |
| KR, úti 3-1 | 8 |
| Selfoss, heima 3-0 | 7 |
| Stjarnan, úti 0-0 | Leikbann |

**Samanlagt**
Leikir: 21
Mörk: 14
Stoðsendingar: 6
Hjálparsendingar: 8
Fiskuð víti: 2
Frákast af skoti sem gefur mark: 1
Meðaleinkunn: 6,62
Maður leiksins: 3





**BESTI LEIKMAÐUR PEPSI-DEILDAR KARLA 2010** Alfreð Finnbogason með Íslandsmeistarabikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Alfreð sá besti í sumar

**Blikinn Alfreð Finnbogason er besti leikmaður Pepsi-deildar karla í sumar samkvæmt einkunnagjöf blaðamanna Fréttablaðsins. Alfreð lék aðalhlutverkið þegar Blikar tryggðu sér fyrsta Íslandsmeistaratitilinn.**

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason er besti leikmaður Pepsi-deildar karla í sumar að mati blaðamanna Fréttablaðsins. Þetta var sumarið hans Alfreðs, hann er Íslandsmeistari, markakóngur og nú besti leikmaður deildarinnar.

„Alfreð spilaði feikilega vel í sumar. Hann var áberandi í sóknarleiknum en hann var einnig duglegur varnarlega,“ segir Ólafur Kristjánsson, þjálfari Íslandsmeistara Breiðabliks. „Þar sem mér fannst hann eiga skilið mesta hrósið er að hann átti oft erfitt fyrri hluta leikja en hafði skynsemina og þolinmæðina til þess að vinna sig inn í leiki. Hann var síðan oft afgerandi þegar fór að líða á leikina,“ sagði Ólafur en Alfreð átti þátt í 22 af þeim 29 mörkum sem hann kom að í seinni hálfleik.

> Mér finnst of mikið að hengja það á herðarnar á Alfreð að hann hafi verið arkitektinn á bak við allt hjá okkur en hann var drjúgur og mikilvægur.
>
> **ÓLAFUR KRISTJÁNSSON** ÞJÁLFARI BREIÐABLIKS

Það er til marks um rétta jafnvægið í leik Alfreðs að hann skoraði jafnmörg sjálfur og hann átti þátt í að undirbúa. Alfreð skoraði 14 mörk í 21 leik og kom einnig að undirbúningi 14 annarra, annaðhvort með því að gefa stoðsendingu (6) eða lykilsendingu (8) í undirbúningi marksins.

„Hann var þungamiðjan í sóknarleiknum hjá okkur. Þegar er verið að tala um að Breiðabliksliðið hafi hvorki verið fugl né fiskur án hans sóknarlega þá er ég ekki alveg sammála því. Hann spilaði í afgerandi stöðu á vellinum, spilaði bæði í holunni fyrir aftan framherjann og ef hann spilaði sem framherji þá kom hann sér gjarnan í þessa holu fyrir aftan, hvort sem það var til að skora sjálfur eða til að leggja upp,“ segir Ólafur og bætir við: „Mér finnst of mikið að hengja það á herðarnar á Alfreð að hann hafi verið arkitektinn á bak við allt hjá okkur en hann var drjúgur og mikilvægur,“ segir Ólafur.

Alfreð fékk 6,62 í meðaleinkunn í sumar og þar af fékk hann níu í tvígang. Í fyrra skiptið skoraði hann þrennu og lagði upp fjórða markið í 4-0 sigri á Stjörnunni og í seinna skiptið skoraði hann 2 mörk og átti 2 stoðsendingar í 5-0 sigri á Val. Alfreð var einnig valinn maður leiksins í 4-2 sigri á Fylki í Árbænum og í 3-1 sigri á KR á KR-vellinum í 20. umferð er Blikar stigu stórt skref í átt að Íslandsmeistaratitlinum.

Eyjamaðurinn Tryggvi Guðmundsson átti einnig frábært tímabil og hann er í 2. sæti í einkunnagjöfinni. Tryggvi átti mikinn þátt í því að Eyjamenn hoppuðu upp um sjö sæti í töflunni og fóru frá því að vinna sex leiki sumarið 2009 í það að vinna þrettán leiki í sumar.

Framarinn Jón Guðni Fjóluson endaði í 3. sæti í einkunnagjöfinni og er jafnframt hæstur af varnarmönnum deildarinnar.

FH-ingurinn Matthías Vilhjálmsson og Eyjamaðurinn Rasmus Christiansen eru í 4. til 5. sæti í einkunnagjöfinni í sumar og er Matthías besti miðjumaður deildarinnar samkvæmt henni.

Blikinn Ingvar Þór Kale er hæstur markavarða deildarinnar en hann átti hvern stórleikinn á fætur öðrum á lokasprettinum og enginn leikmaður í deildinni fékk hærri meðaleinkunn í seinni umferðinni. ooj@frettabladid.is

## Bestir hjá liðunum

Hér fyrir neðan fer meðaleinkunn þeirra leikmanna sem náðu hæstri meðaleinkunn hjá hverju liði af þeim sem náðu að fá einkunn fyrir 14 leiki eða fleiri í Pepsi-deild karla í sumar.

**Breiðablik**

1. Alfreð Finnbogason 6,62
2. Haukur Baldvinsson 6,35
3. Ingvar Þór Kale 6,32
4. Kristinn Jónsson 6,20
5. Elfar Freyr Helgason 6,05
5. Finnur Orri Margeirsson 6,05
5. Guðmundur Kristjánsson 6,05
8. Jökull I. Elísabetarson 6,00
9. Kristinn Steindórsson 5,91
10. Kári Ársælsson 5,81

**FH**

1. Matthías Vilhjálmsson 6,48
2. Atli Guðnason 6,30
3. Gunnleifur Gunnleifsson 6,18
4. Ólafur Páll Snorrason 6,10
5. Björn Daníel Sverrisson 5,95
6. Atli Viðar Björnsson 5,86
6. Freyr Bjarnason 5,86
8. Hjörtur Logi Valgarðsson 5,85
9. Tommy Nielsen 5,68
10. Pétur Viðarsson 5,26

**ÍBV**

1. Tryggvi Guðmundsson 6,57
2. Rasmus Steenberg Christiansen 6,48
3. Eiður Aron Sigurbjörnsson 6,41
4. Andri Ólafsson 6,37
5. Þórarinn Ingi Valdimarsson 6,29
6. Albert Sævarsson 6,29

**KR**

1. Bjarni Eggerts Guðjónsson 6,40
2. Grétar Sigfinnur Sigurðarson 6,28
3. Lars Ivar Moldsked 6,25
4. Baldur Sigurðsson 6,18
5. Guðmundur Reynir Gunnarsson 6,17
6. Óskar Örn Hauksson 6,00

**Fram**

1. Jón Guðni Fjóluson 6,53
2. Halldór Hermann Jónsson 6,10
3. Almarr Ormarsson 6,00
4. Kristján Hauksson 6,00
5. Hannes Þór Halldórsson 5,91
6. Daði Guðmundsson 5,90

**Keflavík**

1. Ómar Jóhannsson 6,00
1. Hólmar Örn Rúnarsson 6,00
3. Paul McShane 5,93
4. Haraldur Freyr Guðmundsson 5,90
5. Bjarni Hólm Aðalsteinsson 5,76
6. Alen Sutej 5,64

**Valur**

1. Haukur Páll Sigurðsson 6,19
2. Sigurbjörn Örn Hreiðarsson 6,12
3. Arnar Sveinn Geirsson 6,10
4. Ian David Jeffs 5,94
5. Martin Meldgaard Pedersen 5,89
6. Kjartan Sturluson 5,82

**Stjarnan**

1. Halldór Orri Björnsson 6,38
2. Daníel Laxdal 5,91
3. Tryggvi Sveinn Bjarnason 5,89
4. Bjarni Þórður Halldórsson 5,81
5. Jóhann Laxdal 5,80
6. Atli Jóhannsson 5,53

**Fylkir**

1. Albert Brynjar Ingason 5,94
2. Fjalar Þorgeirsson 5,82
3. Kjartan Ágúst Breiðdal 5,76
4. Andrés Már Jóhannesson 5,65
5. Ásgeir Börkur Ásgeirsson 5,61
6. Jóhann Þórhallsson 5,56

**Grindavík**

1. Gilles Mbang Ondo 6,20
2. Orri Freyr Hjaltalín 5,86
3. Auðun Helgason 5,80
4. Jósef Kristinn Jósefsson 5,68
5. Scott Mckenna Ramsay 5,67
6. Óskar Pétursson 5,57

**Haukar**

1. Daði Lárusson 6,30
2. Arnar Gunnlaugsson 6,28
3. Guðjón Pétur Lýðsson 5,86
4. Hilmar Geir Eiðsson 5,76
5. Úlfar Hrafn Pálsson 5,67
6. Daníel Einarsson 5,58

**Selfoss**

1. Jóhann Ólafur Sigurðsson 5,91
2. Agnar Bragi Magnússon 5,70
3. Sævar Þór Gíslason 5,65
4. Stefán Ragnar Guðlaugsson 5,59
5. Jón Daði Böðvarsson 5,57
6. Jón Guðbrandsson 5,56


Tilboðin gilda til 11. október
2x ÁRSKORT KEYPT SAMAN
Í LÍKAMSRÆKT OG SUND
Á AÐEINS 29.990 KR. Á MANN
eða aðeins 2.499 kr. á mánuði á mann, m.v. vaxtalausar Visa/Euro-léttgreiðslur
FRÍR PRUFUTÍMI UNDIR LEIÐSÖGN ÞJÁLFARA
Hringja þarf og panta tíma
ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS 31.990 KR.
eða aðeins 2.666 kr. á mánuði, með vaxtlausum Visa/Euro-léttgreiðslum
ACTIC LÍKAMSRÆKT & SUND
Kortið gildir í líkamsrækt og sund í Sundlaug Kópavogs og Íþróttamiðstöðinni versölum.
Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**1939** **ER ÁRIÐ** þegar sem það var skráð til bókar að kylfingur færi holu í höggi á íslenskum golfvelli. Það var Halldór Hansen læknir sem það gerði á á gamla GR-vellinum, þar sem nú er Kringlan í Reykjavík.

**1967** **ER ÁRIÐ** sem stofnaður var félagsskapur þeirra sem höfðu farið holu í höggi. Stofnfélagar voru níu karlmenn og ein kona. Félagið nefndu þau Einherja.

GOLF & HEILSA



## Orka og úthald

**Magni M. Bernhardsson**, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Nokkrum atriðum þarf að huga að svo við höfum næga orku til að sinna daglegu lífi og til að hafa aukaorku til að geta spilað golf, skrifar Magni Bernhardsson.

- Svefn - Meðal svefntími hjá fólki er í kringum 6 tímar á dag, en mælt er með 7-8 klukkutímum svo líkaminn geti náð að byggja sig upp og hlaðið batteríin fyrir næsta dag. Ef við erum undir of miklu álagi hækkar hormónið cortisol, við það missum við orku sem við þurfum á að halda fyrir næsta atriði sem er líkamsrækt.
- Líkamsrækt - Við höfum öll notað afsökunina „ég hef ekki tíma" en við verðum að gefa okkur tíma fyrir einhvers konar líkamsrækt eftir að golfgöngutúrarnir eru komnir í vetrarfrí. Gerum eitthvað í vetur sem byggir upp úthald og gefur okkur meiri orku. Það er erfiðast að koma sér af stað svo best er að fá vin eða maka með sér í heilsuátakið, þannig eru minni líkur á að við hættum og gefumst upp. Munið að það er nóg að æfa í um það bil 30 mínútur annan hvern dag til að ná góðum árangri.
- Næring – Reynum að borða mat sem gefur okkur góða orku og borðum um það bil 5-6 máltíðir með jöfnu millibili yfir daginn. Sælgæti og vörur með hátt sykurhlutfall eru orkuþjófar, gefa okkur falska orku í stuttan tíma. Munið að drekka nægilegt magn af vatni yfir daginn og forðast of mikla kaffi- og gosdrykkju.

*Höfundur starfaði með PGA-golfkennara, Justin Stout, í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans ásamt því að nota kírópraktískar aðferðir til að auka hreyfanleika iðkenda.*

# Fagmennska bylti golfinu

**Það dylst engum sem leikur golf á Íslandi að sífellt rýmri tími gefst til golfiðkunar. Golfklúbbarnir opna fyrr á vorin og spilað er á sumarflötum langt fram á haust – eða jafnvel allan veturinn.**



**URRIÐAVÖLLUR** Golfklúbburinn Oddur státar af einum alfegursta golfvelli á Íslandi. Hannes Þorsteinsson hannaði völlinn frá grunni eins og fjölmarga aðra velli hér á landi. Urriðavöllur var vígður árið 1997. MYND/GSÍ

Hannes Þorsteinsson golfvallahönnuður hefur fylgst náið með þróun golfíþróttarinnar á Íslandi undanfarin 35 ár. Hann segir það liggja í augum uppi að breytt veðrátta hér á landi eigi stóran þátt í því hversu miklu lengur hægt er að leika golf en annað kemur til sem skiptir ekki síður máli, en það er aukin fagmennska við allt sem viðkemur umsjón golfvallanna.

Hannes er einn þeirra sem stofnuðu Golfklúbbinn Leyni á Akranesi, þá þrettán ára gamall. Hann hefur því alist upp með íslensku golfi og séð þær miklu breytingar sem hafa orðið á tiltölulega stuttum tíma. „Hér hafa orðið byltingar með fárra ára millibili. Hér var áhugamennska ríkjandi lengi vel og sumarstarfsmenn ráðnir til að sjá um allt sem viðkom umsjón vallana. Skólarnir þurftu að klárast áður en nokkuð var gert, sagði einhver í gríni. Ég held að sannleikskorn felist í því," segir Hannes. „Þá þurfti mann á sláttuvél og einhvern til að dreifa ódýrum áburði."

Hannes segir að á stuttum tíma hafi orðið til atvinnumennska í íslensku golfi. Til sögunnar komu atvinnumenn í golfkennslu, framkvæmdastjórn og við umhirðu vallanna. Sama má segja um golfskálana sem hafa verið byggðir og þar sem menntaðir kokkar hafa tekið að sér veitingasölu.

„Það má rekja þetta til áranna á milli 1990 og 2000. Þá fór hópur manna í nám sem sást fljótlega á íslensku völlunum," segir Hannes sem telur að á milli 40 og 50 manns hafi lært golfvallarfræði. Langflestir hafa sótt til Elmwood College í Skotlandi, virtasta skóla Bretlandseyja í þessu fagi.

„Það hentar vel. Skoski skólinn, ef svo má segja, leggur áherslu á að viðhalda því náttúrulega. Þeir nota til dæmis lítið sem ekkert af áburði, en síðast var borið á gamla völlinn í St. Andrews árið 1987. Þar er verið móta þéttan svörð; en bændur sjá um að rækta gras," segir Hannes hlæjandi. „Þetta var okkar strákum kennt en vestan hafs hafa menn frekar mótað landið eftir sínu höfði."

Hannes hefur sjálfur hannað á milli 30 og 40 golfvelli á Íslandi. „Þetta hef ég haft að leiðarljósi í minni hönnun; að leggja vellina í landið. Enda er heiður að fá að leggja nýjan golfvöll í íslenskri náttúru." svavar@frettabladid.is

## Eitt og annað um golfvallarfræði

- Hér á landi hafa um 40 til 50 einstaklingar sótt sérstaka golfvallarmenntun til Elmwood Collage í Cupar í Skotlandi.
- Gera má ráð fyrir að um 231 golfhola sé fyrir hverja 100 þúsund íbúa á Íslandi, sem er heimsmet. Næst á eftir kemur svæði í Kanada með um 63 holur fyrir hverja 100 þúsund íbúa.
- Rekstrarkostnaður 18 holu vallar er um 12-25 milljónir á ári.
- Uppbygging hverrar golfholu er áætlaður um tíu milljónir.
- Leikhæfur völlur er tilbúinn svo vel megi vera eftir 3-5 ár.
- Það eru fyrst og fremst vallarsveifgras, túnvingull og rýgresi sem sáð er í teiga hér á landi.
- Til eru klúbbar hér á landi sem taka sýni eða láta taka jarðvegssýni af mismunandi svæðum golfvallarins og láta greina fyrir sig erlendis. Þannig eru dæmi um það að sýni séu tekin á flötum og greind hjá TurfCare Group Irish Turfcare Ltd – AnaLync og leiðbeiningar fengnar um áburðardeifingu út frá niðurstöðum efnarannsókna.
- Loftun vallar er mikilvæg til að losa um þéttan jarðveginn án þess að eyðileggja grassvörðinn. Þetta auðveldar aðgang róta að vatni og næringarefnum. Loftun er framkvæmd þegar jarðvegurinn er í meðallagi rakur.



**ÁTJÁNDA Í GRAFARHOLTI** Fátt ef nokkuð er eins mikilvægt og góðar flatir. Hér reynir á fagmennskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Heimild: Ásdís Helga Bjarnadóttir, Golfvellir - umhirða og viðhald, niðurstöður könnunar sem gerð var meðal golfvallarstarfsmanna, Rit Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 8. (2006).*

Vetrargolf:

## Opið fram eftir vetri í Leiru

Hólmsvöllur í Leiru verður opin fram eftir vetri og nú hefur vallargjaldið á vellinum verið lækkað fyrir þá kylfinga sem ekki eru meðlimir GS. Frá og með 4. október var vallargjaldið lækkað niður í 1.990 krónur. Við þetta falla vinavallasamningar úr gildi, eins og greint er frá á kylfingur.is.

Veðurspá er óvenju hagstæð fyrir komandi mánuð og verður því hægt að leika golf við góðar aðstæður lengur en oft áður. Opið verður inn á sumarflatir á Hólmsvelli og er hægt að panta rástíma ef hentar. - shá



**HÖFÐINGJAR** Þessi mynd er tekin 31. janúar 2006 og er til marks um að golfiðkun er ekki bundin við sumarmánuðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mót enn í gangi:

## Golf um jól og um áramótin

**Öfugt við það sem margur heldur þá eru haldin golfmót reglulega á íslenskum golfvöllum þrátt fyrir að veður og vindar geri slíkt mótahald erfitt á stundum.**

**Á heimasíðu Golfsambands Íslands, golf.is, eru 43 mót fyrirhuguð það sem eftir lifir árs. Flest eru þau skráð í október, til dæmis stendur GR fyrir mótaröð í október; Opnu mótaröðinni þar sem keppt er sex sinnum (ef veður leyfir).**

**Það er staðfest í mótaskrá GSÍ að Austfirðingar eru duglegastir við mótahald. Fram kemur að Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs stendur fyrir golfmóti Schnillinganna á aðfangadag jóla og hjá Golfklúbbi Hornafjarðar er ráðgert að halda Áramótastemningu. Já, þann 31. desember.** - shá



**LEIRAN** Vallarmet íslenskra kylfinga verða loksins skráð á einn stað.

Kylfingur.is í átaki:

## Öllum vallarmetum safnað

Kylfingur.is hefur ákveðið að blása til átaks þar sem vallarmetum á öllum golfvöllum landsins verður safnað saman. Á næstu vikum munu öll vallarmet úr hverjum landsfjórðungi fyrir sig verða birt á síðunni; fyrst af Suðurnesjum. Farið verður hringinn þar til allir golfvellir Íslands hafa skilað inn vallarmetum.

Kylfingur.is hvetur alla golfklúbba landsins til að senda vallarmetin úr sínum golfklúbbum, (af öllum teigum), á veffangið jjk@vf.is. - shá




**Munum eftir að kveikja útiljósin!**

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking

Pósthúsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is


## Golf á landsbyggðinni: Vestarr í Grundarfirði

Það voru þeir Páll Guðmundsson, Bent Russel, Gunnar Kristjánsson, Magnús Álfsson og Friðrik Clausen sem fengu þá hugmynd að byggja upp golfvöll í Grundarfirði árið 1995. Í framhaldi af því stofnuðu þeir klúbbinn Vestarr og myndaði hópurinn fyrstu stjórn hans. Fyrsti formaður var Páll Guðmundsson.

Fyrsta verk stjórnar var að semja við Njál Gunnarsson í Suður-Bár um landið þar sem Bárarvöllur var síðar byggður. Hannes Þorsteinsson golfvallarhönnuður var fenginn til að hanna 18 holu golfvöll, enda menn stórhuga strax í upphafi. Fyrsta árið fór vel af stað og félagar strax fyrsta árið 49 talsins. Félagar eru 117 í dag.



**3. HOLA** Sú fallegasta á vellinum. Hún er 426 metra par 5 af gulum teig og 367 af rauðum. MYND/GOLFKLÚBBURINN VESTARR

Þórður Magnússon gjaldkeri segir að félagsstarfið sé fyrst og síðast unnið í sjálfboðavinnu. Völlurinn hefur tekið breytingum og verið bættur jafnt og þétt. Hins vegar liggur fyrir að 18 holu völlur verður ekki byggður. Hins vegar stendur til að leggja metnað, og tilfallandi fé til framkvæmda, í að gera 9 holu völlinn sem fyrir er betri.

Að sögn Þórðar er völlurinn vannýttur en hann telur hagstætt fyrir golfklúbbana á Snæfellsnesi, en þeir eru fjórir, að ráðast í kynningarátak fyrir ferðamenn. Það sé nærtækt þar sem ríkt samstarf sé á milli þeirra nú þegar.

# HAUST sprengja!

STÓR-ÚTSALA!

**20-80% afsl.**

**Á HÁGÆÐA ÚTIVISTARVÖRUM, FATNAÐI OG SKÓM!**

**AUSTURHRAUNI 3, GARÐABÆ**

NÝR VETRARFATNAÐUR FRÁ KETCH Á FRÁBÆRU VERÐI!




FLOTTAR JÓLA-GJAFIR!




## Fyrsta flokks vörumerki á ótrúlegu verði!

Komdu strax og nældu þér í gæðavörur á frábæru verði. Allt fyrir hreyfingu, útivist og ferðir vetrarins. Flottar jólagjafir fyrir alla ættingja og vini og góðar skjólflíkur á börn sem fullorðna.

**Opið:**

| | |
|---|---|
| Virka daga | kl. 10-18 |
| Laugardag | kl. 11-16 |
| Sunnudag | kl. 12-16 |

A3 OUTLET CENTER

Austurhrauni 3 ▪ Garðabæ ▪ Sími 533 3811

O'NEILL · SEAFOLLY · casall · Teva · CINTAMANI DRESS CODE ICELAND · asics

DYNAMO REYKJAVIK

> **LL Cool J**

„Ég reyni að gera það rétta þegar kemur að peningum. Spara dollara hér og þar, klippa út afsláttarmiða. Kaupa bara tíu gullhálsfestar í stað tuttugu. Eiga fjögur sumarhús frekar en átta.“

***LL Cool J leikur eitursvala lögreglufulltrúann Sam Hanna í spennuþáttaröðinni NCIS: Los Angeles sem er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 20.40 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ LÖGGUÞÁTTINN LIFE ON MARS

# *Tvær fyrrverandi stjörnur í vandræðum*

Nýlega sá ég á einn þátt í sjónvarpsþáttaröðinni Life on Mars. Umfjöllunarefnið var ekki plánetan rauða heldur var þarna á ferðinni endurgerð samnefnds bresks þáttar sem var framleiddur af BBC fyrir nokkrum árum. Söguþráðurinn var á þann veg að rannsóknarlögreglumaður lendir í bílslysi og á einhvern dularfullan hátt fer hann aftur í tímann á áttunda áratuginn. Gæti verið ágætt efni í gamanþátt en sem lögguþáttur gekk hann engan veginn upp. Það kom aftur á móti á óvart að sjá þar sjálfan Harvey Keitel í einu af aðalhlutverkunum, með áberandi litað hárið. Hann hefur hingað til lítið komið nálægt sjónvarpsleik, enda upptekinn við að leika í toppmyndum á borð við Pulp Fiction, Reservoir Dogs og Taxi Driver. Hann hefur greinilega litið á Life on Mars sem tækifæri til að fá vel borgað í öruggu starfi næstu árin, enda farinn að reskjast karlinn. Því miður fyrir hann entust þessir þættir ekki lengi því aðeins sautján voru framleiddir. Annar kunnur leikari kom þarna við sögu, Michael Imperioli úr Sopranos-þáttunum. Eitthvað virðist hann eiga erfitt með að ná sér á strik eftir að Sopranos lauk göngu sinni því hvorki hefur gengið né rekið hjá honum að undanförnu. Flestir þættir sem hann leikur í hætta göngu sinni og hann virðist heldur ekki eiga upp á pallborðið í kvikmyndabransanum.

Að sjá þessar tvær fyrrverandi stjörnur hvíta tjaldsins og sjónvarpsins leika í þessum frekar misheppnaða lögguþætti var sorglegt en vonandi ná þeir sér aftur á strik á komandi árum.



**LIFE ON MARS** Harvey Keitel og Michael Imperioli fóru með hlutverk í þáttaröðinni Life on Mars.

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Athöfn var helguð hver ævinnar stund** Þáttur um Guðmund Hannesson lækni og byggingarfrömuð.
**16.30 Kiljan** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (10:13)
**17.50 Herramenn** (43:52)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Bombubyrgið** (5:26) (Blast Lab)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Martin læknir** (5:8) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham.
**20.50 Bræður og systur** (74:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.35 Nýgræðingar** (165:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.



**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (7:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**23.05 Himinblámi** (17:24) (Himmelblå III) Norskur myndaflokkur sem gerist á eynni Ylvingen norðarlega í Noregi. (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.15 Fréttir** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**10.00 Four Weddings And A Funeral**
**12.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**14.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**16.00 Four Weddings And A Funeral**
**18.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**20.00 Showtime**
**22.00 The Thomas Crown Affair**
**00.00 Grilled**
**02.00 Tsotsi**
**04.00 The Thomas Crown Affair**
**06.00 What Happens in Vegas...**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (6:18)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (16:25)
**13.45 The O.C. 2** (2:24)
**14.30 La Fea Más Bella** (248:300)
**15.15 La Fea Más Bella** (249:300)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.43 Latibær** (6:18)
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (1:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (23:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (20:24)
**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:10)
**20.40 NCIS: Los Angeles** (8:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles.
**21.25 The Closer** (14:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.



**22.10 The Forgotten** (12:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**22.55 Mér er gamanmál** Ný íslensk gamanþáttaröð með Frímanni Gunnarssyni. Lífskúnstnerinn ferðast um Norðurlöndin og Bretland til að hafa uppi á fremstu grínurum þjóðanna.
**23.25 The Pacific** (3:10) Magnaðir verðlaunaþættir frá framleiðendum Band of Brothers.
**00.20 Day Watch**
**02.25 Undisputed II: Last Man Standing**
**04.00 Dirt**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**16.45 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**17.10 Upphitun** Hitað upp fyrir Iceland Express deildina í körfubolta sem verður á dagskrá Stöðvar 2 Sport í vetur.
**18.10 Grillhúsmótið** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.



**18.45 Ísland - Skotland** Bein útsending frá leik Íslands og Skotlands í umspili fyrir lokakeppni EM U21.
**21.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.
**21.30 European Poker Tour 5** Sýnt frá Evrópumótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í Dortmund.
**22.20 Main Event** Sýnt frá The Main Event á World Series of Poker.
**23.15 Ísland - Skotland** (e)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Stoke - Blackburn** Enska úrvalsdeildin.
**20.00 Premier League World 2010/11** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Football Legends - Figo** Í þessum þætti verður fjallað um hinn feykilega skemmtilega portúgalska leikmann Figo. Ferill Figo verður krufinn til mergjar og farið verður í gegnum hans helstu afrek á ferlinum.
**20.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.50 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 West Ham - Fulham** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (3:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Árshátíðarsjónvarp Skólafélags MR**
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Parenthood** (1:13) (e)
**16.35 Dr. Phil**
**17.15 Rachael Ray**
**18.00 America's Next Top Model** (1:13) (e)
**18.50 Real Hustle** (2:8)
**19.15 Game Tíví** (4:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway** (6:20)
**20.10 The Office** (7:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
**20.35 Hæ Gosi** (2:6) Ný íslensk gamansería þar sem tekið er á alvöru málefnum.
**21.05 House** (7:22) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða dr. Gregory House.
**21.55 CSI: Miami** (2:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga.
**22.45 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.



**23.30 Nurse Jackie** (1:12) (e)
**00.00 United States of Tara** (1:12) (e)
**00.30 Last Comic Standing** (4:14) (e)
**01.15 CSI: New York** (15:25) (e)
**02.00 Jersey Girl** (e)
**03.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**12.30 European Tour 2010** (1:4)
**16.30 Golfing World** (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World** Daglegur fréttaþáttur.
**18.50 European Tour 2010** (1:4) (e)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 European Tour - Highlights** (e)
**23.40 Golfing World** (e)
**00.30 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Grey's Anatomy** (17:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Pretty Little Liars** (6:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**22.35 Grey's Anatomy** (2:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.20 Medium** (3:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
**00.05 Nip/Tuck** (2:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
**00.50 The Doctors**
**01.30 Grey's Anatomy** (17:17)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar um stöðu virkjunaráætlana.
**21.00 Under feldi** Frosti og Heimir um Evrópumálin í nýju ljósi.
**21.30 Eldum íslenskt** Brakandi íslenskir bragðlaukar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10
### Eldsnöggt með Jóa Fel

Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Hann snýr nú aftur ferskari en nokkru sinni fyrr til að kenna okkur að elda gómsæta rétti án mikillar fyrirhafnar og af hjartans lyst. Í kvöld galdrar Jói fram dýrindis villikryddaða lambasteik, kirsuberjatómatapasta og ljúffengan eftirrétt – pavloa með ís.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Stormur
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.30** Leikritakvöld Útvarpsins: Zykov fólkið
**00.05** Næturtónar

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun







## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Epic á Restaurant 73. Þarna fær maður 300 gramma hamborgara og hugsar svo ekki um mat næstu fjóra klukkutímana.“*

Anton Traustason framkvæmdastjóri.

# Jakob Frímann nær loks fram hefndum

Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon verður spyrill í spurningakeppninni Drekktu betur á Bar 46 við Hverfisgötu á föstudaginn en um helgina verður blásið til sérstakrar Lista- og ölhátíðar á staðnum. Þar ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, svo sem tónleika, frumsýningu heimildarmyndar um efnahagshrunið eftir Þorfinn Guðnason og nýtt leikrit eftir leikhópinn Peðið. Þá munu blaðamaður og Breiðavíkurdrengur bjóða gestum upp á kreppusúpu.

En vafalítið verður mesta spennan í kringum spurningakeppni Jakobs sem hyggst með henni kveða niður átta ára gamlan draug. „Þetta gæti verið leið mín til að ná jafnvægi og einhverri sætri hefnd á þessari opinberu niðurlægingu fyrir átta árum,“ segir Jakob í samtali við Fréttablaðið, augljóslega ekki búinn að gleyma óförunum gegn Jónsa og félögum Í svörtum fötum í Popppunkti. „Þeir einir sem hafa þurft að lúta í gras geta risið upp aftur og horfst í augu við umheiminn með þeirri auðmýkt og mennsku sem er eitt af okkar meginverkefnum í lífinu.“ Jakob er þegar farinn að undirbúa sig en vildi ekki gefa of mikið upp um spurningarnar. „Það verður djúpt kafað og hátt reitt til höggs þannig að þeir sem eru milli himinskauta og iðra djúpanna munu ramba á rétt svör,“ segir Jakob og lofar því að sumir muni sitja eftir með stórt spurningarmerki á enninu. „Það er hreinlega spurning hvort nokkur treysti sér, hvort einhver mæti hreinlega.“

- fgg



**ÞUNGAR SPURNINGAR** Jakob Frímann er ekki búinn að gleyma þeirri opinberu niðurlæginu þegar Stuðmenn voru rassskelltir af Í svörtum fötum í fyrsta þætti Popppunkts fyrir átta árum. Hann hyggst láta gáfumennin svitna á Bar 46 um helgina.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/10 kl. 20:00 frums U | Lau 30/10 kl. 20:00 4.sýn Ö | Fim 11/11 kl. 20:00 8.sýn Ö |
| Lau 16/10 kl. 20:00 2.sýn Ö | Sun 31/10 kl. 20:00 5.sýn Ö | Fös 12/11 kl. 20:00 9.sýn |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. Ö | Fös 5/11 kl. 20:00 6.sýn Ö | |
| Lau 23/10 kl. 20:00 3.sýn Ö | Lau 6/11 kl. 20:00 7.sýn Ö | |



**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 9.10. Kl. 13:00 U | Sun 17.10. Kl. 13:00 U | Sun 24.10. Kl. 13:00 |
| Lau 9.10. Kl. 15:00 U | Sun 17.10. Kl. 15:00 Ö | Sun 24.10. Kl. 15:00 |
| Lau 16.10. Kl. 13:00 U | Lau 23.10. Kl. 13:00 Ö | |
| Lau 16.10. Kl. 15:00 U | Lau 23.10. Kl. 15:00 | |



**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.10. Kl. 20:00 U | Lau 23.10. Kl. 20:00 U | Lau 6.11. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 9.10. Kl. 20:00 U | Fös 29.10. Kl. 20:00 Ö | Fim 11.11. Kl. 20:00 |
| Fös 15.10. Kl. 20:00 U | Lau 30.10. Kl. 20:00 Ö | Fös 12.11. Kl. 20:00 |
| Lau 16.10. Kl. 20:00 U | Sun 31.10. Kl. 20:00 Ö | Lau 13.11. Kl. 20:00 |
| Fim 21.10. Kl. 20:00 aukas. U | Fim 4.11. Kl. 20:00 Ö | |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 U | Fös 5.11. Kl. 20:00 Ö | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 8.10. Kl. 19:00 U | Fim 28.10. Kl. 19:00 U | Mið 24.11. Kl. 19:00 aukas. |
| Sun 17.10. Kl. 19:00 U | Mið 3.11. Kl. 19:00 aukas. Ö | Fim 25.11. Kl. 19:00 aukas. |
| Sun 24.10. Kl. 19:00 U | Sun 7.11. Kl. 19:00 Ö | Lau 11.12. Kl. 19:00 aukas. |
| Þri 26.10. Kl. 19:00 U | Mið 10.11. Kl. 19:00 Ö | Sun 12.12. Kl. 19:00 aukas. |
| Mið 27.10. Kl. 19:00 U | Sun 14.11. Kl. 19:00 Ö | Ö |



**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fim 21.10. Kl. 20:00 U | Lau 13.11. Kl. 20:00 |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 Ö | Fim 18.11. Kl. 20:00 |
| Fim 4.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 Ö |

Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.

Leikhúskortið 2010/2011


## LOGI GEIRSSON: UNDIR NIÐRI ERU ALLIR VIÐKVÆMAR SÁLIR

# Ég sker mig inn að beini

„Þessi bók er eins einlæg og djúp og hægt er. Ég kemst ekki nær mér og sker mig inn að beini,“ segir handboltakappinn Logi Geirsson.

Logi sendir frá sér bókina 10 10 10 - atvinnumannssaga Loga Geirssonar á sunnudaginn, en þá fagnar hann einnig 28 ára afmæli sínu. Í einum af athyglisverðari köflum bókarinnar fjallar Logi um æskuár sín á afar hispurslausan hátt, en hann var seinþroska sem hafði mikil áhrif á hann. Logi viðurkennir að það hafi farið um hann þegar hann las umræddan kafla, enda verður hann bráðum öllum aðgengilegur í bókinni.

„Jú, jú, auðvitað er það erfitt,“ segir hann. „Þetta er það sem ég var að keppa við alla mína æsku. En ég er ekkert að fela þetta, enda kominn með skel utan um mig eins og fullorðinn maður. Þetta var stórt mál fyrir mig. Mig langaði að sýna fólki að ég er ekki bara maðurinn sem það sér í fjölmiðlum. Undir niðri eru allir viðkvæmar sálir.“

Logi telur að margir eigi eftir að finna sig í bókinni og að með henni sé hann að sýna gott fordæmi. „Það er gaman fyrir þá sem eru ekki bestir í yngri flokkunum að vita að maður á ekki að hætta, heldur fara sínar eigin leiðir,“ segir hann. „Mér fannst vanta svona bók. Það er stundum sagt að ef það er ekki til bók sem mann langar hrikalega að lesa sjálfur, þá skrifi maður hana bara sjálfur.“

Logi ítrekar að bókin sé ekki ævisaga heldur fjalli hún um atvinnumennskuna og allt sem tengist henni. „Ég tala miklu meira um erfiðleikana og tilfinninguna að vera atvinnumaður heldur en að fara yfir hvernig mér gekk í einstaka leikjum,“ segir hann. „Ég er ekki að tala um hvað ég skoraði mörg mörk, þó ég hrósi mér á einstaka stað í bókinni – það er bara eins og ég er.“

Þú telur ekki upp hvenær þú varst maður leiksins?

„Nei, þetta eru skuggahliðarnar og það sem fólk sér ekki þegar það horfir á sjónvarpið og sér persónuna Loga Geirsson spila. Mig langar að sýna hvað er þarna á bak við. Allur undirbúningur, í hverju maður er að lenda rétt fyrir leiki.“

**atlifannar@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**EINLÆGUR** Logi Geirsson leggur spilin á borðið í bók sem kemur út á sunnudaginn.

### TREYSTI SÉR EKKI Í STURTU MEÐ HINUM

Þeir voru allir orðnir 20 sentimetrum hærri en ég og komnir með hár á punginn – ég var nauðasköllóttur að neðan. Það var mjög erfitt að horfa upp á alla verða kynþroska langt á undan mér.
[…] Ég treysti mér til að mynda ekki til þess að fara í sturtu með hinum, hvort sem það var eftir æfingar eða í leikfimi í skólanum og tókst að komast hjá því öll unglingsárin, sem er líklega met.
[…] Þegar ég var orðinn 17 ára og kominn upp í meistaraflokk var ég enn að forðast sturtuna. Feimnin var svo yfirgengileg. Það var ekki fyrr en ég var orðinn 21 árs og kominn til Lemgo sem ég ákvað að kýla á það og fara í sturtu eins og allir hinir.

*Úr bókinni 10 10 10 - atvinnumannssaga Loga Geirssonar.*


## Spilakvöld og útgáfuhóf
### í Bókabúð Máls og menningar




**Útgáfuhóf kl. 17:00**

Ferð til fjár er ætluð öllum sem vilja bæta fjármálalæsi sitt eða sinna nánustu. Bókin fjallar um fjármál einstaklinga og hvernig megi á einfaldan hátt búa þannig í haginn að fjármálin verði sjálfsagður hluti af tilverunni.




**Spilakvöld kl. 20:00**

Spilavinir leiða gesti í allan sannleikann um nýja fjölskyldu- og partýspilið Dixit sem hlotið hefur fjölda verðlauna og nú síðast hin virtu verðlaun Spil ársins 2010 í Þýskalandi.

Einnig verður haldin keppni í Jungle Speed og skorið úr um hver er meistari keflisins!



Spilavinir

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


# Anita nýtur lífsins á tökustað

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu mun Anita Briem leika stórt hlutverk í bandarísku kvikmyndinni Elevator. Anita hefur í nægu að snúast því verkefnin hafa smám saman verið að hrannast upp og ekki má gleyma því að hún gekk í það heilaga fyrr í sumar. Á sömu grísku eyjunni og Mamma Mía! var tekin upp.

Fréttablaðið náði tali af Anitu þegar hún var nýkomin heim af tökustað. „Við hófum tökur fyrir rúmri viku og ég er í skýjunum. Því að vera í kringum svona hæfileikaríkt og reynslumikið fólk eins og Shirley [Knight] og John [Getz] er svo gott fyrir sálina,“ útskýrir Anita en Shirley þessi hefur í tvígang verið tilnefnd til Óskarsverðlauna og hlotið ótal aðrar viðurkenningar á sínum ferli. John Getz hefur unnið með leikstjórum á borð við David Fincher og Coen-bræður og veit því alveg hvernig heimurinn snýst. „Ég hef aðeins verið að heyra ofan í hann um hvernig þeir vinna,“ segir Anita.

Elevator fjallar um níu manneskjur sem lokast saman í lyftu og vita að einn þeirra er með sprengju. „Það veltur því allt á því hvernig við leikararnir vinnum saman og hvernig samböndin og sögurnar sem við sköpum á milli okkar þróast. Við erum að vinna langa daga undir stundum erfiðum kringumstæðum en ég kem heim brosandi.“

- fgg



**NJÓSNAR UM COEN-BRÆÐUR** Anita Briem njósnar um það hjá meðleikara sínum John Getz hvernig stórleikstjórinn David Fincher og Coen-bræður vinna. Hún segir tökudaga á Elevator vera langa en hún komi brosandi heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Auglýsingasími
512 50 50



# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

# Bolabrjálæði!

Allir bómullar bolir

# 599,-



Kvenmannsbolir, margir litir



HERRA BÓMULLARBOLIR
Margar gerðir og litir.



Kvenmannsbolir, margir litir






Kvenmannsbolir, margir litir



Kvenmannsbolir, margir litir



HERRA BÓMULLARBOLIR
Margar gerðir og litir.

WWW.GULAHUSID.IS

Meðan birgðir endast !

OPNUNARTÍMI:
MÁN TIL FÖS: 10 – 20
LAUG: 10 – 18, SUNNUD 12 – 17

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fá góðan dóm

Leikhópurinn Vesturport hefur fengið misjafna dóma hjá breskum gagnrýnendum fyrir uppsetningu sína á Faust eins og sjá má á vefsíðunni whatsonstage.com. Flestir gefa sýningunni þrjár stjörnur en á því eru þó undantekningar. Independent gaf henni til að mynda ákaflega góða dóma og nýverið birtist dómur í Time Out, þar fá **Gísli Örn Garðarsson** og félagar fjórar stjörnur af fimm. Og sýningin er sögð vera sú eftirtektarverðasta í London.



### Ný stikla

Nú styttist óðum í að kvikmyndin Inhale í leikstjórn **Baltasars Kormáks** verði frumsýnd í völdum kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum. Áætlað er að það verði hinn 22. október. Ný stikla úr myndinni er komin á netið og óhætt hægt að fullyrða að hinn hægi, dökki og listræni skandinavíski stíll víki fyrir eilítið hraðari og sólbrúnni áferð frá Mexíkó enda gerist myndin að mestu leyti á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó.



- fgg

## Mest lesið vísir.is

1. Hvers vegna er verið að styrkja listamenn?
2. Stjórnarandstaðan mætti ekki á fund ráðherra
3. Lesblindir ánægðir með Snilldarlausnir Marel
4. Lúbarði þjón sinn og kyrkti hann
5. Íslensk þjóð ekki reiðubúin fyrir blessun Guðs
6. Óður hrafn drepinn á Akranesi







